

Dagskrá Menntakviku 2018

Menntavísindasvið Háskóla Íslands v/Stakkahlíð, 105 Reykjavík

„Haltu í höndina á mér og ekki sleppa“. Gefandi samskipti – ungt fólk, foreldrar og vinir

Stofa H-001

9:00 – 10:30

Rannsóknastofan Lífshættir barna og ungmenna

Sigrún Aðalbjarnardóttir

„Hæfni í samskiptum er alltaf lykillinn að ákveðinni velgengni“: Uppeldi, samskiptahæfni, sjálfsmynd og líðan

Sigrún Aðalbjarnardóttir, prófessor, MVS, HÍ

Framtíðin er að mörgu leyti óræð. Því hefur m.a. verið spáð að af börnum, sem eru í skóla nú á tímum, muni 65% þeirra vinna við störf sem ekki eru til í dag. Störfín á því öll eftir að skapa. Stóra spurningin er hvernig megi búa börnin undir framtíðina, hvaða veganesti gagnist þeim best í lífinu. Svörin eru margvísleg en einn þeirra þátta sem fólk er sammála um er að mikilvægt sé fyrir þau að búa yfir góðri samskiptahæfni. Það sé brýnt fyrir farsæld fólks í samtíð og framtíð. Í erindinu verður hugað að þætti foreldra í að efla þessa hæfni. Fjallað verður um mismunandi uppeldishætti foreldra og hvernig þeir tengjast samskiptahæfni ungmenna. Niðurstöðurnar byggjast á langtímarannsókninni Samskipti, áhættuhegðun og styrkleikar ungs fólks þar sem heilum árgangi í Reykjavík er fylgt eftir með spurningalistum frá 14 til 22 ára aldurs. Viðtöl voru einnig tekin við 15 þeirra um uppeldishlutverkið þegar þau voru orðin foreldrar 33 ára. Eindregnasta niðurstaðan er sú að unglingar sem upplifa foreldra sína sem „leiðandi“ (samræður, hlýja, mörk) sýna almennt betri samskiptahæfni en unglingar sem upplifa þá sem eftirláta, skipandi eða afskiptalaus. Þeir setja sig í spor annarra í ríkari mæli; þeir eru færari í að greina á milli mismunandi sjónarmiða og þeir sýna meiri hæfni í að samhæfa þau. Jafnframt verður skoðað hvort samskiptahæfni unglínganna geti verið verndandi þáttur hvað varðar sjálfsálit þeirra, trú á eigin sjálfsstjórn og líðan þegar tillit er tekið til uppeldishátta foreldra. Samhliða verða gefin dæmi um áherslur þessa unga fólks við 33 ára aldur á mikilvægi þess að foreldrar hlúi að samskiptahæfni barna sinna.

Hvað segja feður og mæður um uppeldissýn sína?

Hrund Þórarins Ingudóttir, lektor, MVS, HÍ, og Sigrún Aðalbjarnardóttir, prófessor MVS, HÍ

Ljóst er að foreldrar, bæði mæður og feður, gegna mikilvægu hlutverki við að hlúa að almennum þroska og velferð barna sinna. Brýnt er að vera í stöðugri leit að því hvernig best megi standa að uppeldi barna og styrkja foreldra í þessu ábyrgðarmikla hlutverki. Ein leið er að skoða uppeldissýn foreldra. Fjallað verður í erindinu um uppeldissýn beggja foreldra hjá þremur þörum. Rannsóknin er hluti stærri rannsóknar þar sem markmiðið er að öðlast dýpri þekkingu og skilning á uppeldissýn feðra og mæðra. Í því skyni voru tekin viðtöl við foreldra rúmlega 20 barna, bæði feður og mæður. Viðtölin eru greind með eigindlegum aðferðum. Í erindinu verða dregin fram gildi, markmið og uppeldisaðferðir bæði föður og móður hjá hverju paranna þriggja. Samanburður verður jafnframt gerður á uppeldissýn feðra og mæðra hjá hverju pari. Ríkari skilningur á uppeldissýn foreldra er mikilvægt framlag til rannsókna á foreldrahlutverkinu og ætti hafa gildi bæði fyrir foreldrana sjálfa og fagfólk sem starfar með foreldrum.

Hvernig má styrkja samkennd ungs fólks í nútímasamfélagi?

Ragný Þóra Guðjohnsen, lektor MVS, HÍ, og Sigrún Aðalbjarnardóttir, prófessor, MVS, HÍ

Ungt fólk tekst á við ýmis krefjandi verkefni á tímabilinu í aðdraganda fullorðinsáranna. Eitt af þeim verkefnum er að móta hlutverk sitt sem borgara. Mikilvægur þáttur borgaravitundar er að eiga góð samskipti og huga að hag annarra. Í því felst að hafa samkennd með líðan og aðstæðum annarra. Niðurstöður rannsókna þar sem skoðuð hefur verið samkennd ungs fólks hafa gefið vísbendingar um að ungt fólk í nútímasamfélagi sýni minni samkennd og meiri tilhneigingu til sjálfselsku, einstaklingshyggju og efnishyggju en fyrri kynslóðir. Þessir þættir hafa í rannsóknum haft neikvæða tengingu við samkennd og umhyggjusama hegðun. Frekari rannsókna er þörf en ljóst er að mikilvægt er að hlúa að samkennd ungs fólks og skoða hvaða þættir styðja hana. Með þetta í huga eru í rannsókn okkar skoðuð tengsl tveggja þátta, upplifunar ungmenna af þátttöku í sjálfböðastarfi og uppeldishátta foreldra, við samkennd þeirra. Lagðir voru spurningalistar fyrir valinn hóp ungmenna í grunn- og framhaldsskólum (N=1042; 14 og 18 ára). Jafnframt var leitað eftir skilningi þeirra á samkennd gagnvart samborgurum með því að taka viðtöl við þau ári eftir að þau svöruðu spurningalistum (N=21). Í erindinu verða niðurstöður kynntar og þær settar í samhengi við fræðilega umræðu um samkennd og borgaralega hegðun.

Að gefa ráð eða halda í hönd: Félagslegur stuðningur og ungt fólk af erlendum uppruna

Eyrún María Rúnarsdóttir, doktorsnemi, MVS, HÍ

Rannsóknir sýna að félagslegur stuðningur fjölskyldu og vina er þýðingarmikill fyrir vellíðan og velferð ungs fólks. Þessi stuðningur gegnir verndarhlutverki við krefjandi aðstæður, líkt og flutning milli landa, en er einnig mikilvægur við hversdagslegar kringumstæður. Niðurstöður íslenskra rannsókna á vellíðan og velferð ungmenna af erlendum uppruna benda til þess að gera megi betur til að bæta aðstæður þeirra og beinist erindið að þeim hópi. Fjallað verður um það hvernig félagslegur stuðningur tengist líðan og lífsánægju unglunga eftir uppruna (íslenskur/erlendur). Þá verða tegundir stuðnings (tilfinningalegur stuðningur, hagnýtur stuðningur, ráðgefandi stuðningur, efnislegur stuðningur) skoðaðar eftir því hvort hann kemur frá foreldrum eða vinum. Gögnum var safnað á vormisseri 2018 í níu grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Alls svöruðu 806 unglingar í 8., 9. og 10. bekk nafnlausum spurningalista sem lagður var fyrir í kennslustund og var svarhlutfall 82%. Niðurstöður benda til þess að unglingar sæki meiri félagslegan stuðning til foreldra en vina og að unglingar af erlendum uppruna hafi að jafnaði minni aðgang að stuðningi foreldra en íslenskir unglingar. Í erindinu verður rýnt nánar í niðurstöðurnar í tengslum við líðan og lífsánægju unglunga og skoðað hvort stuðningur sé sams konar hver sem uppruni vinar er. Með auknum skilningi á þætti félagslegs stuðnings í líðan unglunga má skapa aðstæður og hvata til stuðnings við börn og ungmenni í aðlögun þeirra að nýju samfélagi. Mikilvægt er að sá stuðningur sé þannig að hann nýtist sem best.

Seigla og velfarnaður nemenda í grunnskólastarfi

Stofa H-001

10:45 – 12:15

Jákvæð sálfræði í menntavísindum

Ingibjörg Kaldalóns

Starfshættir grunnskóla með sjálfsábyrgð, grósku og merkingarbært nám að leiðarljósi

Ingibjörg Kaldalóns, lektor, MVS, HÍ

Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á starfshætti í grunnskóla sem hefur sjálfsákvörðunarkenningu að faglegu leiðarljósi. Samkvæmt kenningunni þurfa starfshættir skóla að beinast að því að mæta sálfræðilegum grunnþörfum nemenda fyrir sjálfræði, hæfni og félagstengsl. Rannsóknir hafa sýnt að sé þessum þörfum nemenda mætt, þá stuðli það að auknum áhuga, sjálfsstjórn og velfarnaði, sem og þeirri upplifun að lífið hafi merkingu og tilgang. Rannsóknir í

Íslenskum grunnskólum út frá sjálfsákvörðunarkenningum eru fátíðar, en rannsókn frá 2015 sýnir að stuðningur við sjálfræði er víða lítill og að nemendur upplifa tilgangssleysi í námi. Var það er ljósi á það hvernig fræðilegar rannsóknir eru hagnýttar á vettvangi skólastarfs og hvaða aðstæður eru skapaðar í skólastarfi til að styðja sjálfræði, hæfni og félagstengsl nemenda. Hér er sagt frá tilviksrannsókn í ónefndum grunnskóla þar sem gerð var vettvangsathugun fimm skóladaga. Einnig voru tekin einstaklingsviðtöl; tvö viðtöl við skólastjóra og þrjú við kennara skólans. Þá voru greind óformleg samtöl sem áttu sér stað meðan á vettvangsathugunum stóð. Áherslur í starfsháttum reyndust vera talsvert frábrugðnar því sem almennt gerist skv. íslenskum rannsóknnum, bæði hvað varðaði náms- og kennsluaðferðir, sem og viðhorf kennara. Byggt er á vendikennslu og einstaklingsmiðuðum áætlunum þar sem nemendur taka sjálfir ákvarðanir um nám sitt. Unnið er að því að efla gróskuhugarfar og styrkleika nemenda og námsmat er í formi leiðsagnarmats. Nemendur fá markþjálfun þar sem þeir setja sér markmið og ræða gildi og styrkleika. Einnig má nefna daglegar núverustundir þar sem unnið er að aukinni sjálfsvitund og snillistundir þar sem nemendur vinna að áhugamálum sínum.

Hugarró og velferð: Efling velfarnaðar í daglegu skólastarfi

Elín Kristinsdóttir, grunnskólakennari, Grunnskólanum í Borgarnesi og Ingibjörg Kaldalóns, lektor, MVS, HÍ

Hér er greint frá þróunarverkefni sem var prufukeyrt í Grunnskólanum í Borgarnesi skólaárið 2017–2018, og er unnið sem meistaraverkefni við Menntavísindasvið. Markmið með verkefninu var að finna leiðir til að kynna fyrir nemendum aðferðir til að auka velferð þeirra, og flétta þær inn í daglegt skólastarf þannig að allir nemendur skólans hefðu möguleika á því að nýta sér þær. Sett var upp vellíðunarstofa sem allir nemendur skólans höfðu aðgang að a.m.k. vikulega. Allir bekkir fengu fastan vikulegan tíma í vellíðunarstofunni og bauðst nemendum að fara þangað í litlum hópum og fá 15 mínútna núvitundarþjálfun og slökun. Í daglegu tali kallaðist það að fara í slökun í búbbblunni. Einnig voru opnir tímar fyrir nemendur fyrir skóla á morgnana og í hádeginu. Valtímar í vellíðan, núvitund og jóga voru í boði á mið- og unglíngastigi og allir nemendur á unglíngastigi fengu 7–8 klst. beina kennslu í því hvernig unnt sé að efla vellíðan. Að auki var boðið upp á einstaklingshandleiðslu, sem hægt var að sækja um fyrir nemendur, og var byggð á styrkleikavinnu og aðferðum úr jákvæðri sálfræði til að auka vellíðan og jákvæðar tilfinningar. Nemendum var í sjálfsvald sett hvort þeir nýttu sér núvitundarslökun en þátttaka í flestum árgöngum var góð. Verkefnið í heild fékk mjög góðar viðtökur og samstaða myndaðist um það innan skólans. Áhugi foreldra og nærsamfélagsins var greinilegur og samstaða var um að halda því áfram næsta vetur. Verkefnið á ekki síst erindi til skólafólks sem hefur áhuga á að efla lífsleikni eða velferðarkennslu í skólum

Seigla og vellíðan nemenda í grunnskólastarfi

Laufey Erlendsdóttir, grunnskólakennari, og Ingibjörg Kaldalóns, lektor, MVS, HÍ

Í erindinu verður fjallað um rannsóknarritgerð sem er unnin sem meistaraverkefni á Menntavísindasviði. Verkefnið hefur það að meginmarkmiði að varpa ljósi á mikilvægi seiglu í uppvexti barna og ungmenna og áhrif seiglu á velferð þeirra og vellíðan. Markmiðið er einnig að auka þekkingu á þeim leiðum sem hægt er að fara til að efla seiglu, bæði innan skólakerfisins og meðal annarra uppalenda. Í því skyni er meðal annars farið yfir rannsóknir á seigluverkefnum sem þegar hafa verið prófuð og rýnt í færniþætti UPRIGHT-verkefnisins. UPRIGHT er þróunarverkefni sem snýst um að þróa inngrip sem hefur það markmið að efla seiglu og velfarnað nemenda. Verkefnið á að standa yfir frá 2018–2021 í sex Evrópulöndum. Sex skólar í Reykjavík taka þátt í verkefninu á Íslandi. Með UPRIGHT er jafnframt unnið að því markmiði að skapa „velferðarmenningu“ í skólaumhverfinu með heildrænni nálgun og munu inngripin því bæði ná til nemenda, kennara og foreldra. Lögð er áhersla á fjóra færniþætti sem stuðla að seiglu og velfarnaði. Þessir færniþættir eru sjálfstraust, félags- og tilfinningafærni, færni í að takast á við áskoranir og núvitund. Inngripin verða í framhaldinu metin með empírískum samanburðarrannsóknum. Erindið á einna helst erindi til fagfólks sem hefur áhuga á að fræðast um leiðir til að efla seiglu og velfarnað í skólastarfi.

Stjórnunarhættir og líðan kennara

Stofa H-001

13:15 – 14:45

„Endalausir kostir við að kenna þeim saman“ – Innleiðing teymiskennslu í þremur grunnskólum

Ingvar Sigurgeirsson, prófessor, MVS, HÍ

Í þessu erindi er sagt frá innleiðingu teymiskennslu í þremur grunnskólum. Teymiskennsla byggist á því að tveir eða fleiri kennarar eru sameiginlega ábyrgir fyrir tiltekinni kennslu í bekk, námshópi, námsgrein eða námsgreinum. Tveir skólanna eru í þéttbýli, en einn í dreifbýli. Dreifbýlisskólinn er á þremur starfsstöðvum og er nemendum kennt í aldursblönduðum hópum. Í þéttbýlisskólunum er tveimur eða fleiri bekkjardeildum í sama árgangi kennt saman. Rannsóknir á teymiskennslu víða um lönd og á öllum skólastigum benda til þess að þegar vel er að henni staðið fylgi henni margvíslegur ávinningur, m.a. fjölbreyttari kennsluhættir, fjölþættara og vandaðra námsmat, í sumum tilvikum betri námsárangur og í flestum tilvikum betri starfsandi og öflugri skólaþróun. Nefna má rannsóknir hér á landi sem benda til þess að þetta geti einnig átt við rök að styðjast hérlendis. Höfundur erindisins hefur

verið ráðgefandi um þessa innleiðingu og hefur leitast við að afla gagna um það hvaða ávinning kennarar telja sig fá af innleiðingunni, sem og um helstu tálmanir og galla. Fylgst hefur verið með kennslu og rýnihópaviðtöl tekin við 14 teymi, auk þess sem rætt hefur verið við stjórnendur skólanna. Niðurstöður benda til þess að teymiskennslan skili margháttaðum árangri og hafi mun fleiri kosti en galla. Undantekningarlítið telja kennarar að teymiskennslan styrki kennsluna, m.a. vegna verkaskiptingar, og auðveldi aga- og bekkjarstjórnun og úrlausnir flókinna mála.

Þjónandi forysta og starfsánægja í framhaldsskólum

Sandra Borg Gunnarsdóttir, framhaldsskólakennari, Flensborg í Hafnarfirði, og Sigrún Gunnarsdóttir, dósent, FVS, HÍ

Mikilvægt er að stjórnun og forysta framhaldsskóla stuðli að árangri og vellíðan starfsfólks. Þjónandi forysta er hugmyndafræði um samskipti, stjórnun og forystu með áherslu á sameiginlega ábyrgðarskyldu, sjálfsþekkingu og gagnkvæman stuðning. Margar vísbendingar eru um gagnsemi þjónandi forystu í tengslum við starfsánægju, árangur teyma og forvarnir gegn kulnun. Fáar rannsóknir liggja fyrir um þjónandi forystu innan menntastofnana hér á landi. Vegna vísbendinga fyrri rannsókna um gagnsemi þjónandi forystu var ákveðið að kanna vægi þjónandi forystu meðal starfsmanna í framhaldsskólum og tengsl hennar við starfsánægju. Gerð var spurningalistakönnun hjá sjö framhaldsskólum með spurningalistanum Organizational Leadership Assessment (OLA) sem mælir vægi þjónandi forystu á nokkrum sviðum skipulagsheildar og jafnframt var starfsánægja metin. Könnunin náði til alls starfsfólks skólanna og voru þátttakendur 219. Flestir svaendur voru kennarar (80%), almennir starfsmenn 11% og stjórnendur 8%. Niðurstöður sýna að þátttakendur meta vægi undirþátta þjónandi forystu á bilinu 3,25 til 3,72 á kvarðanum 1 til 5 og sýnir það að þeir telja einkenni þjónandi forystu vera til staðar í framhaldsskólunum að allnokkru leyti. Skólastjórnendur mátu vægið hæst og kennarar lægst. Starfsmenn framhaldsskólanna virðast almennt vera ánægðir í starfi (85,1%). Sterk jákvæð og marktæk tengsl mældust milli heildarvægis þjónandi forystu og starfsánægju og einnig milli allra undirþátta þjónandi forystu og starfsánægju. Niðurstöður staðfesta niðurstöður fyrri rannsókna og gefa vísbendingar um að eftir því sem vægi þjónandi forystu sé meira innan framhaldsskóla megi búast við meiri starfsánægju. Niðurstöðurnar eru framlag til þróunar þekkingar á þjónandi forystu og til umræðu um árangursríkar leiðir til að styrkja framhaldsskóla og stuðla að ánægju.

Kulnun kennara og brotthvarf þeirra úr starfi

Jóna Karólína Karlsdóttir, meistaranemi, MVS, HÍ, og Gunnar E. Finnbogason, prófessor, MVS, HÍ

Í fyrirlestrinum verður fjallað um rannsókn þar sem varpað er ljósi á þætti sem hafa áhrif á kulnun íslenskra kennara og brotthvarf þeirra úr kennslu. Einnig er fjallað um það hvaða bjargir þeir hafa og hvernig þáttur skólustjórnenda og yfirvalda birtist þeim. Rannsóknarspurningin er: Hvaða þættir eru það sem kennarar telja að einkum hafi áhrif á kulnun og brotthvarf úr starfi? Undirspurningarnar þrjár fjalla um áhrif starfsumhverfis, samskipta og þáttar stjórnenda og yfirvalda á líðan kennara, og hvaða bjargir eru tiltækar. Rannsóknin var eigindleg tilfellarannsókn og notað var tilgangsurttak sem féll vel að markmiðum rannsóknarspurningarinnar. Tekið var viðtal í janúar 2018 við tvo rýnihópa, fjóra grunnskólakennara af landsbyggðinni og þrjá af höfuðborgarsvæðinu. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að álag á kennara sé mikið. Viðmælendur segjast upplifa mikla þreytu í starfi og að bjargir séu fáar. Tíminn sé of skipulagður og rúmi ekki öll þau verkefni sem þeim sé ætlað að sinna. Stjórnun skóla sé veik og skólustjórnendur fylgi málum ekki eftir. Aukinheldur kemur í ljós að hin mikla tíma- og verkefnastjórnun yfirvalda stendur í vegi fyrir þeim bjargráðum sem í boði eru. Kennarar virðast vera fastir í sektarkenndargildrum og til að losna þaðan þurfa þeir rými til faglegs samstarfs þar sem þeir efla fagmennsku sína og tileinka sér siðferðileg og tilfinningaleg gildi til að takast á við þær áskoranir sem mæta þeim í starfi.

Líðan í lok vinnudags – Um starfsaðstæður grunn- og leikskólakennara

Hjördís Sigursteinsdóttir, dósent, HA

Markmið rannsóknarinnar var að skoða starfsaðstæður leik- og grunnskólakennara og líðan þeirra í lok vinnudags. Settar voru fram þrjár rannsóknarspurningar: (1) Hvaða tengsl eru milli starfsaðstæðna leik- og grunnskólakennara og þess að vera stressaður í lok vinnudags? (2) Hvaða tengsl eru milli starfsaðstæðna leik- og grunnskólakennara og þess að vera útbrunninn í lok vinnudags? (3) Líður leik- og grunnskólakennurum betur eða verr í lok vinnudags en öðru starfsfólki sveitarfélaga? Rannsóknin er byggð á rafrænni spurningalistakönnun sem lögð var fyrir allt starfsfólk sveitarfélags á haustdögum 2016, eða 1566 manns. Svarhlutfallið var 70,2%. Leik- og grunnskólakennarar voru 45,2% svarenda. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að 35,4% leik- og grunnskólakennara fannst þeir vera mjög oft eða frekar oft stressaðir í lok vinnudags síðastliðna þrjá mánuði og 49,7% fannst þeir vera mjög eða frekar oft útbrunnir í lok vinnudags síðastliðna þrjá mánuði. Sjá mátti að leik- og grunnskólakennarar voru mun frekar en annað starfsfólk sveitarfélaga stressaðir og útbrunnir í lok vinnudags síðastliðna þrjá mánuði ($p < 0,001$). Fram komu jákvæð tengsl milli ýmissa spurninga um starfsaðstæður og þess að vera stressaður og útbrunninn í lok dags síðastliðna þrjá mánuði. Það þýðir að líðan þeirra leik- og

grunnskólakennara sem upplifðu að starfsaðstæður væru góðar var betri í lok vinnudags en þeirra sem upplifðu starfsaðstæður ekki eins góðar. Sterkust voru tengslin milli þess að vera stressaður og útbrunninn í lok vinnudags við það að upplifa jafnvægi milli vinnu og heimilislífs, upplifun á ríkjandi starfsanda og ánægju með stjórnun vinnustaðarins. Niðurstöðurnar sýna mikilvægi góðra starfsaðstæðna fyrir líðan á vinnustað.

Jákvæð sálfræði, reiðistjórnun, núvitund og foreldrafræðsla

Stofa H-001

15:00 – 16:30

Baráttan milli bölsýnis- og bjartsýniströlsins. Meistararannsókn á sviði jákvæðrar sálfræði í Árósháskóla í Danmörku

Ásthildur Kristín Garðarsdóttir, meistaraneimi, Árósháskóla

Rannsóknarspurning: Hvaða áhrif hefur notkun PERMA kenningarinnar og VIA-styrkleikanna á nemendur í 3. og 4. bekk grunnskóla með áherslu á aukna velferð nemenda? Helstu áherslupættir íhlutunar byggjast á rannsóknum Barböru Fredrickson og kenningum hennar: - að byggja upp góð tengsl við aðra, - að færa rök gegn neikvæðri hugsun, - að læra að þekkja styrkleika sína og nota þá. Íhlutunin fólst í tveimur 80 mínútna vinnustofum þar sem kennarar bekkjanna fengu kynningu, fræðslu og leiðsögn um það hvernig nýta má kenningar jákvæðu sálfræðinnar í kennslu til að auka velferð nemenda. Áhrif íhlutunarinnar voru metin með hópviðtali við þrjá umsjónarkennara bekkjanna sem tóku þátt í rannsókninni. Niðurstöður benda ótvírætt til þess að notkun PERMA-kenningarinnar og VIA-styrkleikanna hafi jákvæð áhrif á velferð nemenda. Helstu verkfæri sem kennarar fá í hendur eru: - hegðunarspjald og leiðbeiningar um hvernig byggja má upp jákvætt samskiptamynstur í bekk, - bölsýnis- og bjartsýnis tröll með leiðbeiningum um notkun þeirra til að kenna nemendum að átta sig á hvernig bjartsýnt hugarfar getur yfirunnið neikvæðni í eigin garð, - styrkleikakort með stuttri kynningu á VIA-styrkleikunum tuttugu og fjórum og leiðbeiningar um það hvernig kenna má nemendum að þekkja sína eigin styrkleika og annarra.

Mat á reiðstjórnunarúrræðinu ART

Freydís Jóna Freysteinsdóttir, dósent, FVS, HÍ, og Sigurgrímur Skúlason, sérfræðingur, Menntamálastofnun

Markmið rannsóknarinnar var í fyrsta lagi að kanna útbreiðslu ART á landinu öllu, hversu margir hefðu hlotið þjálfun í notkun ART og kanna hvort og þá hvernig þeir sem hlotið hefðu þjálfun hefðu beitt ART í starfi eftir að þjálfun lauk. Í öðru lagi var ætlunin að kanna langtímaárangur af annars vegar bekkjar-ART og hins vegar af fjölskyldu-ART. Í þriðja lagi skyldi rannsaka árangur ART-aðferðarinnar með mælingum fyrir og eftir fjölskyldu-ART. Gerðir voru spurningalistar til að skoða útbreiðslu og langtímaárangur ART-meðferðar og notaðir voru ASEBA-listar til að mæla árangur fyrir og eftir fjölskyldu-ART. Alls höfðu 462 fagaðilar á landinu lokið þjálfun í notkun ART. Meirihluti þeirra sem svöruðu hafði notað bæði bekkjar- og hópa-ART í starfi sínu og taldi það skila árangri. Þeim sem höfðu notað bekkjar-ART markvisst fannst auðvelt að nota það og flestum þeirra fannst það skila þeim árangri sem þeir áttu von á. Afar fá svör fengust varðandi langtímaárangur af fjölskyldu-ART og virtist árangur hafa verið misjafn að mati kennara. Aftur á móti sýndu niðurstöður, þegar mæld voru ýmis vandkvæði fyrir og eftir fjölskyldu-ART, fram á árangur af úrræðinu. Marktækur munur var á vandkvæðum barna fyrir og eftir beitingu úrræðisins og upplifðu börnin marktækt betri líðan og minni hegðunarvandkvæði og árásarhneigð í kjölfar þátttöku sinnar í því, að mati foreldra og kennara. Það má því fullyrða að með úrræðinu náist það markmið að draga úr hegðunarvandkvæðum og árásarhneigð barna en niðurstöður sýndu þó ekki að félagsleg hæfni ykist marktækt frá fyrri mælingu.

HAM-eftirfylgdarnámskeið byggt á núvitund: Átta vikna námskeið til að viðhalda bata eftir endurhæfingu

Anna Kristín Þorsteinsdóttir, hjúkrunarfræðingur, Reykjalundi, Jóhanna K. Steingrímsdóttir, hjúkrunarfræðingur, Reykjalundi, og Inga Hrefna Jónsdóttir, forstöðusálfræðingur, Reykjalundi

Í langvinnu þunglyndi koma þunglyndislotur endurtekið og því eru öflugar bakslagsvarnir mikilvægar til að viðhalda bata út lífið. Rannsóknir hafa sýnt góðan árangur þegar notuð er hugræn atferlismeðferð byggð á núvitund (Mindfulness-Based Cognitive Therapy – MBCT) til að koma í veg fyrir bakslög hjá fólki sem glímir við endurteknar þunglyndislotur. Markmið rannsóknarinnar var að meta árangur af átta vikna HAM-eftirfylgdarnámskeiði sem var byggt á núvitund í því að viðhalda bata eftir endurhæfingu og koma í veg fyrir bakslög og einnig að skoða hvort þeir sem eru með alvarleg þunglyndiseinkenni í upphafi námskeiðs hafi einnig gagn af meðferðinni. **Aðferðir:** Þátttakendur (N=188) voru einstaklingar sem höfðu áður farið í gegnum hugræna atferlismeðferð á Reykjalundi, einstaklings- eða hópmeðferð. Eftirfylgdarnámskeiðið fór fram í 6–8 manna hópum sem hittust einu sinni í viku í átta vikur, tvær klst. í senn. Lagðir voru fyrir spurningalistar í 1. og 8. tíma sem meta þunglyndi, kvíða, streitu og vonleysi. **Niðurstöður:** Í heildina voru marktækt færri einkenni þunglyndis, kvíða, streitu og vonleysis eftir námskeið en fyrir. Þeir sem greindust með miðlungs- og alvarleg

einkenni þunglyndis (20 eða hærra á BDI-II) í byrjun námskeiðs (41%) sýndu marktækt færri einkenni þunglyndis, kvíða, streitu og vonleysis við lok námskeiðs **Umræður:** Niðurstöður benda til þess að átta vikna núvitundarnámskeið eftir endurhæfingu nýtist vel til að viðhalda bata fyrir einstaklinga með langvinnt þunglyndi.

Þörf fyrir foreldrafræðslu: Sjónarhorn starfsfólks í leikskólum

Þóra Gréta Pálmarsdóttir, meistaranemi, MVS, HÍ, Hrund Þórarins Ingudóttir, lektor, MVS, HÍ, og Amalía Björnsdóttir, prófessor, MVS, HÍ

Mikill þroski og breytingar eiga sér stað hjá börnum á leikskólaaldri. Foreldrar gegna afar mikilvægu hlutverki við að gæta hagsmuna barna sinna og veita þeim öryggi og umönnun sem styður þroska, heilsu og vellíðan. Brýnt er styrkja foreldra í þessu ábyrgðarmikla hlutverki og efla þekkingu á því hvernig best megi standa að uppeldi barna og stuðningi við foreldra og börn. Hérlandis eru yfir 90% barna á aldrinum 2–5 ára í leikskóla og foreldrar og börn í daglegum samskiptum við starfsfólk leikskóla. Starfsfólk í leikskólum getur því veitt mikilvægar upplýsingar um þörf á fræðslu og stuðningi við foreldra en þetta hefur lítið verið skoðað hér á landi. Spurningalisti var sendur á 1477 starfsmenn í 68 leikskólum um land allt en svör bárust frá 520 manns. Niðurstöður bentu til þess að starfsfólk sinnti að einhverju leyti stuðningi við foreldra en jafnframt að þörf væri á auknu framboði á fræðslu og stuðningi við foreldra í uppeldinu. Fræðsla um agamál, þroska, svefn og almenn fræðsla um uppeldi virðist vera brýnust að mati þátttakenda. Í ljósi þess að foreldrar leita til leikskólastarfsfólks eftir ráðum gæti fræðsla og stuðningur sem veittur er í samstarfi við leikskóla verið góður kostur. Vonast er til þess að niðurstöður rannsóknarinnar nýtist við stefnumótun um foreldrafræðslu og að þær geti stutt nýja fagstétt foreldrafræðara í starfi og þar með nýst foreldrum og börnum.

Fötlun, saga og samfélag

Stofa H-101

9:00 – 10:30

Rannsóknir og vettvangur fatlaðs fólks

Ástríður Stefánsdóttir

Reynsla mæðra barna með þroskahömlun í sögulegu ljósi

Guðrún V. Stefánsdóttir, prófessor, MVS, HÍ

Rannsóknin beinist að því að kanna annars vegar reynslu mæðra barna með þroskahömlun sem fóru á stofnanir á gildistíma laga um fávítahæli/stofnanir á árunum (1936–1979) og hins vegar mæðra barna sem ólust upp heima. Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á ólíka reynslu mæðranna og það með hvaða hætti krafa samfélagsins um félagsleg hlutverk eins og móðurhlutverkið hafði áhrif á líðan þeirra og tilveru. Rannsóknin byggist á eigindlegum viðtölum við 14 mæður barna með þroskahömlun. Auk þess var aflað sögulegra gagna úr bréfum, skýrslum og dagbókum. Fyrstu niðurstöður benda til þess að þær mæður sem áttu börn á stofnunum hafi upplifað sorg og sektarkennd og fundist þær hafa brugðist börnum sínum og móðurhlutverkinu. Mæðurnar sem ólu börnin sín upp heima höfðu samviskubit yfir því að nýta sér ekki þjónustu stofnana, sem var eina opinbera þjónustan og um leið sú viðkennda, sem í boði var á þeim tíma sem rannsóknin nær til. Þær mæður voru aftur á móti mun sáttari við ákvörðun sína í dag en mæður sem áttu börn sem ólust upp á stofnunum.

Sjálfræði og ábyrgð í Samningi sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

Ástríður Stefánsdóttir, dósent, MVS, HÍ

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem undirritaður var af hálfu Íslands 30. mars 2007, var nýlega fullgiltur hér á landi. Samningurinn hefur þegar haft mikil áhrif á réttarstöðu og viðhorf gagnvart fötluðu fólki bæði hér á landi og erlendis. Í samningnum er lögð áhersla á að leiðrétta það misrétti sem fatlað fólk hefur orðið fyrir. Lagt var upp með að virða stöðu fatlaðs fólks til jafns við aðra og þar með að veita fötluðu fólki sama aðgang að gæðum samfélagsins og aðrir hafa. Eitt af megingildunum sem samningurinn byggist á er sjálfræði og jafnræði. Samningurinn á að tryggja að almenn mannréttindi nái til allra en ekki bara sumra. Það er því mikilvægt að fólk með þroskahömlun og þeir sem þurfa mikinn stuðning séu einnig viðurkenndir sem fullgildir aðilar samningsins. Til að svo megi verða er nauðsynlegt að hafa skýran skilning á merkingu þeirra siðferðilegu hugtaka sem hann er byggður á, og þá sérstaklega hugmynda eins og sjálfræði og ábyrgð. Þegar samningurinn er skoðaður í þessu ljósi sést að hugmyndir hans falla vel að aðstæðubundinni túlkun á sjálfræði (e. relational autonomy). Í þessu erindi mun ég draga fram þessi tengsl. Ég mun sýna hvernig merking hugmyndanna um sjálfræði annars vegar og ábyrgð hins vegar birtist í samningnum og hvernig sú túlkun sem hér er dregin fram styður þá sýn að samningurinn eigi við um allt fatlað fólk.

Hvers vegna þarf menntun að vera fyrir alla? Um aðstæðubundið sjálfræði og altækt námsumhverfi

Ruth Jörgensdóttir Rauterberg, aðjúnkt, MVS, HÍ

Okkur er tamt að líta á menntun sem ein af gæðum mannlífsins. Við viljum og þurfum öll að fá tækifæri til að mennta okkur og öðlast þannig persónuþroska, þekkingu, færni, sjálfsvirðingu og aðgang að frekari gæðum samfélagsins. Ef gengið er út frá því að allar manneskjur séu jafnverðmætar þá ættu þær allar að hafa jafnan aðgang að gæðum mannlífsins, þar með talið menntun. Því er þó ekki þannig varið. Alls kyns þættir hindra aðgang barna og fullorðins fólks að menntun á öllum skólastigum og koma í veg fyrir þátttöku þeirra í skólasamfélagi og þar með samfélaginu í heild. En forsenda þess að skapa samfélag þar sem allir geta tekið þátt og gegnt hlutverki er menntakerfi sem undirbýr alla samfélagsþegna einmitt undir það. Menntakerfi sem gerir ráð fyrir fjölbreytileika mannlífsins gegnir lykilhlutverki í því að yfirstíga hindranir fyrir þátttöku og ryðja þeim úr vegi. Skólinn hefur þá það hlutverk og ber þá ábyrgð að laga kennslu sína að öllum nemendum svo þeir megi allir njóta náms og hafi tækifæri til að auka þroska sinn í samfélagi við aðra. Í þessu erindi mun ég draga fram hvernig megi nota hugmyndir um aðstæðubundið sjálfræði til að rökstyðja mikilvægi menntunar fyrir alla. Jafnframt mun ég lýsa hvernig nýta megi þá sýn sem þar birtist til að hugsa um námsumhverfi á altækan hátt og til að stuðla að umbótum með það að markmiði að skapa námstækifæri fyrir alla.

Skóli án aðgreiningar

Stofa H-101

10:45 – 12:15

Val nemenda með þroskahömlun á framhaldsskóla

Anna Björk Sverrisdóttir, doktorsnemi, MVS, HÍ

Í erindinu verður fjallað um nám nemenda á starfsbraut í framhaldsskóla og sjónum beint að því hvernig nemendur velja skóla þegar þeir ætla á starfsbraut. Tekin voru viðtöl við skólastjórnendur, yfirmenn starfsbrauta, foreldra og nemendur. Rannsóknin er unnin innan fræðasviðs fötlunarfræða í menntavísindum (e. disability studies in education) þar sem áhersla er lögð á félagslegt réttlæti, nám án aðgreiningar, fulla þátttöku og jafnræði (e. equity). Í erindinu verða hugtökin örareiti (e. microaggression), kerfislægt ofbeldi (e. systemic violence) og áætluð hæfni (e. presumed competence) rædd og skoðað verður með hvaða hætti þessi hugtök birtast í gögnunum. Starfsbrautir, sumar þeirra nefndar sérnámsbrautir, eru hluti af framhaldsskólakerfinu en í erindinu verður þeirri spurningu velt upp hvernig slíkt sérkerfi samræmist stefnu um skóla án aðgreiningar, sem í dag er opinber menntastefna á Íslandi. Fyrstu niðurstöður gefa til kynna að breytinga sé þörf þegar kemur að vali nemenda í 10. bekk sem fengið hafa fötlunargreiningu. Gögnin gefa til kynna að nemendur hafi takmarkað val á starfsbrautum og að það sé að hluta til markað kerfislægu ofbeldi eins og

læknisfræðilegum greiningum. Einnig kemur fram að þó að hæfniprepin geri ráð fyrir áætlaðri hæfni við lok náms þá gera þau einnig ráð fyrir áætlaðri vanhæfni, þar sem námi nemenda á starfsbraut er raðað á lægsta hæfniprepið og möguleikar þeirra til þátttöku í námi án aðgreiningar, á grundvelli jafnræðis, eru þar með skertir.

Námsmat í skóla án aðgreiningar

Auður Lilja Harðardóttir, grunnskólakennari, Ísaksskóla, og Jóhanna Karlsdóttir, lektor, MVS, HÍ

Lykilhugtök stefnunnar um skóla án aðgreiningar eru vönduð menntun fyrir alla, fullgild þátttaka, jafngild tækifæri og lýðræðisleg gildi. Misvísandi skilgreiningar stefnunnar geta hafa áhrif á viðhorf kennara. Brýn nauðsyn er þess vegna að skilgreina hugtakið og skapa sameiginlegan þekkingarfræðilegan grundvöll innan skóla og utan. Námsmat er yfirgripsmikið hugtak en einn tilgangur þess er að leiðbeina nemendum og örva þá áfram í námi, vera þeim hvatning og stuðla að námsvitund þeirra. Vandað námsmat getur aukið þátttöku og ábyrgð allra nemenda á eigin námi og haft jákvæð áhrif á viðhorf þeirra til náms. Hér er um að ræða viðtalsrannsókn þar sem kannað var hvernig umsjónarkennarar á yngsta stigi beita námsmati í fjölbreyttum nemendahópi í skóla án aðgreiningar. Leitað var svara við því hvernig umsjónarkennurum gengur að nota námsmat sem styður hugmyndina um skóla án aðgreiningar. Niðurstöður benda til þess að kennarar hafi jákvæð viðhorf til menntastefnunnar en telji aftur á móti að aukið fjármagn þurfi til þess að auka skilvirkni hennar. Þátttakendur reyndust sýna góðan skilning á inntaki stefnunnar og kennsluhættir þeirra einkenndust af því að reyna að koma til móts við alla með fjölbreyttum kennsluaðferðum. Ósamræmi í starfsháttum þeirra kemur þó fram, einkum með tilliti til þess hvar nemendur með sérþarfir eru staðsettir innan skólans. Þátttakendur reyndust vera meðvitaðir um mikilvægi fjölbreytts námsmats. Hins vegar mátti greina misskilning þegar tilgang leiðsagnarmats bar á góma og víðtæk áhrif þess á nám og hvernig það var notað. Kennarar eru taldir lykilaðilar í því hvernig skólum tekst að koma til móts við margbreytilegan nemendahóp.

Baráttan um að tilheyra: Upplifun og reynsla getumikilla einhverfra barna og ungmenna af þátttöku á heimili, í skóla og frítíma

Helga Þorleifsdóttir, meistaranemi, MVS, HÍ, og Snæfríður Þóra Egilson, prófessor, MVS, HÍ

Rannsóknin fjallar um reynslu einhverfra barna á aldrinum 12–17 ára af þátttöku sinni heima við, í skólaumhverfi og frítíma. Rannsóknin er eigindleg, gagna var aflað með opnum viðtölum við tíu börn á höfuðborgarsvæðinu og gögn voru greind samkvæmt vinnulagi grundaðrar kenningar. Rannsóknin

er hluti af rannsóknarverkefninu Lífsgæði, þátttaka og umhverfi barna sem búsett eru á Íslandi sem unnin er í samstarfi við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Niðurstöður sýndu að fjölskyldan og heimilið skipta einhverf börn miklu. Þau líta á heimilið sem sinn griðastað, hafa þörf fyrir næði og hvíld heima við og segjast jafnframt taka virkan þátt í athöfnum sem snúa að heimilishaldi. Reynsla barnanna af námslegri aðstoð í grunnskóla var góð. Skólaumhverfið studdi hins vegar ekki vel við félagslega þátttöku þeirra og samskipti við skólafélaga. Ungmenni sem voru í framhaldsskóla lýstu töluverðri vanlíðan í skólanum og hefðu viljað fá félagslegan stuðning til að auðvelda samskipti við skólafélaga. Öll börnin tóku virkan þátt í tómstundaiðju utan skóla og reynsla þeirra var yfirleitt ánægjuleg. Annar frítími var notaður til samveru með fjölskyldunni. Rannsóknin varpar ljósi á reynslu barnanna og endurspeglar mikilvægi þess að leita eftir sjónarhorni fatlaðra barna í rannsóknum.

Aðstæður innflytjendafjölskyldna sem eiga fötluð börn

Snæfríður Þóra Egilson, prófessor, FVS, HÍ, Unnur Dís Skaptadóttir, prófessor, FVS, HÍ, og Guðbjörg Ottósdóttir, lektor, FVS, HÍ

Á síðustu árum hefur innflytjendum fjölgað mikið hér á landi. Þótt töluvert sé vitað um aðstæður fjölskyldna fatlaðra barna á Íslandi er þekking á stöðu innflytjendafjölskyldna með fötluð börn takmörkuð. Erlendar rannsóknir benda til þess að þessar fjölskyldur glími við fjölmörg úrlausnarefni umfram innfæddar fjölskyldur. Tilgangur rannsóknarinnar sem hér er greint frá er að kanna hvernig 13 fjölskyldur af fyrstu kynslóð innflytjenda sem eiga fötluð börn takast á við daglegt líf hér á landi, samskipti þeirra við nærsamfélagið og við þjónustukerfið. Þátttakendur eru fjölskyldur þar sem báðir foreldrar eru fæddir erlendis, þeir hafa fjölbreyttan bakgrunn og eru víðs vegar að af landinu. Gagnaöflun fólst í viðtölum og þátttökuathugunum. Gögnin voru flokkuð og þemagreind og niðurstöður meðal annars skoðaðar í ljósi réttlætiskennings Amyarta Sen og Mörtu Nussbaum með áherslu á það hvað fjölskyldurnar eru færar um að gera og vera. Rannsóknin varpar ljósi á fjölbreyttar og oft flóknar aðstæður fjölskyldnanna hér á landi, mismikil tækifæri þeirra til þátttöku í samfélaginu og til að nota hæfileika sína til að lifa „góðu lífi“. Þessar upplýsingar geta hugsanlega nýst til að þróa þjónustu sem tekur mið af þörfum innflytjendafjölskyldna með fötluð börn.

Fjölmeningarmenntun – breytingaafli í skólastarfi

Stofa H-101

13:15 – 14:45

MultiEd (Rannsóknarhópur um fjölmeningarmenntun)

Gunnhildur Óskarsdóttir

Fjölmenningarleg menntun í kennaranámi

Gunnhildur Óskarsdóttir, dósent, MVS, HÍ, og Arna H. Jónsdóttir, dósent, MVS, HÍ

Í þessu erindi verður sagt frá upphafsskrefum rannsóknar sem nokkrir kennarar við Menntavísindasvið hafa unnið að sl. ár með það að markmiði að búa kennaranema og kennara á vettvangi betur undir það að sinna fjölmenningarlegri menntun. Íslenskt samfélag hefur breyst mikið á undanförunum árum, börnum af erlendum uppruna í íslenskum leikskólum hefur t.d. fjölgað úr því að vera 2% árið 1996 í meira en 12% árið 2017 (Hagstofa Íslands, 2017). Slíkar lýðfræðilegar breytingar kalla á breyttar áherslur í kennaranámi. Í þessum fyrsta hluta rannsóknarinnar var sett fram eftirfarandi rannsóknarspurning: Hvernig undirbúum við kennaranema undir kennslu í fjölbreyttum menningarlegum nemendahópum? Til að geta svarað þessari spurningu þurftu rannsakendur að byrja á að skoða eigin hugmyndir og skilning á fjölmenningarlegri menntun með það að leiðarljósi að ná fram sameiginlegum skilningi á því hvað felst í fjölmenningarlegri menntun. Þátttakendur notuðu eigindlegar rannsóknaraðferðir, svo sem umræður og viðtöl og aðferðir sem byggjast á listum, eins og gerð hóplistaverka og ljóðagerð, til að þróa sameiginlega sýn á það hvað felst í fjölmenningarlegri menntun. Í ljósi þessarar vinnu voru settar fram þrjár meginstoðir sem lýsa þeim skilningi og grunni sem rannsóknin byggist á. Það er von okkar að þetta sameiginlega ferðalag okkar geti leitt til betri kennaramenntunar þar sem fjölmenningarleg kennsla verði sjálfsagður hluti af námi kennaranema og þeir verði betur undirbúnir fyrir það fjölmenningarlega skólasamfélag sem bíður þeirra í starfi.

Fræðilegar undirstöður fjölmenningarlegrar menntunar verða til á mörkum eigindlegra og listrænna rannsóknaraðferða

Karen Rut Gísladóttir, dósent, MVS, HÍ

Í fjölmenningarlegu skólastarfi skarast viðmið og gildi ólíkra menningarhópa. Til að nemendur fái að vaxa og dafna á eigin forsendum er mikilvægt að skólafólk leggi sig fram um að skilja og virða ólíka menningarheima og vinni markvisst að því að skapa tengsl þvert á hópa. Í fjölmenningarlegu skólastarfi er mikilvægt að menningararfur nemenda og tungumál séu sýnileg í námsumhverfinu. Fyrsta skrefið í að þróa fjölmenningarlega kennsluhætti er að kennarar skuldbindi sig til að kenna öllum börnum. Slík skuldbinding felur í sér að skapa rými til að þróa gagnrýnið hugarfar sem gerir einstaklingum kleift að staldra við og ígrunda augnablik sem kunna að jaðarsetja þekkingu og reynslu ákveðinna nemendahópa þannig að hægt sé að byggja á styrkleikum þeirra í námi. Í eigindlegum menntarannsóknum sem snúa að fjölmenningu hafa fræðimenn bent á mikilvægi listrænnar framsetningar. Rökin fyrir slíkri framsetningu eru þau að form hafi áhrif á hugsun og skilning á hlutum

og fyrirbærum. Þegar form eru óhefðbundin myndist tækifæri til að opna leið að tilfinningum sem liggja að baki orðum og athöfnum. Þannig skapist rými fyrir raddir sem annars geta hæglega hljóðnað eða gleymst í gegnum rannsóknarferlið. Í þessu erindi verður greint frá því hvernig háskólakennarar nýttu sjálfsviðtöl og ljóðræn rými til að móta fræðilegar undirstöður fyrir frekari rannsóknir á þessu sviði byggðar á sameiginlegum skilningi rannsakenda.

Reynsla okkar skiptir máli – háskólakennarar þróa menningarlega kennsluhætti

Hrönn Pálmadóttir, dósent, MVS, HÍ, og Kristín Karlsdóttir, lektor, MVS, HÍ

Í þessu erindi er sagt frá því hvernig háskólakennararnir í rannsókninni ígrunduðu og tjáðu hugmyndir sínar, gildi og viðhorf til fjölmennningarlegrar menntunar með það að leiðarljósi að móta sameiginlegan skilning. Notaðar voru eigindlegar rannsóknaraðferðir þar sem rannsakendur/þátttakendur tóku hálfopin viðtöl hver við annan í tveggja til þriggja manna hópum. Stuðst var við ákveðnar spurningar sem hópurinn hafði þróað og tengjast þekkingu, viðhorfum og reynslu kennaranna. Viðtölin voru hljóðrituð, afrituð og þemagreind. Helstu niðurstöður sýna að ígrundun, persónuleg reynsla og reynsla af fjölmennningarlegum kennsluháttum í eigin starfi var mikilvæg í því að móta skilning þátttakenda á fjölmennningarlegri menntun. Meðal annars kemur fram að fjölmennningarleg menntun er hluti af skóla og námi án aðgreiningar. Einnig kemur fram að kennarar séu meðvitaðir um og viðurkenni fjölbreytileikann, sem getur m.a. falið í ólíkum félagslegum bakgrunni, fötlun, kynhneigð, tungumáli og menningarlegum mismun. Þá kemur fram að kennsla í kennaramenntunarstofnun þarf að byggja á næmni gagnvart öllum nemendum, styrkleikum þeirra og bakgrunni, og tryggja þarf að allir öðlist innsýn og reynslu af fjölmennningarlegri menntun í kennaranámi sínu.

Shifting student perspectives on multicultural pedagogy

Charlotte E. Wolff, lektor, MVS, HÍ, og Renata Emilsson Peskova, doktornemi, MVS, HÍ

Educators at all school levels in Iceland are becoming increasingly aware of the need for multicultural pedagogies to meet the needs of all students. University-level teacher educators play an important role in developing teachers' professional practices regarding (dis)empowerment, (in)equity, (in)justice, and (non)participatory learning. A current initiative at the School of Education is bringing teacher educators together to explore their own practices, find ways to make use of the shared understanding of multicultural pedagogies, and create a framework for improving teacher education. Our study contributes to that effort by investigating shifts in undergraduate students' understanding of concepts, skills, and pedagogical practices falling within the scope of multicultural education. In the

course Teaching Language in the Multicultural Classroom, students were exposed to relevant educational theories and practices, and they directly experienced learning within a culturally diverse group. Students submitted final reflective essays describing their learning experience. These essays were analyzed via thematic analysis to identify their meaningful experiences and the core shifts in their understanding of multicultural pedagogy. Preliminary findings suggest that the combination of learning about multicultural education while using principles of multicultural pedagogies in a culturally diverse group creates a powerful environment. Unintentional benefits included improved language and communication skills. Such an approach to learning can be utilized by teacher educators to actively integrate multicultural pedagogy into their students' future social and educational practices.

Skapandi kennsla, samskipti og móðurmál

Stofa H-101

15:00 – 16:30

Allir með – tölum saman um skólamenningu á Íslandi

Sigríður Björk Einarsdóttir, aðjúnkt, FVS, HÍ, framkvæmdastjóri SAMFOK, og Renata Emilsson Peskova, doktorsnemi, MVS, HÍ

SAMFOK – samtök foreldra grunnskólabarna í Reykjavík, í samstarfi við Móðurmál – samtök um tvítyngi, einstaka móðurmálshópa, og WOMEN – samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi, skipulögðu tíu fræðslukvöld fyrir foreldra af erlendum uppruna þar sem kynnt var samstarf heimila og skóla, mikilvægi frítímans og frístundar og þjónusta við foreldra á vegum SAMFOK og Móðurmáls. Markmiðið með fræðslukvöldunum var tvíþætt – í fyrsta lagi að veita foreldrum upplýsingar um mikilvæga þætti skólasamfélagsins á þeirra tungumálum og í öðru lagi að gefa foreldrum tækifæri til að koma skoðunum sínum og væntingum á framfæri. Fræðslukvöldin tíu fóru fram frá nóvember 2017 til apríl 2018 og samtals tóku þátt um 250 foreldrar úr tíu málsamfélögum. Í seinni hluta hvers fræðslukvölds ræddu foreldrarnir saman og svöruðu fjórum spurningum þar sem þeir tjáðu hugmyndir sínar, væntingar og gagnrýni á íslenska skólamenningu. Svör þeirra voru greind í þemu. Rauður þráður í svörum foreldra þvert yfir þjóðerni var þörf á betri stuðningi í tungumálakennslu, aðstoð með heimavinnu og betri nýting á tíma barna í námi. Niðurstöður gefa til kynna að foreldrar hafa margvíslegar áhyggjur, en eru nokkuð ánægðir með samskipti sín við skólann og milli barna. Tækifæri nemenda til að stunda nám í skólum eiga að vera jöfn og skólinn býður nám án aðgreiningar, en nýjar íslenskar rannsóknir sýna fram á að stór hluti nemenda af erlendum uppruna er allt að tvö staðalfrávik frá íslenskum nemendum hvað varðar lesskilning og orðaforða. Það þýðir að tækifæri nemenda af

erlendum uppruna til náms eru skert. Samtal skólans við foreldra af erlendum uppruna er mjög mikilvægt og hér gafst einstakt tækifæri til að kynna og vinna úr endurgjöf frá fjölda foreldra.

Listin að skapa námstækifæri og þróa samskiptamenningu

Fríða Bjarney Jónsdóttir, doktorsnemi, MVS, HÍ

Í erindinu mun ég fjalla um fyrstu niðurstöður doktorsrannsóknarinnar Give wings to voices; the preschool as a just learning place for communication and justice, en þar skoða ég hvernig íslenskur leikskóli með hátt hlutfall barna með annað móðurmál en íslensku leitast við að skapa námsrými þar sem virk þátttaka fjölyngdra barna í daglegu starfi er studd og byggð upp samskipti sem styrkja sjálfsmynd þeirra. Fræðimaðurinn Jim Cummins hefur bent á að til þess að fjölyngd börn geti náð raunverulegum árangri í námi verði að huga að félagslegu jafnrétti og rannsaka hvernig stefnumótun, viðhorf og væntingar skólasamfélagsins stýra því hverjir eru velkomnir og hverjir eru útilokaðir. Fræðilegur grunnur rannsóknarinnar er félagslegar og menningarlegar kenningar um tungumálanám barna þar sem gagnrýnin fjölmenningshyggja, menningarnæmi og virðing fyrir fjölbreyttri menningu og tungumálum liggur til grundvallar. Rannsóknin er eigindleg og var gögnum safnað með viðtölum, myndbandsupptökum, þáttökuathugunum og skriflegum gögnum. Þá voru haldnir rýnihópafundir með þátttakendum þar sem farið var yfir myndbandsupptök og rætt um starfshætti. Fyrstu niðurstöður benda til þess að í leikskólanum hafi skapast samskiptamenning þar sem markvisst er unnið með tungumálið á fjölbreyttan hátt í frjálsum og skipulegum aðstæðum.

Íslenskuþorpið: Leið til þátttöku í daglegum samskiptum á íslensku

Guðlaug Stella Brynjólfsdóttir, aðjúnkt, Hugvísindasviði, HÍ

Íslenskuþorpið er nýstárlegt kennsluverkefni þar sem markmiðið er að bjóða upp á kennslu og nám í íslensku sem öðru máli með áherslu á tengsl kennslustofunnar við lífið utan hennar. Í Íslenskuþorpinu eru raunveruleg fyrirtæki og stofnanir þar sem nemendur geta sinnt daglegum erindum sínum. Kennsluverkefnið byggist á nýjustu rannsóknum á sviði annarsmálsfræða og markar nýtt verklag í kennslu íslensku sem annars máls. Nýjar rannsóknir sýna að málnotkun er forsenda þess að fólk tileinki sér tungumál. Sýnt hefur verið fram á mikilvægi þess að nemandinn tali við einhvern sem kann meira í nýja málinu en hann sjálfur en það er einmitt í þessum samskiptum sem tækifæri til málánáms felast. Það er því ljóst að málnotkun utan kennslustofunnar skiptir máli fyrir tileinkun annars máls. Íslenskuþorpið hefur verið þróað á vegum samnorræns samstarfshóps í annarsmálsfræðum undir heitinu Language Learning in the Wild. Megintilgangurinn er að skapa aðstæður fyrir þá sem eru að

læra íslensku til að nota nýja málið í daglegu lífi. Með Íslenskuþorpinu er komið til móts við brýna þörf þeirra sem eru að læra íslensku og leita eftir samskiptum á íslensku á því að auka færni sína í nýja málinu en ljóst er að íslenskunemar fá ekki mörg tækifæri til að eiga samskipti á íslensku í samfélaginu. Í fyrirlestrinum verður greint frá Íslenskuþorpinu og þeim verkefnum sem nemendur vinna í kennslustofunni, heima og úti í samfélaginu, þar sem áhugasvið og þarfir nemendanna eru drifkrafturinn í náminu, og fjallað er um viðhorf nemenda til Íslenskuþorpsins.

Skapandi kennslufræði: Starfendarannsókn byggð á hugmyndafræði Önnu Craft

Ása Helga Ragnarsdóttir, aðjúntkt, MVS, HÍ

Hugmyndafræði Önnu Craft um mikilvægi sköpunar er byggð á þeirri sýn að efla þurfi hæfileika einstaklingsins til að takast á við áskoranir. Hún kom fram með hugtakið *möguleikahugsun* og taldi að hún væri kjarni sköpunargáfunnar. Möguleikahugsun gengur út á að færa sig frá spurningunni „hvað er“ yfir í að hugsa „hvað ef“ eða „hvað gæti orðið“ þegar leysa þarf verkefni. Hægt er að færast frá því að spyrja „hvað er þetta og hvernig er það notað“ yfir í að spyrja „hvað get ég gert við þetta eða til hvers get ég notað þetta“. Tilgangurinn með þessari aðferðafræði er að nemendur geti sjálfir skilgreint vandamál og komið með lausnir á þeim. Í starfendarannsókn þessari skoðaði ég eigin kennslu við kennaradeild HÍ í þeim tilgangi að þróa og bæta eigið starf og skapa nýja þekkingu. Ég notaði skapandi kennslufræðilíkan Önnu Craft í tengslum við kennslu mína, en líkanið byggist á því að nemendur fái rými og nægan tíma til þess að leysa verkefni og að kennarinn styðji hugmyndir nemenda, dragi sig í hlé og leyfi sköpun nemenda að ráða för. Ég notaði fjölbreytta spurningatækni, leiki og leiklist til þess að örva ímyndunarafl nemenda og hvatti þá til að taka áhættu í námi sínu. Þátttakendur voru átta kennaranemar. Gagna var aflað með rannsóknardagbók og ígrundandi samtölum milli nemenda og kennara. Niðurstöður gefa til kynna að þegar kennslulíkanið er notað ýti það undir skapandi og gagnrýna hugsun nemenda og þor þeirra til að leita að margvíslegum lausnum á verkefnum sínum.

Stjórnun og forysta: Skólamenning, fagmennska og skólaþróun

Stofa H-201

9:00 – 10:30

Rannsóknarstofa um þróun skólastarfs

Anna Kristín Sigurðardóttir

Lærum saman og vinnum saman. Stjórnandi rýnir í starfsaðstæður sínar og stuðning við kennara og fagmennsku

Ellen Gísladóttir, aðstoðarskólastjóri, og Svanborg R. Jónsdóttir, dósent, MVS, HÍ

Tilgangur þessa rannsóknarverkefnis, sem er starfandarannsókn, var að skoða starf aðstoðarskólastjóra með gagnrýnum augum og finna út hvernig hægt væri að forgangsraða verkefnum eftir mikilvægi þeirra fyrir faglegt starf skólans. Helstu niðurstöður gefa til kynna að aðstoðarskólastjórar lendi oft í hlutverki stuðningsaðila fyrir kennara og annað starfsfólk. Fram kom að kennarastarfið er álagsstarf og að kennurum þótti mikilvægt að fá stuðning í formi handleiðslu eða jafningjastuðnings. Kennarar í skólanum sjá tækifæri í samvinnu og samstarfi sem gefa þarf meira rými í skipulagi skólastarfs. Kennurunum er umhugað um velferð nemenda sinna og þeir eru tilbúnir að leggja mikið á sig fyrir þá. Forföll, sem eru tíð í skólanum, hvíla þungt á stjórnendum og kennurum og brýnt er að finna úrræði til að létta á álagi vegna þeirra. Fundir eru ekki taldir nógu markvissir og kennarar óska eftir vinnufundum þar sem unnið er saman að skipulagningu náms og kennslu. Trú þeirra kennara sem rætt var við á samgetu kennarahópsins til að efla nám og kennslu í skólanum gefur tilefni til að horfa bjartsýnum augum fram á veginn. Samgeta styður lærdómssamfélagið og þar með öfluga skólaþróun og er sannkallaður hornsteinn þess.

Reynsla kennara af áreitni foreldra og nemenda

Sveinfríður Olga Veturliðadóttir, skólastjóri, og Börkur Hansen, prófessor, MVS, HÍ

Áreitni sem kennarar verða fyrir í starfi hefur ekki verið mikill gaumur gefinn og fáar slíkar rannsóknir hafa verið gerðar. Hér er lýst eigindlegri rannsókn þar sem leitast var við að fá fram reynslu kennara af áreitni nemenda og foreldra og kanna áhrif hennar á líðan þeirra í starfi og einkalífi. Öflun gagna fór fram með viðtölum við tíu kennara sem valdir voru eftir ábendingum skólastjóra og kennara. Kennararnir eru allir starfandi grunnskólakennarar og kenna við grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu og Vesturlandi. Kennararnir hafa allir orðið fyrir áreitni af hendi nemenda og foreldra, allt frá því að vera hunsaðir og ögrað af nemendum til líkamlegra árása. Erfið samskipti við foreldra valda álagi en þar sem foreldrar eru í samstarfi við skólana er auðveldara að taka á erfiðum nemendamálum. Áhrifin á líðan kennara, bæði í starfi og einkalífi eru mikil, þeir upplifa það að mikill tími fari í að leysa mál nokkurra nemenda og það hafi áhrif á kennslu og undirbúning. Þeir eru þreyttir og bugaðir og eiga litla orku eftir þegar heim er komið og þeir hafa jafnvel þurft að fara í veikindaleyfi vegna álags. Kennararnir upplifa líka mikið úrræðaleyfi í skólunum og skólakerfinu almennt til að takast á við erfiða hegðun nemenda. Von mín er sú að þessar niðurstöður geti varpað ljósi á starfsaðstæður kennara og verði til

Þess að stærri rannsóknir verði gerðar því það kom greinilega fram að kennarar telja aukin verkefni, svo sem nýja aðalnámskrá, nýtt námsmat og nýtt mentor-kerfi, leiða til aukinnar áreitni og að þau auki álagið í starfinu.

Eftir höfðinu dansa limirnir – þættir sem hafa áhrif á innleiðingu spjaldtölva í grunnskólum Kópavogs
Sigrún Ólöf Ingólfssdóttir, deildarstjóri grunnskóla, og Börkur Hansen, prófessor, MVS, HÍ

Nú standa skólar frammi fyrir því að koma til móts við tækniþróun 21. aldar og er einn þáttur í því að innleiða spjaldtölvur í skólastarf. Með tilkomu þeirra þurfa kennarar að þróast í starfi, breyta kennsluháttum og aðlaga nemendur að því sem koma skal. Markmið þessarar rannsóknar var að skoða hvaða þættir hafa áhrif á innleiðingu spjaldtölva í grunnskólum Kópavogs. Rannsóknin er eigindleg og voru tekin hálfopin viðtöl við skólastjórnendur og tölvuumsjónarmenn, auk rýnihópaviðtals við spjaldtölvuteymi Kópavogsbæjar, með það að markmiði að svara rannsóknarspurningunni: Hverjir eru helstu þættir sem styðja og letja innleiðingu á spjaldtölvum í Kópavogi að mati skólastjórnenda, tölvuumsjónarmanna, verkefnastjóra og kennsluráðgjafa spjaldtölvuverkefnisins? Helstu niðurstöður eru í takt við það sem fræðimenn segja um breytingar á skólastarfi, en þær sýna að: mikilvægt er að setja nægt fjármagn í verkefnið; stuðningur frá stjórnendum og að þeir tali fyrir breytingunum er lykilatriði; jafningjastuðningur og stuðningur frá spjaldtölvuteymi Kópavogsbæjar er einnig mikilvægur og auk þess skiptir máli að gefa kennurum tíma og þjálfna hæfni þeirra í breytingaferlinu. Meðal þess sem gekk ekki nægilega vel og torveldaði breytingarnar var að í sumum skólum töluðu millistjórnendur ekki fyrir breytingunum og ekki var sett nægt fjármagn í kennsluráðgjöf, en það jók álag á tölvuumsjónarmenn skólanna og dró úr stuðningi við kennara. Helsti lærdómur sem má draga af verkefninu er það hversu mikilvægt hlutverk skólastjórnenda er í breytingaferli og að nægt fjármagn sé sett í verkefnið þannig að kennarar fái þann stuðning sem þarf.

Nám og kennsla í grunnskóla. Teymiskennsla, lærdómssamfélag og kennslukarlar

Stofa H-201

10:45 – 12:15

Rannsóknarstofa um þróun skólastarfs

Anna Kristín Sigurðardóttir

„Nemendur vildu ekki fara til baka“ – Reynsla byrjenda í kennslu af teymiskennslu

Lilja M. Jónsdóttir, lektor, MVS, HÍ

Í þessu erindi verður greint frá hluta af niðurstöðum rannsóknarinnar Að bera meira úr bítum. Meðal markmiða hennar er að greina og skilja árangursríkt ferli breytinga í skólastarfi grunnskóla. Rannsóknarspurningin sem tengist þessum niðurstöðum er: Hvað virðist helst hafa áhrif á umbótastarf í skólum? Byggt er á kenningum um skólann sem lærdómssamfélag, en þær hafa í fyrri rannsóknum verið tengdar árangursríku skólastarfi. Rannsóknin er með íhlutunarsniði þar sem gögnum um stöðu skóla sem lærdómssamfélags er safnað. Gögnum í þessum hluta var safnað með viðtölum og heimsóknum í skólstofur kennaranna. Þátttökuskólarnir eru fjórir og ákvað hver um sig hvað hann vildi leggja áherslu á í sínu umbótastarfi. Skólinn sem hér um ræðir ákvað að innleiða teymiskennslu, en um þessar mundir er teymiskennsla efst á óskalista kennara um þróunarverkefni. Teymiskennsla er í fjölmörgum rannsóknum talin vera eðlilegur ávöxtur af hugmyndafræði lærdómssamfélagsins. Hér verður sjónum beint að einu tilviki í einum skólanna, en sá skóli kaus að innleiða teymiskennslu, nánar tiltekið hvernig tveimur kennurum gekk að skipuleggja teymiskennslu, byggja hana upp og þróa heilt skólaár. Þessir kennarar voru nýir við skólann auk þess að vera byrjendur í kennslu. Þeir höfðu kynnst og prófað teymiskennslu í misserislöngu vettvangsnámi sínu á síðasta árinu í fimm ára kennaranámi til meistarágráðu og voru ákveðnir í að láta reyna á slíka kennslu á sínu fyrsta kennsluári. Fyrstu niðurstöður þessarar tilviksrannsóknar (e. case study) verða reifaðar í erindinu.

Þróun teymiskennslu í Vogaskóla í Reykjavík

Auður Pálsdóttir, lektor, MVS, HÍ, og Snædís Valsdóttir, aðstoðarskólastjóri

Veturinn 2017–2018 prófuðu tveir umsjónarkennarar sem kenndu saman einum árgangi í Vogaskóla að endurskipuleggja eigið samstarf og vinnu með nemendum út frá hugmyndafræði um teymiskennslu. Teymiskennsla felst í því að kennarar kenna saman sama efnið og deila með sér undirbúningi kennslunnar og ábyrgð á nemendahópnum. Kennari á Menntavísindasviði fór fyrir starfinu í samstarfi við stjórnendur skólans. Lesefni á íslensku um teymiskennslu var lagt fram og kennarar í þremur öðrum skólum sem hafa reynslu af teymiskennslu voru heimsóttir. Haldnir voru fundir með kennurunum þar sem rýnt var í hvernig gekk, þ.e. hvað gekk vel og hverjar voru helstu áskoranirnar. Í júní 2018 hófst svo undirbúningur teymiskennslu á yngsta, mið- og unglingastigi skólans fyrir veturinn 2018–2019. Sagt verður frá reynslunni veturinn 2017–2018 annars vegar og hins vegar skipulagi samstarfsins 2018–2019 og greiningu á reynslunni af teymiskennslunni fyrstu tvo mánuði vetrarins, bæði út frá sjónarhóli stjórnenda og kennara. Sjónum verður einkum beint að því hverju kennarar hafa breytt í starfsháttum sínum, hvað hefur gengið vel og hvernig kennarar og stjórnendur hafa brugðist við vanda sem komið hefur upp.

Mat á stöðu skóla sem lærdómssamfélags

Berglind Gísladóttir, lektor, MVS, HÍ, Anna Kristín Sigurðardóttir, prófessor, MVS, HÍ, Auður Pálsdóttir, lektor, MVS, HÍ, og Birna Svanbjörnsdóttir, lektor, HA

Markmið þessarar rannsóknar er að þróa áreiðanlegt mælitæki til að meta stöðu faglegs lærdómssamfélags í grunnskólum. Í fyrri rannsóknum er litið á faglegt lærdómssamfélag sem grunn að möguleikum skólans til stöðugar þróunar í leit að betri árangri fyrir alla nemendur. Þróun mælitækisins er byggð á fjórum stigum. Í fyrsta lagi var spurningalisti með fullyrðingum um lærdómssamfélag lagður fyrir kennara og stjórnendur í 13 skólum í þremur sveitarfélögum haustið 2016. Alls barst 421 svar eða 69% svarhlutfall. Í öðru lagi var endurskoðaður listi lagður fyrir alla kennara og stjórnendur í 18 skólum í tveimur sveitarfélögum til viðbótar og þá bárust samtals 275 svör eða 43% svarhlutfall. Þriðja skrefið er svo að leggja fyrir nýjan lista, sem er byggður á úrvinnslu hinna tveggja, í þeim 13 skólum sem tóku þátt í fyrstu fyrirlofn, haustið 2018. Beitt er leitandi þáttagreiningu til að finna undirliggjandi þætti faglegs lærdómssamfélags og skoðuð verða tengsl á milli breyta. Niðurstöður úr þeirri vinnu eru kynntar í erindinu. Að lokum verður gerð eigindleg rannsókn í þeim tveimur skólum sem mælast með sterkust einkenni lærdómssamfélags í nýjasta spurningalistanum til að skoða hvort samhljómur er á milli niðurstaðna spurningalistans og eigindlegu rannsóknarinnar. Þess er vænst að til verði mælitæki sem skólar geti notað til að greina stöðu sína í samanburði við aðra skóla.

Eftirsóttasti minnihluti landsins? Nýbrautskráðir kennslukarlar í grunnskóla og starfsþróun í sex mánuði

Andri Rafn Ottesen, grunnskólakennari, og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, prófessor, MVS, HÍ

Í grunnskóla landsins vantaði tæplega 300 kennara með leyfisbréf sem grunnskólakennarar haustið 2016 og spáð er að á næstu árum muni vanta fleiri. Þá hefur körlum í hópi grunnskólakennara, sem um síðustu aldamót voru 24%, verið að fækka og eru nú um 18%. Í ljósi þess að lítið hefur verið rannsakað hvernig kyn nýbrautskráðra kennara getur haft áhrif á aðlögun að starfinu á vinnustað var þessi rannsókn gerð. Markmið hennar var að kanna hvernig nýbrautskráðum kennslukörlum gengi fyrstu sex mánuðina í starfi. Fjórum kennslukörlum var fylgt eftir með því að taka þrjú viðtöl við hvern þeirra á sex mánaða tímabili, frá ágúst til febrúar. Niðurstöðurnar gefa til kynna að nýbrautskráðu kennslukörlunum líði vel þegar komið er út á vettvang. Þeir áttu auðvelt með að kynnast nemendum og fá þá í lið með sér en höfðu kviðið meira fyrir foreldrasamskiptum. Hins vegar var leiðsögn minni en þeir höfðu búist við og þeir lögðu áherslu á að þótt þeir hefðu lokið fimm ára kennaranámi ættu

þeir margt ólært í starfinu. Kennslukarlarnir upplifðu einnig ýmislegt sem sneri að kyni þeirra en í langflestum tilfellum var það jákvæð upplifun. Rannsókninni er ætlað að vera innlegg í umræður um starfsþróun nýliða og það hvernig tengja mætti sérstakar aðgerðir kyni nýliðanna. Hún er einnig hugsuð sem brýning til skólastjórnenda um að vanda leiðsögn nýliða. Loks er rannsóknin hugsuð sem hvatning til ungra karla til þess að meta hvort starf grunnskóla-kennara geti hentað þeim.

Nám og starf í framhaldsskólum

Stofa H-201

13:15 – 14:45

Rannsóknarstofa um þróun skólastarfs

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson

Þversagnir og kerfisvillur: Ólík staða bóknáms og starfsnáms á framhaldsskólastigi

Elsa Eiríksdóttir, dósent MVS, HÍ, Guðrún Ragnarsdóttir, lektor, MVS, HÍ, og Jón Torfi Jónasson, prófessor emeritus, MVS, HÍ

Alþjóðlegar rannsóknir hafa sýnt fram á ólíka stöðu bóknáms- og starfsnámsbrauta í framhaldsskólum hvað varðar inntak náms, félagslega virðingu, réttlæti og tækifæri til framhaldsmenntunar. Þetta hefur einnig verið umræðuefni hér á landi í næstum heila öld. Markmið erindisins er að skoða hvernig ólík staða bóknáms- og starfsnámsbrauta með tilliti til virðingar, áherslu og forgangs birtist í íslensku menntakerfi út frá þremur sjónarhornum: (1) Sjónarhorni ytri stýringar í gegnum menntastefnu stjórnvalda, háskólastigið og atvinnulífið. (2) Sjónarhorni nemenda í ljósi þess sem hefur áhrif á val á námi í framhaldsskóla. (3) Sjónarhorni kennslu bók- og starfsnámsáfangna í framhaldsskólum. Leitast er við að varpa ljósi á þessa þætti með því að nota annars vegar námskrár, skýrslur og önnur opinber gögn sem tengjast viðfangsefninu og hins vegar gögn úr rannsókninni Starfshættir í framhaldsskólum. Niðurstöðurnar ber allar að sama bruni: Ólík staða bók- og starfsnáms er bæði kerfislæg og félagsleg. Birtingarmyndir ólíkrar stöðu komu fram með einhverjum hætti í þeim þremur sjónarhornum sem valin voru: í gegnum viðhorf sem birtast í opinberri menntastefnu, aðsókn og aðgengi að framhaldsskólanámi, kennsluháttum í framhaldsskólum og tækifærum að námi loknu. Mikilvægt er að skoða niðurstöðurnar í samhengi við jafnrétti til náms, tilgang menntunar og það hvernig ráðandi viðhorf lita stjórnáslu menntamála, samfélagslega afstöðu og starfshætti í skólunum, jafnvel þó að opinber stefnumótun einkennist af hinu gagnstæða og yfirlýst stefna sé að efla starfsnám.

Samvinna framhaldsskólanemenda – liður í lærdómi til lýðræðis

Gerður G. Óskarsdóttir, verkefnastjóri, MVS, HÍ

Lýðræði í skólastarfi hefur borið hátt í alþjóðlegri umræðu síðustu áratugi í kjölfar verkefna Evrópuráðsins og Evrópusambandsins um lýðræði í menntun og borgaravitund. En samvinna nemenda er einn af lykilþáttum lýðræðislegra kennsluhátta. Í Aðalnámskrá framhaldsskóla frá 2011 segir meðal annars að starfshættir skólanna skuli mótast af lýðræðislegu samstarfi. Markmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á umfang og skipulag samvinnu framhaldsskólanemenda í kennslustundum og viðhorf nemenda til hennar. Byggt er á vettvangslýsingum á 130 kennslustundum í níu framhaldsskólum og viðtölum við 17 nemendahópa úr rannsókninni Starfshættir í framhaldsskólum. Niðurstöður leiddu í ljós að einhvers konar samvinna fór fram í um 17% heildarkennslutímans sem fylgst var með (fjöldi mínútna). En munur kom fram milli námsgreina og skóla. Meiri tíma var varið í samvinnu í íslensku og erlendum tungumálum en í öðrum greinum. Í einum skólanna var um þriðjungi heildartímans varið í samvinnu en aðeins um 3% í öðrum. Ekki kom fram munur á byrjendaáföngum og framhaldsáföngum í þessum efnum og nemendafjöldi í námshópi eða uppröðun húsgagna virtist ekki skipta meginmáli. Greint var þrenns konar skipulag samstarfsins: a) samvinna skipulögð af kennara og nemendur unnu síðan að lausn viðfangsefnis sameiginlega í einstökum hópum (59% heildartíma í samvinnu); b) Samvinna sem kennari sagði fyrir um, en nemendur í hópunum skiptu með sér verkum og unnu síðan að mestu einslega (26%); c) valfrjáls samvinna (15%). Skoðuð var hópskipan, hópstærð og hlutverk í hópum. Viðhorf nemenda til samvinnu fléttast inn í umfjöllunina. Niðurstöður gefa tilefni til endurskoðunar kennsluhátta með hliðsjón af þjálfun nemenda í samvinnu.

Skóli á hreyfingu – Minna er meira

Arnór Benónýsson, framhaldsskólanum á Laugum, Hallur Birkir Reynisson, framhaldsskólanum á Laugum, og Hanna Sigrún Helgadóttir, áfangastjóri

Í erindinu er fjallað um þróunarverkefni í framhaldsskólanum á Laugum. Haustið 2017 byrjuðum við á kerfisbreytingum þar sem hefðbundnum kennslutímum í hverjum áfanga var fækkað niður í tvo á viku og þannig skapað svigrúm fyrir fjóra hálfra daga með samfelldum tíma nemenda og kennara í vinnustofum. Þar eru allir nemendur og flestir kennarar við vinnu. Nemendur skipuleggja viðfangsefni sín sjálfir en hafa aðgang að kennurunum eftir því sem þurfa þykir. Kennarar geta síðan tekið nemendur út úr vinnustofunum. Til þess að samræma og skipuleggja þessa úttöku nemenda er nauðsynlegt að halda vikulega skipulagsfundi með kennurum. Á þessum fundum verður til fljótandi stundaskrá næstu vikna sem send er með rafrænum hætti á nemendur og kennara. Til að gera

nemendur ábyrgari fyrir námi sínu og gera þeim unnt að skipuleggja tíma sinn í vinnustofum hefjast þær á standandi fundum. Þar standa nemendur upp og segja að hvaða verkefnum þeir ætla að vinna og er það skráð á töflu sem hangir á vegg. Þar kemur einnig fram hvort nemandinn óskar aðstoðar. Unnið er með eftirfarandi lykilhugtök: Líkaminn, hreyfing, næring, hvíld, geðheilbrigði, siðvitund, félagsfærni, kynheilbrigði, umhverfi, menning, listir og upplýsingalæsi. Eiga þær áherslu að vera greinilegar í öllum kenndum áföngum, sem og í öðru starfi skólans. Markmiðið er að nemendur tileinki sér þessar stoðir sem grunn fyrir lífsstíl sinn til framtíðar.

Vænleg viðhorf til árangurs. Ný rannsókn meðal framhaldsskólanemenda

Kristjana Stella Blöndal, dósent, Félags- og mannvísindadeild, HÍ

Meginmarkmið erindisins er að kynna niðurstöður um viðhorf nemenda sem voru í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu á síðastliðnu vori. Rannsóknin er hluti af alþjóðlega rannsóknarverkefni International Study of City Youth sem nær til ellefu borga í tíu löndum. Þátttakendur á Íslandi eru ungmenni sem voru í 10. bekk á höfuðborgarsvæðinu haustið 2014 og var þeim fylgt eftir með könnun síðasta vor, þegar mörg þeirra voru í framhaldsskóla. Fræðileg nálgun byggist á því að kanna viðhorf ungmennanna sem þekkt er að ýta undir gott námsgengi. Horft er til viðhorfa þeirra til náms, framhaldsskólans, menntunar og framtíðarsýnar. Jafnframt verða kynntar niðurstöður um mun eftir kyni, námsvali og námsframvindu og um breytileika á milli framhaldsskóla í ljósi samsetningar nemendahópsins.

Framhaldsskólinn: breytingar, þróun og innra starf

Stofa H-201

15:00 – 16:30

Framhaldsskólabrú, þróun nýrrar námsbrautar í FMOS

Björk Ingadóttir, framhaldsskólakennari, Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ, og Vibeke Svala Kristinsdóttir, framhaldsskólakennari, Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ

Á vorönn 2018 vann tólf manna kennarateymi í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ að því að hanna nýja námsbraut, sniðna að þörfum nemenda sem ýmissa hluta vegna hafa ekki náð að uppfylla lokamarkmið grunnskóla. Kennsla á nýju brautinni, sem fékk heitið Framhaldsskólabrú, hefst á haustönn 2018. Þetta er fjögurra anna, 90 eininga námsbraut fyrir fyrrnefndan nemendahóp sem telst vera í brotthvarfshættu. Fjórir kennarar eru umsjónarmenn brautarinnar, og aðrir kennarar skólans

munu þar að auki koma inn á brautina til að taka þátt í verkefnum sem tengjast sérsviði þeirra. Megináherslan á brautinni er að styrkja sjálfsmynd nemenda og auka hæfni þeirra í námi og á vinnumarkaði. Notað verður leiðsagnarmat og verkefnamiðað nám, eins og á öðrum brautum skólans. Þar að auki byggist námið á hugmyndafræði persónumenntar (e. character education) og hugmyndum um vaxtarmiðað hugarfar (e. growth mindset) og er því ætlað að efla gagnrýna hugsun, sjálfsþekkingu, heilbrigðan lífsstíl, stærðfræði- og tungumálakunnáttu. Brautin er þó ólík öðrum brautum skólans að því leyti að áfangar eru kenndir einn í einu, þ.e. nemendur vinna í tvær til fjórar vikur eingöngu að einum áfanga, sem þeir ljúka áður en þeir byrja á þeim næsta. Verkefnum er haldið til haga og þau lögð til grundvallar raunfærnimati fyrir áframhaldandi nám. Námsbrautin býður upp á þann sveigjanleika að nemendur geti farið af brautinni og yfir í hefðbundið framhaldsskólanám eða í vinnustaðánám að hluta til. Lokamarkmið Framhaldsskólabrúar er að nemendur séu betur búnir undir framtíðina, hvort sem um ræðir verk-, starfs- eða bóknám, þátttöku á atvinnumarkaði eða í lífinu almennt.

Breytt námsskipan til stúdentsprófs. Hvernig gekk?

Magnús Þorkelsson, skólastjórnandi, Flensborgarskólanum í Hafnarfirði

Árið 2008 voru sett lög um framhaldsskóla. Þar er, eins og í nokkrum eldri skjölum, talað um breytta námsskipan. Umræðan um breytta námsskipan fór fram í nokkrum atrennum þar sem eitt stærsta deilumálið var spurningin um hvort stytta ætti námstíma til stúdentsprófs. Í greinargerð með frumvarpinu frá 2007/8 er vikið að „breyttu námsskipulagi“ til stúdentsprófs og skólunum ætlað að útfæra það, með dreifstýrðum hætti. Þess má geta að í næstu framhaldsskólalögum þar á undan (1998) var mikil miðstýring boðuð. Tíu árum síðar var dreifstýring aðalmálið. Markmið þessarar stuttu könnunar er að skoða hvernig hugmyndin um breytta námsskipan þróaðist og hvort lendingin var í anda þess sem að framan er rakið. Aðferðin er heimildagreining, greining opinberra gagna og námsvísa skóla. Meðal þess sem spurt er um er hvort námsskipan hafi verið breytt eða ekki og hvaða kraftar hafi ráðið ferðinni. Lykilspurningin er hvort nemendur séu betur staddir nú eða ekki og þá hvernig. Helstu niðurstöður eru þær að togstreita stjórnvalda og hagsmunaaðila hafi leitt til þess að breytingin mistókst í meginatriðum, ef litið er til upphaflegra markmiða lagasetningarinnar. Í staðinn komu kjaraátök, miðstýring námsbrauta og ómarkvissar kröfur í aðalnámskrá sem hygla sumum námsgreinum. Lærdómurinn er að menn mega ekki missa sjónar af upphaflegum markmiðum og hag þeirra sem málið snýst í raun um.

Tengsl skólastjórnenda og áherslna á nám og kennslu við þætti í innra starfi framhaldsskóla

Ólafur Ingi Guðmundsson, doktorsnemi, MVS, HÍ, Amalía Björnsdóttir, prófessor, MVS, HÍ, og Börkur Hansen, prófessor, MVS, HÍ

Skólastjórnendur framhaldsskóla gegna lykilhlutverki í skólastarfi og mikilvægt er að þeir séu öflugir og faglegir leiðtogar innan skólans. Hlutverk skólastjórnenda er fjölbætt enda eru framhaldsskólar flóknar stofnanir þar sem verkefni eru af ýmsu tagi. Stór hluti af starfi skólastjórnenda felst í því að eiga góð og uppbyggileg samskipti við kennara, nemendur og aðra hagsmunaaðila. Einn þáttur í því er að skólastjórnendur geti stutt við kennslu kennara, byggt upp sameiginleg markmið meðal allra hlutaðeigandi og hvatt til áframhaldandi þróunar innan skólans. Með því eru skólastjórnendur komnir vel á veg með að byggja upp innra starf framhaldsskóla. Í þessari rannsókn er markmiðið að kanna tengsl skólastjórnenda og áherslna á nám og kennslu við þætti í innra starfi framhaldsskóla. Skoðaðir voru fjórir framhaldsskólar á Íslandi sem bjóða bæði upp á bóklegt og verklegt nám. Beitt var blandaðri rannsóknaraðferð meginlegra og eigindlegra aðferða þar sem spurningalistar voru lagðir fyrir kennara í skólunum og viðtöl voru tekin við skólastjórnendur. Í rannsókninni er horft til líkans DiPaola og Hoy þar sem gert er ráð fyrir að mismunandi atriði geti haft áhrif á viðhorf skólastjórnenda til innri þátta í skólastarfi framhaldsskóla. Í þessu erindi verða tekin fyrir gögn um viðhorf kennara til námsumhverfis innan síns skóla og samskipta við nemendur. Slíkar upplýsingar geta gefið skólastjórnendum tækifæri til að meta umhverfi sitt og huga að stuðningi við kennara. Gögnin geta þannig skapað umræðugrundvöll milli skólastjórnenda og kennara sem getur mögulega eflt virkni kennara í skólastarfinu og styrkt umbætur í ákveðnum þáttum í innra starfi skólanna.

Stafræn tækni í kennslu

Stofa H-203

9:00 – 10:30

Creative ways to use authentic materials for teaching (English): Stranger Things ´17

Noemi Cubas Martín, framhaldsskólakennari, Menntaskóla Borgarfjarðar

When we, teachers, think about the teaching and learning process we perhaps spend a lot of time and resources looking for the best materials, those that more directly suit our students' interests and needs. Technology is supposed to make our lives easier, especially for language teachers, because of the huge range of possibilities that technology offers (Youtube, Google, Screencasting, Edmodo, Blogging, Facebook ...). On the other hand, we have to face the possible negative effects (lack of self-

control and healthy curiosity or low productivity) that electronic devices could have while we are trying to adapt ourselves to the 21st century. This presentation reviews current thinking on the uses of online authentic materials and experimentation with the latest technological tendencies while, at the same time, suggesting ways in which those methods and materials might usefully be incorporated into training programmes and lessons. I will suggest the example of using the series *Stranger Things*, already planned and tested by the author in Iceland during the last two semesters (Menntaskoli Borgarfjarðar 2017/18), as an exciting way to approach this task.

DILE – Norrænt samstarfsnet um upplýsingatækni og skapandi starf í leikskólum

Torfi Hjartarson, lektor, MVS, HÍ, og Svava Pétursdóttir, lektor, MVS, HÍ

Upplýsingatækni býður upp á nýjar leiðir í námi og skapandi starfi á öllum skólastigum og á allra síðustu árum hafa sveitarfélög, mörg hver, lagt aukna áherslu á möguleika fóligna í notkun fartækni í leikskólastarfi, spjaldtölvur og snjallsíma, og raunar fleira tengt tækni í skapandi leik. Samstarfsnet byggt á NordPlus-verkefninu DILE (Digital Learning in Preschool) hefur leitast við að þróa og rannsaka notkun stafræna verkfæra í leikskólum. Þátttakendur eru leikskólakennarar, stjórnendur leikskóla á sveitarstjórnarstiginu og rannsakendur frá öllum Norðurlöndunum. Til að kortleggja og efla notkun á spjaldtölvum og öðrum stafrænum verkfærum í leikskólum eru rýnd fyrirbyggjandi skrif, leikskólar og háskólar í fimm löndum sóttir heim, rætt við starfsfólk og skipst á hugmyndum og reynslusögum á alþjóðlegum fundum, samfélagsmiðlum og þar til gerðum vef. Þróunarstarf og tilraunir hafa gefist vel; tæknin kemur að miklu gagni í sérkennslu og í almennu starfi gengur vel að ýta undir ýmiss konar ígrundun barnanna, samskipti, miðlun og sköpun, ekki síst með myndatökum og ýmsu sem þeim tengist. Tæknin kemur líka að góðum notum við skráningu á uppeldisstarfinu og í samstarfi við foreldra. Hér verður sagt frá ýmsu því sem verkefnið hefur skilað og greint frá hugmyndum um næstu skref.

Ég á lítinn skríttinn skugga – Kennsluleiðbeiningar með verkefnum um stafræna borgaravitund

Edda Rut Þorvaldsdóttir, meistaranemi, MVS, HÍ, Lilja M. Jónsdóttir, lektor, MVS, HÍ,

og Svava Pétursdóttir, lektor, MVS, HÍ

Þetta verkefni snýst um kennsluleiðbeiningar fyrir kennara með verkefnum sem hafa það að markmiði að hjálpa nemendum að vera ábyrgir á samfélagsmiðlum, gera þeim grein fyrir hættunum sem geta fylgt því að verja of löngum tíma inni á slíkum miðlum daglega og að setja sér mörk. Einnig á að hjálpa nemendum að nýta krafta samfélagsmiðla og styrkja þá með menntun og hæfni til að taka þátt í

stafrænu samfélagi. Markmiðið með kennsluleiðbeiningunum er að gera kennurum kleift að vinna verkefni með nemendum sínum sem fá þá til að bera meiri ábyrgð á eigin gjörðum á samfélagsmiðlum og gera sér grein fyrir því að þar sé ekki allt sem sýnist, sem og að þeir átti sig á að sú glansmynd sem slíkir miðlar geta gefið af lífi fólks eigi sér stundum litla stoð í raunveruleikanum. Verkefninu fylgir fræðileg greinargerð um þýðingu verkefnisins, bakgrunn þess og hugmyndafræði. Greinargerðin fjallar um stafræna borgaravitund, rannsóknir á snjalltækjanotkun ungmenna, forvarnir, námskenningar og gerð og notkun kennsluleiðbeininga ásamt því hvernig þær tengjast aðalnámskrá grunnskóla, lífsleikni, hæfniviðmiðum, kennsluháttum og kennsluaðferðum. Kennsluleiðbeiningunum fylgja 13 verkefni sem voru unnin út frá níu þáttum stafrænnar borgaravitundar, en þeir eru: aðgengi, verslun, samskipti, læsi, siðferði, lög og reglur, réttindi og ábyrgð, heilsa og velferð og öryggi. Kennsluleiðbeiningarnar eiga að sýna hvernig hægt er að skipuleggja fjölbreytta kennslu um stafræna borgaravitund og um leið að þjálfa nemendur í að vera ábyrgir notendur í stafrænum heimi.

Listkennsla og list í kennslu

Stofa H-203

10:45 – 12:15

Participatory Approach in Music Education. A Case Study

Adam Switala, doktorsnemi, MVS, HÍ

The research presented here is a case study of a music education programme, based on a participatory approach and introduced in a community after school centre in the Praga-Południe district, Warsaw. The main research methods were participant observation, autoethnography and free-form interviews. The research was conducted from June to November 2017; the research team consisted of 4 people: 2 music educators and 2 music sociologists. The participants in the study were children attending music lessons (age group 7-14, with a slight predominance of 10 year olds and under). The main principles of the applied participatory approach were an open ended learning process and practical curriculum creation. The participants were offered free access to a variety of musical instruments. The participating children and their adult family members were also invited to take part in concerts at the Warsaw Philharmonic. In addition, musicians of the Philharmonic regularly visited the community centre giving special performances for the children. Due to its short duration and narrow range of research activities, the study is of an exploratory nature. Nonetheless, a strong correlation between the participants' overall emotional disposition and the preferred kind of musical expression was observed.

Áhrif umhverfis á söngþroska tveggja til þriggja ára barna

Helga Rut Guðmundsdóttir, dósent, MVS, HÍ

Nýlegar rannsóknir benda til þess að um 60% þriggja ára barna geti haldið lagi þegar þau syngja lag að eigin vali. Það er mun hærra hlutfall en talið var samkvæmt eldri rannsóknum sem leiddu til kenninga um að þriggja ára börn væru almennt ekki fær um að halda lagi. Margar rannsóknir hafa sýnt að sjálfsprottinn söngur er afar algengur meðal þriggja ára barna og virðist slíkur söngur gegna stóru hlutverki í málþroska þeirra. Lítið er þó vitað um það hvaða áhrif umhverfið hefur á söngþroska barna og skortur er á rannsóknum þar sem það er skoðað með markvissum hætti. Í þessu erindi verður sagt frá nýrri rannsókn þar sem bornir voru saman tveir hópar leikskólabarna á aldrinum tveggja og þriggja ára (N=52). Börnin tilheyrðu sama leikskóla en tveimur starfsstöðvum hans. Á annarri starfsstöðinni fengu börnin sex vikna þjálfun með söngkennara sem lagði áherslu á góða raddbeitingu og fjölbreytt sönglög, en á hinni starfsstöðinni fengu börnin tónlistarkennslu með áherslu á rytmaleiki án söngs í jafnlangan tíma. Viðeigandi söngþroskaþróf voru lögð fyrir öll börnin áður en þjálfun hófst og sömu þróf voru endurtekin að þjálfun lokinni. Sagt verður frá helstu niðurstöðum rannsóknarinnar varðandi tónhæð og söngvísi barnanna fyrir og eftir þjálfun og tónðæmi með söng barnanna spiluð.

„Ég er með fiðrildi í maganum.“ Þátttaka unglunga í Þjóðleik, leiklistarhátíð ungmenna á Íslandi

Kristín Gestsdóttir, skólastjórnandi, Grunnskóla Hornafjarðar, og Ása Helga Proppé Ragnarsdóttir, aðjúnkt, MVS, HÍ

Þjóðleikur er leiklistarhátíð unglunga sem haldin hefur verið annað hvert ár á landsbyggðinni frá árinu 2009. Þjóðleikur hefur verið uppspretta nýrra leikverka fyrir unglunga en jafnframt samkoma þar sem unglingar á aldrinum 13 ára til 20 ára hittast, sýna leikrit og horfa á leikrit. Leikverkin eru öll frumsamin og eftir íslenska höfunda. Starfendarannsókn þessi beindist að starfsháttum leikstjóra, uppsetningu leikverks á Þjóðleik og unglingaleikhópi sem tók þátt, níu nemendum. Markmið rannsóknarinnar var að athuga hvort og þá hvernig leikstjóri getur haft áhrif á þátttakendur í Þjóðleik. Um leið var fylgst með þroska og upplifun unglunganna á æfingaferlinu. Rannsóknin stóð yfir frá október 2016 og fram yfir leiklistarhátíðina sem haldin var í apríl 2017. Gagna var aflað með rannsóknardagbók, myndböndum, viðtölum og ljósmyndum. Helstu niðurstöður voru þær að leikstjóra hefði tekist að valdefla nemendur sem tóku þátt í hátíðinni. Nemendur ræddu við leikstjóra um tilfinningar og upplifanir leikpersónanna, þeir urðu sjálfstæðari í hugsun og náðu að skilja og setja sig í spor annarra. Þeir rannsökuðu og gerðu mistök í túlkun á vegferð sinni, gátu leiðrétt þau og lærðu af mistökunum. Leiða má að því líkum að leiklistarhátíð unglunga sem þessi gefi þátttakendum tækifæri til að læra á

lífið. Þátttakendur verða betri samfélagsþegnar, þeir geta sett sig í spor annarra og þannig upplifað gleði, reiði, þjáningar og sorg með því að greina aðstæður og hegða sér í samræmi við þær. Vonandi geta niðurstöður rannsóknarinnar eflt samfélög á landsbyggðinni í þeim ásetningi að halda úti leiklistarkennslu í grunnskólum.

„Í leiklistartíma þá þurfum við að hlusta á hvert annað og taka tillit til hvers annars. Við lærum að segja það sem við meinum og í dag þá þori ég að standa upp og tala“

Rannveig Björk Þorkelsdóttir, aðjúnkt, MVS, HÍ

Í gegnum leiklist lærir nemandinn að setja sig í spor annarra og aðferðir leiklistarinnar gagnast vel til að styrkja sjálfsmynd nemenda. Veturinn 2013–2014 voru tveir grunnskólar í Reykjavík heimsóttir og fylgst var með leiklistarkennslu. Rannsóknin byggist á eigindlegri rannsóknarhefð og fellur undir etnógrafíska rannsókn á grunni félags- og menningarkenningar. Markmið etnógrafíunnar er að leitast við að skoða og skilja sjónarhorn þeirra sem rannsakaðir eru. Kenningar Stephens Kemmis og Peters Grootenboer um arkitektúr starfshátta voru hafðar að leiðarljósi í rannsóknarvinnunni. Starfshættir (leiklistarkennsla) eiga sér ávallt stað í tíma og rúmi og birtast í því hvernig það rými er skapað. Í þessum fyrirlestri mun ég fjalla um niðurstöður rannsóknarinnar út frá sjónarhorni nemendanna og svara rannsóknarspurningunni, sem var: Hver er upplifun og reynsla nemendanna af leiklistarkennslu og þátttöku í sýningu? Það sem stendur upp úr er að í leiklist, samkvæmt nemendum, er gaman. Nemendur tala um að í leiklist geti maður verið maður sjálfur og „þú þarft ekki að sitja allan tímann og þú hefur áhrif á hvað er kennt“. Einnig tala nemendur um að í gegnum leiklist læri þeir að vinna með öðrum, líka þótt maður vilji það ekki „Við lærum að segja það sem við meinum og í dag þá þori ég að standa upp og tala.“ Leiklist reynir líka á samskiptahæfni nemenda og tala þeir um að í leiklist þurfi allur hópurinn að vinna saman og að þeir þurfi að geta túlkað leikpersónur á sviði í samspili við meðleikara og geta notfært sér leikmuni og búninga.

Hvernig förum við að því að að lifa saman í reisn? „Lýðræðisleg hugsun dreifist jú ekki eins og influensa.“ Með listina að leiðarljósi leitast hópur listkennaranema við að svara þessari spurningu

Hanna Ólafsdóttir, lektor, MVS, HÍ

Kynnt verður þriggja ára alþjóðlegt samstarfsverkefni á vegum TEN (Teacher education network) þar sem tekist er á við hugmyndir um frelsi, jafnrétti og bræðralag, innblásnar af frönsku byltingunni undir yfirskriftinni CITIZENSHIP ríkisborgari/ríkisfang með áherslu á; a. formleg réttindi – ríkisborgari (lögfræðileg réttindi / skyldur) og b. persónulegt hlutverk – (sjálfsmynd, heilindi, samfélagsþátttaka).

Tæplega sextíu kennarar og nemendur frá Noregi, Finnlandi, Svíþjóð, Íslandi, Danmörku, Eistlandi, Lettlandi, Litháen og Belgíu komu saman á vormánuðum 2018 í Reykjavík og unnu baki brotnu í viku. Markmiðið var að skoða þá mismunandi færni og getu sem tengist því að vera ríkisborgari út frá þemanu „jafnrétti“. Hvað fels í því að vera hluti af heild, hvort sem það er í nær- eða fjærsamfélaginu. Lögð var áhersla á að nýta verkfæri listarinnar til að þróa getu og hæfni í samskiptum og tjáningu í gegnum gagnrýna hugsun. Nemendur spegla sig hver í öðrum með markvissri listrænni vinnu þar sem tekist er á við hvert þema í gegnum tónlist, leiklist, dans og myndlist. Í verkefninu, sem er styrkt af Nordplus, var skoðað gildi þess að vinna saman, deila viðhorfum og að lokum að setja upp sýningu þvert á þjóðerni og listgreinar svo úr verði heildstæð verk.

Kennsluaðferðir og áhrif í háskólum

Stofa H-203

13:15 – 14:45

Viðfangsefni og aðferðafræði meistaraverkefna í grunnskólakennarafræði 2017

Halla Jónsdóttir, aðjúnkt, MVS, HÍ

Grunnskólakennaranemar þurfa að skrifa 30 eininga meistararitgerð til að ljúka námi sínu og fá leyfisbréf. Hér verður sagt frá rannsókn á meistararitgerðum nema í grunnskólafræði, faggreinakennslu og kennslufræði grunnskóla. Markmiðið með rannsókninni var að skoða efnisval nema í meistaraverkefnum, rannsóknarsnið, og hverjir eru þátttakendur í rannsóknunum. Skoðaðar voru á fimmta tug ritgerða sem lokið var 2017. Í ljós kemur að einungis lítill hluti ritgerðanna fjallar í raun og veru um kjörsviðin, þó svo að nemar í grunnskólakennarafræði og faggreinakennslu eigi að tengja ritgerð sína kjörsviðum námsins. Oftast er megináherslan í raun á almenna þætti í kennslu, ásamt líðan nemenda og kennara. Varðandi aðferðafræðina er eigindleg aðferðafræði með viðtölum algengust. Rík áhersla er á fræðilega þáttinn, niðurstöður fá oftast mjög ítarlega umfjöllun en vissrar varkárni virðist gæta við ályktanir og greiningu í umræðukafla. Niðurstöðurnar verða síðan bornar saman við svipaða rannsókn Gunilla Eklund á meistaraverkefnum nema í Vasa í Finnlandi.

Upptökur í vandinámi

Ingibjörg B. Frímannsdóttir, lektor, MVS, HÍ

Kennsluaðferðir koma og fara og ein hugmyndafræði sem notið hefur nokkurra vinsælda undanfarin ár er svokallað vandinám (Flipped Learning). Í meginráttum er venjubundnum kennsluháttum snúið

á hvolf þannig að því sem í hefðbundinni kennslu er lagt inn í kennslustofunni hafa nemendur aðgang að heima, m.a. í formi myndbandsupptaka. Nemendum er þá ætlað að horfa á upptökurnar heima og vera tilbúnir að vinna í skólastofunni að verkefnum tengdum viðfangsefninu sem lagt var inn í upptökunum. Sitt sýnist hverjum um slíka kennsluhætti og ein megingagnrýnin á þá hefur verið að nemendur nenni hreinlega ekki að horfa á þessi myndbönd, sem vissulega er bagalegt. Í því sambandi hafa ýmsar leiðir verið nefndar til að hvetja nemendur til að horfa á upptökurnar áður en þeir mæta í vinnustofur. Ein sú lífseigasta er að leggja próf fyrir nemendur, t.d. inni í miðri upptökunni eða að upptöku lokinni. Ég mun á þessum vettvangi kynna niðurstöður könnunar sem gerð var í lok haustmisseris 2017 í námskeiðinu Talað mál og ritað. Í því námskeiði hefur síðastliðin fimm ár verið kennt samkvæmt hugmyndafræði vendináms. Í könnuninni var leitað svara við því hvort nemendur hefðu horft á tilteknar upptök og tekið prófið að áhorfi loknu. Farin var sú leið að leggja próf fyrir nemendur þegar þeir höfðu lokið við að horfa á upptökurnar. Einnig voru nemendur spurðir hvort þeir teldu að prófin hefðu virkað sem hvatning til að horfa á myndböndin.

Blended learning and student engagement

Kári Joensen, lektor, Háskólanum á Bifröst

This study examines how student engagement correlates with preference towards learning methods. An engagement metric, constructed from self-reported measures of student activity and participation, is shown to correlate with attitudes towards different styles of teaching. The determinants of student engagement within different learning formats are reviewed. For instance, distance learning students are more reliant on study groups and group assignments since they miss out on the interaction with peers that takes place in the classroom? The data is drawn from electronic surveys on students' attitudes, administered within three different departments of a social science university, at both bachelor's and master's level. The university primarily employs methods of blended learning and the survey further categorizes students based on their status as either campus-based or distance learning students. Online courses and online programs are becoming more and more widely used. It is, therefore, important to highlight the different challenges that these two student populations are facing.

Svæðisbundin áhrif háskóla á Íslandi og Nýfundnalandi

Póroddur Bjarnason, prófessor, HA og Ivan Emke, prófessor, Memorial University-Grenfell

Víða um heim hafa háskólastofnanir verið settar á fót utan stærstu þéttbýlisstaða í því skyni að veita íbúum dreifbýlli svæða menntun og efla búsetuskilyrði. Í þessu erindi verða borin saman áhrif tveggja háskólastofnana á nærsamfélög sín; áhrif Háskólans á Akureyri á Mið-Norðurlandi og áhrif Memorial University-Grenfell á vesturströnd Nýfundnalands. Sérstaklega verður litið til áhrifa þessara tveggja stofnana á menntunarstig, fjölbreytni samfélaga og efnahagslíf dreifðra byggða.

Menntabreytingar: Áhrif og forysta yfirvalda

Stofa H-203

15:00 – 16:30

Rannsóknarstofa um þróun skólastarfs

Guðrún Ragnarsdóttir

Aðkoma sveitarfélaga í umbótaferli í kjölfar ytra mats á grunnskólum

Björk Ólafsdóttir, verkefnisstjóri, Menntamálastofnun, Jón Torfi Jónasson, prófessor emerítus, MVS, HÍ, og Anna Kristín Sigurðardóttir, prófessor, MVS, HÍ

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 kemur fram að sveitarfélög skuli fylgja eftir innra og ytra mati á skólastarfi þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi (37. gr.). Aðalnámskrá grunnskóla tilgreinir að eftirfylgnin skuli fara fram með markvissum hætti. Í erindinu er sjónum beint að því hvernig sveitarfélög sinna þessu lögbundna hlutverki sínu. Einkum verður hugað að þessum tveimur spurningum: (1) Hver er þátttaka menntayfirvalda í sveitarfélögum þegar kemur að því að gera umbótaáætlun í kjölfar ytra mats og (2) hversu virk eru menntayfirvöld sveitarfélaga í að fylgja umbótunum eftir? Kynntar verða niðurstöður kannana, sem gerðar voru í maí 2016, annars vegar meðal skólastjóra í 22 grunnskólum sem tóku þátt í þróunarverkefni um ytra mat árin 2013, 2014 og fyrri hluta árs 2015 og hins vegar meðal formanna fræðslunefnda eða fræðslustjóra í þeim 19 sveitarfélögum sem annast rekstur og/eða eftirlit með þeim grunnskólum sem tóku þátt í þróunarverkefninu. Kannanirnar eru liður í gagnaöflun fyrir doktorsrannsókn sem er byggð á blandaðri aðferðafræði (e. mixed methods) og verður niðurstöðum kannananna fylgt eftir á síðari stigum rannsóknarinnar með viðtölum og gagnagreiningu.

Kvika menntabreytinga og þversagnir í kerfinu: Áhrif menntayfirvalda og háskólans

Guðrún Ragnarsdóttir, lektor, MVS, HÍ, og Jón Torfi Jónasson, prófessor emerítus, MVS, HÍ

Örar breytingar og hröð þróun einkennir samtímann en almennt er talað um að menntakerfið þróist hægar vegna fjölmargra ytri og innri áhrifaþátta. Í þessari grein vörpum við ljósi á það hvernig skólastjórnendur í íslenskum framhaldsskólum upplifa hlutverk sitt og getu til aðgerða við innleiðingu breytinga í flóknu samspili við menntayfirvöld og háskólasamfélagið. Greinin er byggð á viðtölum við 21 stjórnanda í níu íslenskum framhaldsskólum víðsvegar um landið. Skólar og skólastjórnendur voru valdir með lagskiptu tilviljanaúrtaki. Niðurstöðurnar sýna flókið og gagnvirkt samspil ólíkra hreyfiafla sem áhrif hafa á framhaldsskólann. Stofnanastýring í menntakerfinu er sterkt afl sem gengur þvert á áhrifahópa og þau félagskerfi sem stýra skólastiginu. Menntayfirvöld hafa áhrif í gegnum regluverkið (regulative) og gefa tvöföld skilaboð um frelsi annars vegar og beina stýringu hins vegar. Á meðan er háskólinn með staðlaðar (normative) og einsleitar hugmyndir um það hvernig nemendur hann vill fá til náms. Hvorir tveggja eiga því stóran þátt í að hægja á og jafnvel hindra breytingar í framhaldsskólum landsins. Rætt verður um mikilvægi þess að menntayfirvöld og háskólasamfélagið geri sér grein fyrir áhrifum sínum og lagt er til að þau losi takið og gefi stjórnendum og framhaldsskólakennurum frelsi og svigrúm til aðgerða með því að treysta á fagmennsku þeirra.

Forysta sveitarfélaga: Áherslur í lögum og reglugerðum

Sigríður Margrét Sigurðardóttir, lektor, HA, og doktorsnemi, MVS, HÍ, Anna Kristín Sigurðardóttir, prófessor, MVS, HÍ, og Börkur Hansen, prófessor, MVS, HÍ

Markmið rannsóknarinnar sem hér er kynnt var að auka skilning og þekkingu á forystu fræðslufyrvalda sveitarfélaga um grunnskólann og áherslu ríkisins þar á. Það var gert með því að rannsaka hvernig forysta sveitarfélaga um grunnskólann birtist í lögum og reglugerðum og hvaða áherslur þar eru lagðar á faglega forystu þeirra. Niðurstöðurnar eru ræddar með hliðsjón af fræðilegri þekkingu á árangursríkri forystu sveitarfélaga og pólitískri þróun síðustu ára. Eigindlegri innihaldsgreiningu var beitt til að greina lög, námskrá og reglugerðir og leita eftir þeim byggðum á orðum og orðasamböndum sem einkenna slíka forystu. Niðurstöður leiddu í ljós að forysta sveitarfélaga um málefni grunnskólans er ekki sett fram með skýrum hætti en falin í hlutverkum, ábyrgð og skyldum sem sveitarfélögin bera gagnvart grunnskólanum. Á hinn bóginn endurspeglar þær forystu sem er í eðli sínu dreifð og svarar að miklu leyti til þátta sem einkenna forystu sveitarfélaga sem rannsóknir hafa sýnt að sé æskileg til að árangur náist í skólastarfi. Þó eru vísbendingar um að óskýr mörk séu milli ríkis og sveitarfélaga hvað snertir starfsþróun og þróun náms og kennslu og því þurfi að huga að. Rannsóknin bendir til þess að skýra mætti betur faglegt forystuhlutverk sveitarfélaga í lögum og reglugerðum; huga þyrfti að því að pólitískar áherslur og óstöðugleiki undanfarinna ára hafi ekki neikvæð áhrif þar á og; menntun á

grunnskólastigi hefði gagn af því að litið væri í meiri mæli á sveitarstjórnunarstigið sem mikilvægan samherja í þróun málaflokksins.

Ólíkur félagslegur og menntapólitískur veruleiki íslenskra framhaldsskóla. Tuttugu ára þróun náms til stúdentsprófs af sjónarhóli framhaldsskólakennara og stjórnenda

Ásgerður Bergsdóttir, framhaldsskólakennari, og Berglind Rós Magnúsdóttir, dósent, MVS, HÍ

Í upphafi var framhaldsskólamenntun til stúdentsprófs aðeins fyrir fáa útvalda úr efri lögum samfélagsins. Með tímanum breyttist þetta hlutverk og nú er framhaldsskólum á Íslandi skylt að mennta öll ungmenni undir 18 ára aldri sem lokið hafa grunnskólaprófi. Stór hluti þeirra þreytir stúdentspróf. Ljóst er að breytingin hefur snert framhaldsskólana og starfsaðstæður innan hvers þeirra en þó með misjöfnum hætti. Breytingar á námi til stúdentsprófs hafa verið miklar undanfarna áratugi og þar kemur ekki eingöngu til stækkandi hópur nemenda sem sækja framhaldsskólann heldur ekki síður tilteknir alþjóðlegir menntastrámar sem hafa sett mark sitt á kerfið. Með þessari rannsókn var ætlunin að skoða starfsaðstæður kennara og stjórnenda; a) hvort og þá hvernig þær hefðu breyst á 20 ára tímabili, b) hvort og hvernig hugmyndir viðmælenda mörkuðust af ólíku félagslegu samhengi og markaðsstöðu skóla og c) hvort munur væri á upplifun kennara annars vegar og stjórnenda hins vegar. Rannsóknin byggðist á einstaklingsviðtölum við átta reynda kennara og stjórnendur í fjórum íslenskum framhaldsskólum. Val á framhaldsskólum í rannsókninni miðaðist við skóla með annaðhvort hátt eða lágt höfnunarhlutfall við inntöku. Í ljós kom verulegur munur milli skólanna með mestu og –minnstu aðsókn. Stefnumbreytingar stjórnvalda varðandi styttingu og fræðsluskyldu orkuðu mjög ólíkt á skóla eftir markaðsstöðu þeirra. Hins vegar voru aðrar breytingar sem orkuðu með svipuðum hætti í öllum skólunum, eins og aukið álag vegna lækkunar sjálfræðisaldurs og foreldrasamstarf. Munur á skoðunum og viðhorfum kennara og stjórnenda var lítill og frekar að skoðanir væru skiptar milli skóla en milli viðmælenda innan sama skóla.

Stærðfræðimenntun I

Stofa H-204

9:00 – 10:30

Rannsóknarstofa um stærðfræðimenntun

Guðbjörg Pálsdóttir

Forna reikningshandritið Algorismus

Kristín Bjarnadóttir, prófessor emerita, MVS, HÍ

Ritgerðin Algorismus fjallar um indó-arabíska talnaritun og reikniaðferðir sem henni fylgdu og voru að ryðja sér til rúms í evrópskri menningu á hámiðöldum (um 1050–1300). Algorismus er nærri orðrétt þýðing á latnesku ljóði, Carmen de algorismo, sem Alexander de Villa Dei (1170–1250), kunnur franskur námsefnishöfundur, orti skömmu eftir 1200. Þar er núll meðal annars kynnt í fyrsta sinn sem tala. Ritgerðina er að finna í nokkrum fornum íslenskum handritum frá 14.–16. öld: AM 544 4to, GKS 1812 4to, AM 685 4to, og AM 736 III 4to. Gerð verður grein fyrir textunum í handritunum fjórum, aldri þeirra og einkennum. Textar ritgerðarinnar eru bornir saman með tölulegum aðferðum til þess að meta skyldleika þeirra. Niðurstaðan er sú að allir textarnir séu uppskriftir sem stafa frá sömu rót. Einnig er fjallað um mynd um talnagildi höfuðskepnanna elds, lofts, vatns og jarðar. Myndin er nefnd í þremur handritanna en birtist í hinu fjórða, AM 736 III 4to, sem geymir einungis brot af textanum og nefnir ekki myndina.

Nokkur síung viðfangsefni úr talnafræði

Friðrik Diego, lektor, MVS, HÍ

Hvað er gamalt og hvað er nýtt? Hvað er einfalt og hvað er flókið? Þegar talnafræði er annars vegar getur reynst erfitt að svara þessum spurningum. Í þessu erindi verður stuttlega sagt frá nokkrum viðfangsefnum úr heimi talnafræðinnar, sér í lagi fjallað um nokkrar díófantískar jöfnur, þ.e. heiltölujöfnur, sem sumar hafa valdið heilabrotum öldum saman. Víðfræg er hin 350 ára langa glíma við síðustu setningu Fermats. Þó talnafræðileg vandamál séu gjarnan einföld í framsetningu reynast mörg þeirra óhemju flókin úrlausnar. Slík vandamál vekja auðveldlega áhuga og forvitni og þau veita lærdum sem leikum – nemendum á öllum skólastigum – frábært tækifæri til að virkja hugvitssemi sína og sköpunarkraft. Hér verður vikið að spennandi glímu við nokkrar heiltölujöfnur, við sögu koma gömul fræði og nýrri, en leitast verður við að gera einföldum atriðum hærra undir höfði en flóknum.

Tæknikunnátta nemenda kemur kennurum á óvart – notkun hljóðlausra myndbanda í stærðfræðitímum á framhaldsskólastigi

Bjarnheiður Kristinsdóttir, doktorsnemi, MVS, HÍ

Hljóðlaus myndbönd eru stuttar teiknimyndir sem sýna stærðfræði á kvikan hátt án orða eða texta. Nemendur fá það verkefni í tveggja manna hópum að undirbúa og taka upp talsetningu við myndbandið. Þeim er bent á að útkoman gæti gagnast samnemendum til að skilja betur stærðfræðina sem sést í myndbandinu. Í næsta tíma getur kennari valið úr úrlausnum eða fengið nemendur til að

stinga upp á eigin úrlausnum til að sýna öllum hópnum og leiðir kennari hópumræður í framhaldi af því. Þar gefst tækifæri til að ræða ýmiss konar algengan misskilning eða ónákvæmni í orðalagi sem tengist viðkomandi stærðfræðihugtaki eða -hugtökum. Verkefni sem þessi eru ný af nálinni og markmið rannsóknarinnar er að kanna væntingar kennara til þeirra og reynslu þeirra af því að nota þau. Beitt var eigindlegum aðferðum þar sem tekin voru viðtöl við fjóra stærðfræðikennara í jafnmörgum framhaldsskólum á Íslandi; fyrir, á meðan og eftir að verkefni með hljóðlausu myndbandi var unnið í tíma. Valdar niðurstöður sem nú liggja fyrir verða kynntar í málstofunni.

Stærðfræðimenntun II

Stofa H-204

10:45 – 12:15

Rannsóknarstofa um stærðfræðimenntun

Guðbjörg Pálsdóttir

Námssamfélag um stærðfræðinám og -kennslu

Jónína Vala Kristinsdóttir, dósent, MVS, HÍ

Fjallað verður um það hvernig námssamfélag grunnskólakennara og kennara í stærðfræðimenntun þróaðist í samvinnurannsókn þeirra um stærðfræðinám og -kennslu. Megintilgangur rannsóknarinnar var að koma auga á leiðir til að styðja kennara við að mæta þörfum ólíkra nemenda við stærðfræðinám og öðlast skilning á því hvernig nýta meggi þær til að bæta kennaramenntun. Sjónum verður beint að því hvernig námssamfélagið þróaðist og áhrifum nærsamfélagsins á það. Stuðst var við líkan um hringferli þróunarrannsókna sem er byggt á samvinnuðum ferlum rannsóknar og þróunar sem endurspeglar rökræn tengsl milli fræða og framkvæmdar. Byggt var á kenningum um nám í samfélagi og um fagmennsku kennara. Við greiningu á niðurstöðum rannsóknarinnar var stuðst við grundaða kenningu og frásagnarrýni var beitt við að greina þróun þátttakenda. Þátttakendur þróuðu með sér námssamfélag þar sem samvinnurýni var beitt við að ígrunda ólíkan skilning á stærðfræðinámi og -kennslu. Ólíkar hugmyndir um það hvaða aðferðir henti við að rannsaka eigið starf leiddu til þess að farnar voru leiðir þar sem kennararnir fundu til öryggis. Leyst var úr ágreiningi um árangursríkar leiðir við stærðfræðinám með því að skoða og ígrunda fjölbreyttar námsleiðir barna. Þátttakendur skerptu skilning sinn á því hvernig tryggja meggi aðgengi ólíkra nemenda að stærðfræði með því að ræða vandamál sem upp komu í kennslustundum þeirra. Þegar samvinnuverkefnið þróaðist tóku kennararnir smám saman frumkvæði að þróun rannsóknarinnar. Niðurstöður leiddu í ljós að þróun námssamfélags grunnskóla- og háskólakennara, þar sem þekkingu beggja er sýnd gagnkvæm virðing,

getur aukið skilning á kennaraþróun. Viðurkenna þarf reynslu kennara á vettvangi sem framlag til þekkingar í menntunarfræðum.

Hvernig tengist þetta stærðfræði? Stærðfræðikennsla í fjölmeningarbekk

Tanya Helgason, MA og grunnskólakennari, og Guðbjörg Pálsdóttir, dósent, MVS, HÍ

Íslenskir skólar eru ekki lengur einsleitir heldur eru þeir að breytast í þá átt að verða að fjölmeningarskólum. Nemendur með ólíkan menningarlegan og félagssefnahagslegan bakgrunn og tungumálabakgrunn þurfa allir að stunda nám og meðal þess er að læra stærðfræði. Fjallað verður um starfendarannsókn sem hafði það að markmiði að skoða hvernig höfundi tækist að bæta kennslu með sérstöku tilliti til nemenda af erlendum uppruna. Rannsóknarspurningin er: Hvernig get ég þróað, framkvæmt og bætt stærðfræðikennslu í fjölmeningarbekk? Ég skoðaði hvernig mér tækist að framkvæma hugmyndir um verðuga stærðfræðikennslu. Gögnum var safnað með rannsóknardagbók, vettvangsathugunum, verkefnum nemenda, ljósmyndum og samtölum við rannsóknarvin. Niðurstöður sýna að ég hafi ákveðnar hugmyndir um hvernig stærðfræðikennari ég vil vera og hvers konar stærðfræðináms- og -kennsla gagnast nemendum. Ég tel að sjálfstæð vinna nemenda í kennslubókum stuðli ekki að því að nemendur þrói með sér djúpan skilning og öðlist stærðfræðihæfni. Opin verkefni og verkefni sem bjóða upp á myndræna framsetningu hjálpa nemendum í fjölmeningarbekk betur að takast á við viðfangsefni stærðfræðinnar af góðum skilningi. Rannsóknin sýnir einnig að mikilvægt sé að hafa í huga hvernig félagsleg og félagsstærðfræðileg viðmið nemendur eru búnir að tileinka sér, hvernig hugmyndir þeir hafa um stærðfræðináms og hvaða viðhorf þeir hafa til stærðfræði. Neikvæð viðhorf nemenda og stofnuð viðmið í kennslustofu geta verið hindrun í að innleiða nýjar hugmyndir um stærðfræðikennslu og -nám. Af starfendarannsókninni lærði ég að tími og þolinmæði skipta miklu máli þegar kennari reynir að breyta kennsluháttum og gömlum venjum.

Starfsþróun stærðfræðikennara – Stærðfræðimenntun, nám fyrir grunnskólakennara

Guðbjörg Pálsdóttir, dósent, MVS, HÍ, og Margrét S. Björnsdóttir, aðjúntkt, MVS, HÍ

Það er mikilvægt að kennarar hafi aðgang að fjölbreyttum starfsþróunartilboðum og að kennaramenntunarstofnanir hugi vel að því hvernig þær geti unnið með kennurum og stutt þá í starfsþróun sinni. Skólaárið 2016–2017 tóku um 50 grunnskólakennarar (þar af um 20 í gegnum netið) þátt í ársnámi í stærðfræðimenntun (15 ECTS eða 30 ECTS) í nokkrum fimm eininga námskeiðum. Hópnum var skipt niður eftir aldursstigum. Inntak námskeiða og skipulag var valið út frá niðurstöðum spurningalista sem sendur var til allra stærðfræðikennara í grunnskólum landsins og út frá faglegum

sjónarmiðum. Kennararnir töldu að það myndi nýtast þeim að skoða leiðir til að skipuleggja stærðfræðikennslu með það markmið að auka áhuga nemenda, auka fjölbreytni og efla stærðfræðilega hugsun og þar með nám nemenda og kennara. Á námskeiðunum lásu kennararnir um og ræddu margvíslegar hugmyndir um stærðfræðináms- og -kennslu og prófuðu þær í eigin kennslu. Áhersla var lögð á að mynda námssamfélög. Kennararnir tóku allir þátt í rannsóknarkennslustund (e. lesson study) þar sem þeir unnu í litlum hópum að þróun kennslustundar. Við lok námsins svöruðu kennararnir spurningalista þar sem þeir mátu gagnsemi námsins og gildi þátttöku sinnar fyrir starfsþróun sína. Greint verður frá forhugmyndum kennara, námsferlinu yfir veturinn og mati þeirra sem og kennara námskeiðanna. Rýnt verður í hvernig áherslur voru lagðar og hvaða áhrif þátttakan í náminu hafði á hugmyndir og kennslu kennaranna.

Stærðfræðimenntun III

Stofa H-204

13:15 – 14:45

Rannsóknarstofa um stærðfræðimenntun

Guðbjörg Pálsdóttir

Samræður um stærðfræðiverkefni: tvístrandi frá, eða í átt að, sameiginlegum skilningi?

Ingólfur Gíslason, aðjúkt, MVS, HÍ

Markmið þessarar tilviksrannsóknar (e. case study) er að kanna það hvernig kennari og nemendur skapa saman merkingu í stærðfræði þar sem kennslan er verkefnamiðuð og kennarinn leitast við að eiga samræðu við nemendur í stað þess að flytja fyrirlestra. Athyglinni er beint að einum hópi í framhaldsskóla sem er að taka fyrsta stærðfræðiáfangu skólans. Samræður í skólstofunni eru greindar undir sjónarhorni samræðuhyggju (e. dialogism). Samræðuhyggja er fyrst og fremst veru- og þekkingarfræðilegt sjónarhorn. Hún felur í sér að öll merkingarsköpun einstaklinga og hópa sé innbyrðis háð merkingarsköpun og skilningi annarra. Samkvæmt samræðuhyggju felst merking þess sem sagt er í þeim áhrifum sem mælendur hafa með orðum sínum í því og á það samhengi sem þeir eru í en ekki í orðabókarskilgreiningum eða öðrum samsvörnum orða og hluta. Í þessu erindi er athyglinni beint að opnum samræðum um stærðfræðiverkefni sem snúa að tengslum „raunverulegra aðstæðna“ við framsetningar með gröfum og fallstæðum. Samræðurnar eru greindar út frá myndbandsupptökum af samræðum kennara við bekkinn í tímum og stuðst er við aðferðir samtalsgreiningar (e. conversation analysis) auk kenningarlegra hugtaka Bakhtins um það hvernig í samræðu togist á eins konar miðsækni (e. centripetal force) að „hinu opinberlega rétta“

(stærðfræðileg orðræða, tungutak, viðhorf og gildi skólans) og miðflótti (e. centrifugal force), sem tvístrar samræðunni í aðrar áttir, að þeim ólíku orðræðum sem lifa í hverri samræðu (tungutak, viðhorf og gildi úr öðrum áttum).

Hvernig endurmenntun í stærðfræði vilja starfandi stærðfræðikennarar í framhaldsskólum?

Freyja Hreinsdóttir, dósent, MVS, HÍ

Á árunum 2015–2017 var í boði 60 eininga diplómanám fyrir starfandi stærðfræðikennara í framhaldsskólum. Á meðan á náminu stóð svöruðu kennarar nokkrum ítarlegum könnunum um innihald og skoðanir þeirra á náminu. Niðurstöður þessara kannanna hafa verið notaðar við endurskoðun námsins, en boðið var upp á hluta þess haustið 2018. Með hliðsjón af niðurstöðum áður nefndra kannana verða tekin viðtöl við nokkra starfandi kennara (bæði sem hafa tekið þátt í náminu og sem ekki hafa tekið þátt í því) til að grennslast fyrir um skoðanir þeirra á því hvað sé góð endurmenntun og hverju þyrfti að breyta. Einnig verður rætt við nokkra háskólakennara sem mennta stærðfræðikennara og skoðanir þeirra bornar saman við skoðanir kennaranna, en þessir tveir hópar eru ekki endilega sammála.

Fyrirkomulag og inntak fjármálakennslu á unglingsstigi í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu

María Elín Guðbrandsdóttir, MA, MVS, HÍ, og Freyja Hreinsdóttir, dósent, MVS, HÍ

Greint verður frá niðurstöðum rannsóknar á skipulagi fjármálakennslu á unglingsstigi í grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu. Rannsóknin var bæði eigindleg (viðtöl) og meginleg (spurningakönnun). Tekin voru viðtöl við tvo reynda stærðfræðikennara og könnun lögð fyrir stærðfræðikennara svæðisins sem eru um 100 talsins. Í könnuninni var m.a. spurt um fyrirkomulag, inntak, námsefni og mikilvægi fjármálafræðslu. Út frá kenningaramma PISA um fjármálalæsi voru þátttakendur spurðir út í umfjöllun um þá námsþætti sem prófað er úr en Íslendingar munu taka þátt í fjármálalæsishluta PISA-rannsóknarinnar í fyrsta skipti árið 2021. Aðalniðurstaða rannsóknarinnar er að fjármálakennslu í grunnskólum sé ábótavant, það sé hátt flækjustig og vanti stuðning við kennara í formi endurmenntunar og námsefnis.

Hringborðsumræður

Stofa H-204

15:00 – 16:30

Nordlab: Samnorrænt verkefni um kennslu raungreinahugtaka – hvað svo?

Baldur Garðarsson, framhaldsskólakennari, Menntaskólanum að Laugarvatni

Lýsing: Umræða um námsefnisgerð og skipulagningu viðburða, sem tengjast íslenskum orkumálum á breiðum grundvelli, aðallega fyrir unglingastig grunnskóla. Verkefnið er beint framhald svokallaðs „Nordlab“-verkefnis, samnorræns verkefnis sem var unnið á árunum 1999–2005 og undirritaðir áttu aðild að á þeim tíma, m.a með skipulagningu „Orkuþings fyrir börn“ (sem haldið var í Perlunni í Reykjavík) og byggingar lítillar vatnsaflsvirkjunar við Lýsuhólsskóla á Snæfellsnesi, sem var alfarið hönnuð og reist af nemendum sjálfum með aðstoð kennara við skólann. Að þessu verkefni komu á sínum tíma ýmsir aðilar, m.a. Orkustofnun, Landsvirkjun, Norðurorka, Samorka og Orkuveita Suðurnesja, og er nokkuð víst að sömu aðilar (auk Orkuseturs á Akureyri) myndu vilja leggja þessu lið ef eitthvað kæmi út úr þessu. Eitt af þeimum Nordlab var sjálfbærni.

Heilsa og lífshjör unglunga

Stofa H-205

9:00 – 10:30

Rannsóknarstofa í tómstunda- og félagsmálafræðum

Ársæll Már Arnarsson

Niðurstöður rannsóknar meðal nemenda í 6., 8. og 10. bekk í grunnskólum á Íslandi

Vanda Sigurgeirsdóttir, lektor MVS, HÍ

Einelti er flókið samfélagslegt vandamál og nauðsynlegt er að stemma stigu við því. Undanfarna áratugi hafa eineltisrannsóknir verið notaðar til að þróa aðferðir gegn einelti og ákveðinn árangur hefur náðst. Eigi að síður sýna niðurstöður íslensks hluta HBSC-rannsóknanna að tíðni eineltis færdist í aukana hér á landi á árunum 2006, 2010 og 2014. Í erindinu sem hér um ræðir er rýnt í þessar niðurstöður. Um er að ræða áðurnefnda HBSC-rannsókn meðal nemenda í 6., 8. og 10. bekk í grunnskólum á Íslandi, sem gerð er á fjögurra ára fresti í yfir 40 löndum. Svarhlutfall héraðs var um 85%. Helstu niðurstöður sýna að hlutfall þeirra sem sögðust hafa verið lagðir í einelti tvisvar til þrisvar í mánuði eða oftar fór úr 4,2% árið 2006 í 5,3% árið 2010 og loks upp í 5,5% árið 2014. Tölurnar frá 2018 liggja ekki fyrir en von er á þeim og verður áhugavert að skoða hver þróunin hefur verið. Niðurstöðurnar verða ræddar í ljósi þeirra aðgerða gegn einelti sem ráðist hefur verið í hér á landi. Tillögur að útbótum verða lagðar fram.

Ræðum saman! Kynlífvirkni unglunga og samskipti við foreldra

Steingerður Kristjánsdóttir, aðjúnkt, MVS, HÍ, Kolbrún Þ. Pálsdóttir, dósent, MVS, HÍ, og Ársæll Már Arnarsson, prófessor, MVS, HÍ

Í þessu erindi er fjallað um kynlífvirkni unglunga og samskipti þeirra við foreldra. Niðurstöður byggjast á spurningakönnun sem lögð var fyrir alla unglunga í 10. bekk á Íslandi árið 2014 í tengslum við alþjóðlegu HBSC-rannsóknina (Health Behaviour in School-aged Children). Þátttakendur voru beðnir að taka afstöðu til spurningarinnar „Hefur þú einhvern tímann haft samfarir (stundum kallað að sofa hjá)?“ Samskipti við foreldra voru metin með því að spyrja hversu auðvelt unglingarnir ættu með að tala við mæður sínar eða feður um það sem ylli þeim áhyggjum. Fyrri rannsóknir hafa sýnt að íslensk ungmenni byrja fyrr að stunda kynlíf en evrópskir jafnaldrar þeirra, eða að meðaltali um 15 ára aldur. Þá er tíðni ótímabærra þungana og kynsjúkdóma hærra á Íslandi en í ýmsum OECD-löndum. Niðurstöður benda til þess að fylgni sé á milli þess hve auðveld/erfið unglingar upplifa samskipti við foreldra og kynlífvirkni. Af 3.618 nemendum sem tóku þátt í könnuninni svöruðu 3.545 (98,0%) spurningunni um það hvort þau hefðu haft samfarir. Alls sögðust 74,6% aldrei hafa haft samfarir en 23,4% svöruðu því játandi. Bæði kyn virðast í lakari samskiptum við feður sína en mæður og stúlkur meta þau verri en strákar. Niðurstöður geta nýst til að efla kynfræðslu og til að veita foreldrum ráðleggingar um það hvernig megi styrkja samskipti við unglunga.

Útivera og náttúra í lífi barna í 6., 8. og 10. bekk

Jakob Frímann Þorsteinsson, aðjúnkt, MVS, HÍ

Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna hversu miklum tíma íslensk ungmenni verja úti og hvaða ávinningur megi ætla að sé af því að vera úti. Almenn er talið að börn verja minni tíma úti en áður. Vísindamenn og fagfólk, m.a. frá Kanada, Ástralíu, Evrópu og Bandaríkjunum, hafa sýnt fram á að börn verja auknum tíma innandyrna við alls konar skjánotkun í stað þess að vera úti. Margar ástæður eru til að hafa áhyggjur af minni útiveru barna, m.a. vegna áhrifa á andlega og líkamlega heilsu. Lítið er aftur á móti vitað um það hversu miklum tíma íslensk ungmenni verja úti og hvaða ávinning það hefur fyrir þau að vera úti. Erlendar rannsóknir benda flestar til jákvæðra áhrifa útiveru, m.a. vegna tengsla við náttúru og bættrar heilsu. Í erindinu eru kynntar glænýjar niðurstöður úr rannsókn sem greinir hversu miklum tíma börn á Íslandi verja úti og tengsl þess m.a. við búsetu, kyn, skjánotkun og heilsutengda þætti. Niðurstöður byggjast á spurningum úr Heilsa og lífskjör skólanema (HBSC) 2017/2018, sem rúmlega sjö þúsund nemendur í 6., 8. og 10. bekk svöruðu. Tilgáta rannsakenda er sú að félagslegur

bakgrunnur, s.s. kyn, þjóðerni, og fötlun, hafi áhrif á möguleika barna til að njóta útivistar og tengsla við náttúru.

Félagslegur ójöfnuður í heilsu unglinga – samanburður meðal Norðurlandþjóða

Árni Guðmundsson, aðjúnkt, MVS, HÍ, og Ársæll Már Arnarsson, prófessor, MVS, HÍ

Tilgangur: Að skoða áhrif félagslegs ójöfnuðar á mat unglinga (11, 13 og 15 ára) á eigin heilsufari. Félagslegur ójöfnuður var bæði metinn út frá efnislegum gæðum (Family Affluence Scale) og huglægu mati unglिंगanna á fjárhagslegri stöðu fjölskyldunnar. Aðferð: Gögnum var safnað á öllum Norðurlöndunum á sama tíma veturinn 2013–2014 í tengslum við alþjóðlegu HBSC-rannsóknina (Health Behaviour in School-aged Children). Úrtakið samanstóð af alls 32.560 unglिंगum frá Danmörku, Finnlandi, Grænlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð. Aðhvarfsgreining var notuð til að meta tengslin milli lélegs heilsufars og fjárhagslegrar stöðu. Niðurstöður: Þeir unglिंगar sem mátu heilsu sína sem „sæmilega“ eða „lélega“ voru tvisvar sinnum líklegri en aðrir til þess að tilheyra fjölskyldum með minnst efnisleg gæði. Þessi áhrif reyndust koma minnst fram í Noregi en sterkast í Danmörku. Þegar huglægt mat unglिंगanna var skoðað reyndust þeir með lökustu heilsuna vera fjórum sinnum líklegri en aðrir til að tilheyra fjölskyldum með lítil fjárráð. Áhrif þessa reyndust vera mest á Íslandi en minnst á Grænlandi. Ályktun: Félagslegur ójöfnuður, hvort heldur sem hann var mældur hlutlægt eða huglægt, reyndist hafa mikil áhrif á mat unglinga á Norðurlöndunum á eigin heilsufari. Þessar niðurstöður varpa mikilvægu ljósi á skaðleg áhrif þess að alast upp við fátækt.

Kynferðislegt áreiti og ofbeldi gegn unglिंगum – áhrif fjárhagsstöðu og kyns

Eygló Rúnarsdóttir, aðjúnkt, MVS, HÍ, og Ársæll Már Arnarsson, prófessor, MVS, HÍ

Tilgangur: Að meta áhrif fjárhagsstöðu og kyns unglinga á hættuna á því að þau verði fyrir kynferðislegu áreiti og ofbeldi. Aðferð: Rannsóknin byggist á gögnum úr íslenskum hluta HBSC-rannsóknarinnar á heilsu og lífshæðum skólabarna. Alls tóku 3.618 íslenskir nemendur þátt í alþjóðlegri spurningalistarannsókn sem lögð var fyrir alla nemendur í 10. bekk í öllum skólum landsins að einum undanskildum. Reyndsla nemenda af kynferðislegri áreitni og ofbeldi var metin með því að spyrja hversu oft þeir hefðu gegn sínum vilja: a) verið snertir með kynferðislegum hætti, b) verið látnir snerta annan einstakling með kynferðislegum hætti, c) orðið fyrir því að reynt hefði verið að hafa við þá samfarir eða munnmök eða d) orðið fyrir því að einhverjum hefði tekist að hafa við þau samfarir eða munnmök. Niðurstöður: Alls sögðust 14,6% (N=528) unglिंगanna hafa orðið fyrir áreiti eða ofbeldi af þessum toga. Stelpur voru tvöfalt líklegri til að hafa upplifað þetta, 20,2% á móti 9,1% stráka. Slæm fjárhagsstaða

foreldra jók til muna hættuna, en miklu meira hjá stelpum en strákuum. Þannig höfðu 37,6% stúlkna sem bjuggu við lökustu kjörin orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi samanborið við 16,7% stráka sem bjuggu við svipuð kjör. Umræður: Kynferðislegt áreiti og ofbeldi gegn unglingum er algengt, sérstaklega meðal stúlkna og þeirra sem búa við bágust kjör. Fjárhagsstaða fjölskyldu hefur mun meiri áhrif á áhættuna hjá stelpum en strákuum.

Heilsuefning í skóla- og frístundastarfi

Stofa H-205

10:45 – 12:15

Anna Sigríður Ólafsdóttir

UPRIGHT – stuðlað að vellíðan unglunga og seiglu

Alda Ingibergsdóttir, doktorsnemi, MVS, HÍ, Anna Sigríður Ólafsdóttir, prófessor, MVS, HÍ, og UPRIGHT-vinnuhópurinn

Markmið UPRIGHT er að þróa námsefni og námsumhverfi sem byggir á heildrænni nálgun við að efla vellíðan og seiglu meðal ungmenna í skólasamfélaginu. Verkefnið er styrkt af Horizon 2020 frá Evrópusambandinu. Samstarfsaðilar eru frá Noregi, Danmörku, Póllandi, Ítalíu og Spáni auk Embættis landlæknis á Íslandi. Verkefninu er ætlað að stuðla að góðri líðan í skólasamfélaginu þar sem nemendur, kennarar og starfsfólk skólanna ásamt foreldrum eru lykilpersónur. Þátttakendur rannsóknarinnar á Íslandi verða um 1150 nemendur í sex skólum í Reykjavík á aldrinum 12–14 ára, fjölskyldur þeirra og kennarar/starfsfólk skóla. Þátttökuskólum var skipt upp með tilviljunarúrtaki í þrjá inngrípsskóla og þrjá viðmiðunarskóla. Á haustönn (2018) munu kennarar ásamt foreldrum í inngrípi fá þjálfun í seiglu eftir forskrift frá UPRIGHT-rannsóknarhópnum. Á vorönn munu kennarar inngrípsskóla verja 1–1½ klukkustund á viku í að miðla geðrækt til nemenda sinna samkvæmt kennsluefni frá UPRIGHT. Inngríp verður endurtekið að ári liðnu innan sömu skóla. Árangur inngríps verður mældur með spurningalistum og matskvörðum sem lagðir verða fyrir þátttakendur í inngríps- og viðmiðunarhópum 12 og 24 mánuðum eftir að inngrípi lýkur. Vísindalegur ávinningur af UPRIGHT verður gagnreynt kerfi sem styður seiglu og vellíðan í skólasamfélaginu gegnum umhverfi þess og félagslegt nærsamfélag. Reynist UPRIGHT árangursríkt verður kennsluefni aðgengilegt og án kostnaðar á netinu fyrir skóla í landinu.

Hvernig lýsir matvæðni sér hjá börnum með taugaþroskaraskanir samanborið við börn án þessara raskana?

Sigrún Þorsteinsdóttir, doktorsnemi, MVS, HÍ, Urður Njarðvík, prófessor, HVS, HÍ, og Anna Sigríður Ólafsdóttir, prófessor, MVS, HÍ

Sagt verður frá rannsókn okkar, Bragðlaukaþjálfun – fæðumiðuð íhlutun í skólaumhverfinu, sem fer af stað nú í haust. Aðaláhersla okkar í þessu verkefni er á fæðuval, matvæðni og líðan, bæði hjá börnum og foreldrum. Matvæðni hjá börnum, sérstaklega þeim sem glíma við taugaþroskaraskanir á borð við ADHD og raskanir á einhverfurófi, er nýtt og vaxandi rannsóknarefni. Matvæðni getur falið í sér að barn velur umfram annað mat sem er bragðdaufur eða sætur en litur, áferð og annað skynáreiti getur líka ýtt undir einhæft fæðuval. Börn með taugaþroskaraskanir eru gjarnan matvandari en önnur börn og geta átt erfitt með að borða fjölbreyttan mat. Það gerir það að verkum að matartíminn getur valdið kvíða og gert samskipti fjölskyldumeðlima erfiðari í kringum máltíðir. Það er því sérstaklega mikilvægt að styðja gott fæðuval hjá þessum börnum og stuðla að góðu næringarástandi þeirra en einnig hlúa að líkamlegri, andlegri og félagslegri vellíðan. Það eru fá úrræði í boði fyrir matvönd börn með taugaþroskaraskanir og oftast eru þau útilokuð frá rannsóknum af þessu tagi. Áhersla verður lögð á að þróa úrræði fyrir börn með taugaþroskaraskanir og foreldra þeirra en jafnframt er horft til barna án þessara raskana til samanburðar. Skortur hefur verið á rannsóknum á þessu sviði hingað til og lítið framboð verið af fræðsluefni fyrir foreldra og skóla.

Heilsueflandi skólar í Heilsueflandi samfélagi

Ingibjörg Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri, Embætti landlæknis, Jenný Ingudóttir, verkefnisstjóri, Embætti landlæknis og Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir, verkefnisstjóri, Embætti landlæknis

Embætti landlæknis býður skólum og sveitarfélögum þátttöku í *Heilsueflandi samfélagi*, *Heilsueflandi framhaldsskóla*, *Heilsueflandi grunnskóla* og *Heilsueflandi leikskóla* sem eru nálganir þar sem skólar og samfélög fá stuðning, fræðslu og verkfæri til að innleiða og vinna markvisst að heilsueflingu. Heilsueflingarstarfið felur í sér að hafa áhrif á hugarfar til jákvæðra breytinga og gera holla og góða valið sem auðveldast fyrir alla undir yfirskriftinni *Vellíðan fyrir alla*. Heilsueflingarstarfið þarf að vera byggt á langtímaáætlun en á ekki að vera átaksverkefni og því er lagt upp með að skólar taki sér góðan tíma í undirbúning og stöðumat áður en farið er í aðgerðir. Heilsueflandi skólar fá aðgang að notendastýrðu vefsvæði sem auðveldar skólum að halda utan um heilsueflingarstarfið og fylgjast með framþróun. Auk þess eru aðferðir heilsueflandi skóla gott verkfæri til að veita skólum stuðning við að innleiða þann þátt aðalnámskrár sem fjallar um heilbrigði og velferð.

Kynjamunur í samspili holdafars við efnaskiptaheilsu meðal framhaldsskólanema

Ingibjörg Kjartansdóttir, doktorsnemi, HVS, HÍ, Sigurbjörn Árni Arngrímsson, prófessor, MVS, HÍ, Ragnar Bjarnason, prófessor, HVS, HÍ, og Anna Sigríður Ólafsdóttir, prófessor, MVS, HÍ

Inngangur: Klínískra einkenna hjarta- og æðasjúkdóma verður sjaldan vart meðal ungmenna en forstíga þeirra koma fram þegar á unga aldri. Samband holdafars við efnaskipti og æðasjúkdóma er flókið, sérstaklega á unglingsárum þegar samband áhættuþátta og aldurs er kynjabundið. Fæðuval hefur verið talið mögulegur áhrifavaldur á útkomu efnaskipta hjá einstaklingum. Efnaskiptavilla (e. metabolic syndrome) er kvarði sem notaður er til að greina einstaklinga í aukinni hættu á hjarta- og æðasjúkdómum. Markmið rannsóknarinnar var að skoða tengsl líkamsfituhlutfalls við z-skor efnaskiptavillu meðal 16 ára framhaldsskólanema m.t.t. kyns, líkamsþreks og fæðuvals. Einnig skyldi kanna algengi efnaskiptavillu.

Aðferðir: Þversniðsrannsókn meðal 16 ára framhaldsskólanema, (n=221, 52% strákar). Mælt var: hæð, þyngd, þykkt húðfellinga á sjö stöðum auk blóðþrýstings. Fastandi blóðprufur gáfu kólesteról, þríglýseríð, HDL, blóðsykur og insúlín. Líkamsþrek var mælt á þrekhljóli (EYHS prótókoll). Fæðuval var metið með 47 þátta fæðuvalskvarða í spurningalista.

Niðurstöður: Z-skor efnaskiptavillu hafði fylgni við allar holdafarsmælingar. Línuleg aðhvarfsgreining sýndi lítilla bætt mótél þegar leiðrétt var fyrir fæðuváli. Ekki sást samvirkni milli kyns og líkamsfitu eða líkamsþreks. Tólf þátttakendur (5,4%) greindust með efnaskiptavillu. Samkvæmt BMI voru allir strákar með efnaskiptavillu offeitur en 6/7 stúlkanna í ofþyngd og ein offeit. Samanlagt var algengi efnaskiptavillu hjá ofþungum unglíngum 15% en hjá offeiturum 50%. Algengustu mælingar utan viðmiðunarmarka voru HDL (59%) og slagbilsþrýstingur (55%).

Ályktun: Áhrif líkamsfituhlutfalls við z-skor efnaskiptavillu voru svipuð hjá báðum kynjum þegar leiðrétt var fyrir líkamsþreki og fæðuváli. Áhrif fæðuvals á efnaskiptavillu voru mikilvæg en hófleg. Algengi efnaskiptavillu var mikið meðal 16 ára framhaldsskólanema.

Heilsuhegðun og fæðuval

Stofa H-205

13:15 – 14:45

Anna Sigríður Ólafsdóttir

Matvendi meðal barna með offitu

Anna Sigríður Ólafsdóttir, prófessor, MVS, HÍ, Sigrún Þorsteinsdóttir, doktorsnemi, MVS, HÍ, Berglind Brynjólfsdóttir, sálfræðingur, Landspítala-háskólasjúkrahúsi, Ragnar Bjarnason, prófessor, HVS, HÍ, og Urður Njarðvík, prófessor, HVS, HÍ

Matvendi getur haft áhrif á þróun offitu barna og hafa rannsóknir einnig bent á tengsl matvendi við tilfinninga- og/eða hegðunarvanda. Takmarkað fæðuval, minni neysla á grænmeti og ávöxtum og höfnun á bitru bragði er þekkt hjá börnum með raskanir á borð við ADHD og einhverfu. Rannsókn okkar er sú fyrsta til að skoða tengslin á milli matvendi hjá börnum í offituflokki með og án þessara raskana eða geðrænna raskana á borð við kvíða og þunglyndi. Þátttakendur voru 105 börn í offituflokki sem sóttu fjölskyldumiðaða atferlismeðferð í Heilsuskóla Barnaspítala Hringins á árunum 2011–2016. Börnin voru á aldrinum 4–18 ára (meðalaldur 12 ár). Meðallíkamsþyngdarstuðull var 3,53 staðalfrávíkisstigum yfir meðaltali. Aðalútkomubreyta var tvíkösta (matvendi eða engin matvendi) mæld samkvæmt spurningalista Kauer og félaga (2015). Lógitísk aðhvarfsgreining var notuð til að meta tengslin á milli matvendi og fjölda raskana (geðrænna- og/eða taugaþroskaraskana), leiðrétt fyrir aldri og kyni. Helstu niðurstöður sýndu að um þriðjungur barnanna var matvandur. Yfir helmingur þeirra var með a.m.k. eina röskun og jókst fjöldi með hækkandi aldri en notkun á lyfjum og alvarleiki offitu jókst einnig. Fjöldi geðrænna og/eða taugaþroskaraskana hafði jákvæða fylgni við matvendi barnanna. Að vera með a.m.k tvær raskanir hafði fylgni við hærri gagnlíkindahlutfall matvendi hjá börnum í offituflokki. Þegar leiðrétt var fyrir aldri og kyni var fylgnin enn marktæk hjá börnum með þrjár eða fleiri raskanir en gagnlíkindahlutfallið lækkaði. Frekari rannsóknir þyrfti til að skoða bragðlaukaþjálfun í meðferð barna við offitu þar sem matvendi getur leitt til minni heldni við ráðleggingar um mataræði.

Að fóðra ruslafötuna: orkan í matarskömmtum og afgangum hjá skólabörnum í Svíþjóð, Finnlandi, á Íslandi og í Noregi

Ragnheiður Júníusdóttir, aðjúnkt, MVS, HÍ, Agneta Hörnell, prófessor, Umeå-háskóla, Anna Sigríður Ólafsdóttir, prófessor, MVS, HÍ, og ProMeal vinnuhópurinn

Rannsókninni Skólamáltíðir á Norðurlöndum (ProMeal) er ætlað að kanna fjölþætt áhrif skólamáltíða og nestis í Svíþjóð, Finnlandi, á Íslandi og í Noregi. Skóladagur barna er oft á tíðum langur og mikilvægt er að skólamáltíðir veiti næga orku til að takast á við daginn. Ekki hefur áður verið gerður samanburður á skólamáltíðum barna í þessum fjórum löndum. Börn í grunnskólum þessara fjögurra landa borða almennt skólamáltíðir framreiddar í skólunum eða koma með nesti að heiman. Það er hlutverk skóla

og forráðamanna að sjá börnunum fyrir næringarríkjum og hollum mat á skólatíma en það eru börnin sjálf sem ákveða hvort maturinn er borðaður. Matarsóun er víðtækt vandamál og það á einnig við í skólum. Í rannsókninni verður gerður samanburður á því hve orkumiklir matarskammtar barnanna í ProMeal-rannsókninni eru og hve mikið af þeirri orku fer í ruslafötuna. Farið var í 30 grunnskóla, níu í Svíþjóð, níu í Finnlandi, sex á Íslandi og sex í Noregi. Teknar voru ljósmyndir af tæplega 4000 skólamáltíðum (Svíþjóð, Finnland, Ísland) og nesti (Ísland, Noregur) 11 ára skólabarna (n=837), bæði af ósnertum matarskömmtum og einnig af afgöngunum. Síðari niðurstöður munu varpa ljósi á gæði máltíðanna, burtséð frá orkuinnihaldi þeirra, og það hve mikið af dýrmætum næringarefnum endar í ruslinu.

Íþróttagarpar framtíðar – breytingar á matarumhverfi í íþróttafélagi

Elísabet Margeirsdóttir, aðjúnkt, MVS, HÍ, og Anna Sigríður Ólafsdóttir, prófessor, MVS, HÍ

Fjöldi íslenskra barna stundar æfingar hjá íþróttafélögum í frítíma sínum og mótast þau á ýmsan hátt af umhverfi íþróttamiðstöðva og nágrennis. Góð næring í hæfilegu magni skiptir sköpum fyrir árangur í íþróttum. Þegar börn eiga í hlut þarf sérstaklega að gæta þess að þjálfun og mataræði styðji eðlilegan vöxt og þroska. Markmið rannsóknarinnar er að kanna áhrif íhlutandi, heilsueflandi aðgerða í tengslum við matarumhverfi 10–18 ára barna sem stunda íþróttir hjá Ungmennafélaginu Aftureldingu í Mosfellsbæ. Mosfellsbær hefur verið brautryðjandi sem heilsueflandi samfélag frá innleiðingu 2013. Í niðurstöðum upphafsrensóknar frá árinu 2017 á matarumhverfi félagsins kom fram að orkuríkir en næringarsnauðir valkostir einkenndu framboð á matvöru og drykk í matsölu íþróttamiðstöðvarinnar og að um þriðja hvert foreldri og fjórða hvert barn vildu sjá breytingar á matarumhverfinu. Íhlutandi aðgerðir verða byggðar á niðurstöðum upphafsrensóknarinnar og skiptast í þrjá hluta: Aukið aðgengi og úrval að hollum valkostum í matsölu; fræðslu fyrir þjálfara, iðkendur og foreldra; samráð við stjórn félagsins og styrktaraðila um að gera hollustu meira áberandi í markaðsefni. Árangur verður mældur með spurningalistum ásamt úttekt á matarumhverfinu. Vel ígrunduð næringarstefna byggð á niðurstöðum verður mörkuð fyrir félagið. Niðurstöður rannsóknarinnar munu nýtast öllum íþróttafélögum á landinu sem vilja stuðla að heilsueflandi matarumhverfi.

Fæðuframboð á íþróttaviðburðum barna

Berglind Lilja Guðlaugsdóttir, meistaranemi, HVS, HÍ

Leiðbeinandi: Anna Sigríður Ólafsdóttir

Markmið þessa rannsóknarverkefnis var að gera úttekt á matarumhverfi á íþróttaviðburðum barna á aldrinum 10–18 ára, en bæði voru skoðaðar matarauglýsingar og sá matur sem í boði var í veitingasölu íþróttamiðstöðvanna þar sem viðburðirnir fóru fram. Úttekt var gerð á átta íþróttaviðburðum, tvær helgar á tímabilinu 26. janúar til 4. febrúar 2018, og tók rannsóknin til átta mismunandi íþróttageirna. Skráðar voru allar matarauglýsingar í íþróttasölum og myndir teknar af drykkjar- og matarkostum í veitingasölu og sjálfsölum ásamt því að skrá hvort vatnshani væri til staðar. Drykkjar- og matarkostir voru flokkaðir niður í næringarríka kosti og næringarsnauða kosti en horft var til þess við flokkunina hversu hátt fitu-, salt-, og sykurinnihald var í matvælnum. Á öllum íþróttaviðburðunum voru fleiri næringarsnauðir kostir en næringarríkir, en mest voru alls 94 tegundir næringarsnauðra kosta á móti 22 næringarríkum. Matarauglýsingar var að finna á öllum viðburðunum og á stökum viðburðum voru slíkar auglýsingar allt að 23 talsins. Á fimm af átta viðburðum var próteindrykkurinn Hleðsla gefins fyrir iðkendur og aðstandendur en framleiðandi Hleðslu var styrktaraðili sex viðburða af þeim átta sem úttektin tók til. Það sem stóð upp úr bæði í veitingasölu og auglýsingum var gos- og íþróttadrykkir markaðssettir fyrir börn. Þessir drykkir innihalda mikið magn hitaeininga og ættu ekki að vera nauðsynlegir fyrir börn sem taka hæfilegan þátt í íþróttum. Niðurstöður þessarar úttektar verða vonandi hvatning fyrir íþróttafélög til að setja sér matvælastefnu og fylgja henni í framkvæmd.

Holdafar og þjálfunarmagn í tengslum við járnskort meðal íþróttafólks og annarra líkamlega virkra einstaklinga

Thelma Rún Rúnarsdóttir, meistaranemi, MVS, HÍ, Michael Svensson, prófessor, Umeå-háskóla, Anna Sigríður Ólafsdóttir, prófessor, MVS, HÍ

Leiðbeinandi: Anna Sigríður Ólafsdóttir, prófessor, MVS, HÍ

Inngangur: Algengi járnskorts er meira meðal íþróttafólks en almennings og hefur slíkur skortur í fyrri rannsóknum verið tengdur verri frammistöðu í íþróttum. Enn fremur hafa líkamsfita og líkamspyngdarstuðull verið tengd auknu algengi járnskorts. Markmið verkefnisins var tvíþætt; að rannsaka tengsl milli hlutfalls líkamspyngdarstuðuls, líkamsfitu og járnskorts hjá íþróttafólki og líkamlega virkum einstaklingum og að kanna hvort líkur á járnskorti aukist eftir því sem þjálfunarmagn eykst.

Aðferðir: Gagnaúrvinnsla byggðist á upplýsingum um þjálfunarmagn og blóðgreiningar hjá 271 konu og 172 körlum á aldrinum 16–38 ára í Svíþjóð. Einnig voru til niðurstöður úr líkamsmælingum (líkamspyngdarstuðull og prósent líkamsfitu) hjá hluta hópsins eða 266 einstaklingum (59%). Járnskortur var skilgreindur sem ferrítín <30 µg/L og hemóglóbín ≥130 g/L (karlar) eða ≥120 g/L (konur).

Niðurstöður: 30% kvenna voru með járnskort borið saman við 9% karla ($P < 0.001$). Hærri líkamsþyngdarstuðull var tengdur minni líkum á járnskorti (OR: 0,80; 95%CI: 0,68–0,95) en engin tengsl fundust milli hlutfalls líkamsfitu og járnskorts. Þegar litið var á líkan skipt eftir kyni komu fram minni líkur á járnskorti við aukna þjálfun hjá körlum (OR: 0,821; 95%CI: 0,69–0,98) en ekki hjá konum. Auk þess virtist aukinn aldur hjá konum tengjast minni líkum á járnskorti (OR: 0,88; 95%CI: 0,81–0,95).

Ályktanir: Ljóst er að járnskortur er algengara vandamál meðal íþróttakvenna en íþróttakarla. Það var áhugavert að sjá að bæði aukin þjálfun og hærri líkamsþyngdarstuðull draga úr líkum þess að þjást af járnskorti. Þörf er á frekari rannsóknum á járnskorti meðal líkamlega virkra einstaklinga.

Stofnun Íðorðasafn

H-205

15:00—16:30

Íðorðasafn Lýðheilsufræða

Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir, lýðheilsufræðingur, Embætti Landlæknis

Nefnd hefur verið stofnuð til að vinna að íðorðasafni lýðheilsufræða í samvinnu við hagsmunaaðila. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum hefur stutt dyggilega við starfið og fyrsti hluti íðorðasafnsins verður opnaður í dag á Menntakviku. Markmið verkefnisins er að koma á fót opnu rafrænu safni lykilhugtaka lýðheilsufræðanna á íslensku og ensku, sem og skilgreiningum á þeim. Tilgangurinn er að auka líkur á samræmdri orðanotkun í faginu til að koma í veg fyrir að hugtakanotkun í almenntri og faglegri umræðu verði á reiki. Markmiðið er í samræmi við málstefnu Háskóla Íslands þar sem kennarar eru „... hvattir til að sinna íðorðasmíð í fræðigrein sinni og miðla íðorðum til stúdenta og almennings“ (Málstefna Háskóla Íslands, 12. grein, 2016). Starf orðanefndarinnar felst m.a. í að safna lykilhugtökum og skilgreina þau, ræða þýðingar, flokka hugtök og ræða tengsl við erlenda orðabanka og erlend fagorðasöfn, auk þeirra íslensku íðorðasafna sem tengjast lýðheilsufræðum. Starf hennar er byggt á Leiðbeiningum við íðorðastarf sem Íslensk málnefnd gaf út árið 2004 en þar eru settar fram hagnýtar ráðleggingar um skipulagningu vinnunnar, skráningu og röðun upplýsinga, skilgreiningu hugtaka, framsetningu o.fl. Orðasafnið mun styðja faglegt starf, kennslu, þróunarstarf og rannsóknir á sviði lýðheilsufræða, auk áframhaldandi vinnu við íðorðasafn í lýðheilsufræðum. Skilgreiningar og þýðingar verða færðar inn í rafrænan orðabanka Íslenskrar málstöðvar.

Samstarfsrannsókn um matsaðferðir í leikskólastarfi

RannUng (Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna)

Stofa H-207

9:00 – 10:30

Kristín Karlsdóttir

Nám og vellíðan barna í nútímasamfélagi

Margrét S. Björnsdóttir, aðjúntkt, MVS, HÍ, Daníel Steingrímsson, meistaranemi, MVS, HÍ, og Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, doktorsnemi, MVS, HÍ.

Markmið rannsóknarinnar var að skoða viðhorf leikskólakennara og annars starfsfólks til þess sem þeir telja mikilvægt að börn læri ásamt því að kanna hvernig nám er metið í fimm þáttökuleikskólum. Fjölbreytt og flókið nám í leikskólum kallar á breytta starfshætti og nýjar aðferðir til að meta það sem fram fer. Rannsóknin var skipulögð með starfendarannsóknarsniði með það að markmiði að þróa aðferðir til að meta nám og vellíðan barna. Gagnaöflun fólst í dagbókarskrifum, viðtölum og athugunum á vettvangi. Leitast var við að skapa valdajafnvægi meðal þátttakenda sem veittu samþykki sitt og höfðu áhrif á það hvernig þátttaka þeirra þróaðist. Lögð var áhersla á að skapa traust í samskiptum með því að sýna gagnkvæma virðingu og heita trúnaði. Niðurstöður sýna að þátttakendur töldu félagslegt nám og vellíðan barna mikilvægt en engu að síður kom fram að þær aðferðir sem stuðst var við til að meta nám barna í leikskólunum tengdust aðallega mati á hljóðkerfisvitund, þróun tungumáls og almennum þroska barnanna. Í gögnunum birtust ólíkar leiðir leikskólanna þegar nám barna og mat á því var ígrundað. Tekin var sameignleg ákvörðun í leikskólunum um að kanna námssöguskráningar, sem hver og einn leikskóli útfærði á sinn hátt og tengdi við eigin skólanámskrá. Í aðalnámskrá leikskóla kemur fram að meta eigi nám og vellíðan barna, og því er áriðandi að leita aðferða til að meta þessa þætti, en gögnin leiddu í ljós misræmi í viðhorfum og starfsháttum sem tengjast lærdómssamfélagi hvers leikskóla.

Áskoranir og ávinningur af samstarfsrannsókn

Bryndís Garðarsdóttir, lektor, MVS, HÍ, Linda Rós Jóhannsdóttir, meistaranemi, MVS, HÍ, og Bergþóra Fanney Einarsdóttir, meistaranemi, MVS, HÍ

Markmið þessarar rannsóknar var að skoða ávinning og áskoranir þátttakenda í samstarfsrannsókn sem fram fór í fimm leikskólum, þar sem tilgangurinn var að þróa aðferðir við mat á námi og vellíðan barna. Leitað er fræðilegs stuðnings í umfjöllun um samstarfsrannsóknir (e. collaborative action

research), þar sem háskólakennarar, meistaranemar, leikskólakennarar og annað starfsfólk vann saman að breytingaferli sem hafði það markmið að bæta og þróa aðferðir við mat á námi barna í leikskólum. Aðferðafræði starfendarannsóknna er byggð á þeirri sýn að nám fari fram í félagslegu samhengi, í samstarfi leikskólafólks og rannsakenda. Tilgangur rannsóknarinnar var að þróa aðferðir sem gætu gefið upplýsingar um vellíðan barna, fjölbreytt nám og námsleiðir þeirra. Gagnaöflun byggist á rannsóknardagbókum, skráningum og viðtölum. Leitast var við að skapa valdajafnvægi meðal þátttakenda, sem veittu samþykki sitt og höfðu áhrif á það hvernig þátttaka þeirra þróaðist. Lögð var áhersla á að mynda traust í samskiptum með því að sýna gagnkvæma virðingu og heita trúnaði. Niðurstöður sýna að ávinningur verkefnisins var sá að flestir þátttakendur bættu hæfni sína til ígrundunar á þeim matsaðferðum sem stuðst hafði verið við og tileinkuðu sér fjölbreyttari aðferðir við að meta nám og vellíðan barna. Fram kom að megináskoranirnar fólust í því að kynna sér námssöguskráningar og átta sig á fjölbreyttum möguleikum til skráningar, finna tíma til að skrá og að viðhalda þeim breytingum sem áttu sér stað meðan á samstarfinu stóð.

Áhrif og sjálfbærni í samstarfsrannsókn

Kristín Karlsdóttir, lektor, MVS, HÍ, Jelena Kuzminova, meistaranemi, MVS, HÍ, Sara Margrét Ólafsdóttir, doktorsnemi, MVS, HÍ, og Agnes Gústavsdóttir, meistaranemi, MVS, HÍ

Samstarfsrannsókn með starfendarannsóknarsniði sem fram fer í lærdómssamfélagi byggist á því að allir þátttakendur hafi áhrif. Þegar metin eru áhrif þátttöku er ekki nægilegt að fram komi breytingar til skamms tíma, heldur þarf að skoða áhrif þátttökunnar til lengri tíma (e. sustainability). Aðferðafræði starfendarannsóknna er byggð á þeirri sýn að nám fari fram í félagslegu samhengi, í samstarfi leikskólafólks og rannsakenda. Tilgangur rannsóknarinnar sem kynnt verður var að þróa aðferðir sem gætu gefið upplýsingar um nám barna og vellíðan þeirra. Einnig skyldi meta hvort eða hvernig þeim aðferðum var viðhaldið í þátttökuskólunum. Gagnaöflun byggðist á rannsóknardagbókum, skráningum og viðtölum við þátttakendur. Í rannsóknarferlinu var leitast við að skapa valdajafnvægi meðal þátttakenda, sem veittu samþykki sitt og höfðu áhrif á það hvernig þátttaka þeirra þróaðist. Þátttaka í rannsókninni hafði mismunandi áhrif í leikskólunum fimm sem þátt tóku. Í sumum leikskólanna bæði þróuðust og breyttust aðferðir við að meta nám og vellíðan barna til betri vegar, og jafnvel mátti greina áhrif til lengri tíma. Í öðrum leikskólum virtist þátttaka í rannsókninni hafa lítil áhrif, en þegar rýnt var betur í gögnin mátti greina viðhorfsbreytingu og jafnvel breytta starfshætti. Draga má þá ályktun að þátttakendur í samstarfsrannsókn þurfi að huga sérstaklega að því hvernig megi tryggja sjálfbærniþáttinn, þ.e. að halda áfram að viðhalda, ígrunda og þróa það sem gert var.

Leikskólinn – fortíð og nútíð

Stofa H-207

10:45 – 12:15

RannUng (Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna)

Kristín Karlsdóttir og Arna H. Jónsdóttir

Áherslur og valdatengsl í samstarfi starfsfólks og foreldra í leikskólum

Arna H. Jónsdóttir, dósent, MVS, HÍ, og Jóhanna Einarsdóttir, prófessor, MVS, HÍ

Í Aðalnámskrá leikskóla frá 2011 er lögð áhersla á lýðræðislegt samstarf á jafnréttisgrundvelli milli foreldra, starfsfólks og barna um þátttöku í gerð skólanámskrár, starfsáætlun og mati. Jafnframt kemur fram að leikskólakennarar skuli vera leiðandi við mótun leikskólastarfsins. Markmiðið með rannsókninni, sem gerð er grein fyrir hér, var að skoða áherslur og valdatengsl í samstarfi foreldra og starfsfólks og bera saman við hugmyndir um fagmennsku leikskólakennara, svo og áherslur í aðalnámskrá. Jafnframt var stefnt að því að skoða samstarf við foreldra af erlendum uppruna. Gögnum var safnað með rýnihópaviðtölum við foreldra barna í fimm leikskólum og í kjölfarið ræddu leikskólakennarar og leikskólastjórar álit og upplifun foreldranna í rýnihópi. Niðurstöður benda til þess að samstarf starfsfólks og foreldra fari fram eftir bæði lóðréttum og láréttum brautum. Áherslur í fagmennsku leikskólakennara virðast því bæði vera hefðbundnar, þar sem leikskólakennarinn lítur á sig sem sérfræðing við mótun leikskólastarfs og skólanámskrár, og lýðræðislegar, þar sem meira er horft til þekkingar foreldranna þegar einstök börn eiga í hlut. Starf foreldraráða var fremur óljóst í hugum samstarfsaðila og það virtist vera látið nægja að skólanámskráin væri þar til umfjöllunar. Rafræn samskipti milli leikskóla og foreldra höfðu aukist og þar var leikskólakennarinn í hlutverki þess sem upplýsir og miðlar. Þegar horft er sérstaklega til samstarfs starfsfólks leikskóla og foreldra af erlendum uppruna, þá virtust þeir vera einangraðir og skorta þekkingu á ýmsu því sem íslenskir foreldrar þekktu nokkuð vel. Leikskólakennarar leituðu árangursríkra leiða til að vinna með þeim en sögðu að tungumálakunnátta stæði oft samstarfinu fyrir þrifum.

Söguleg greining þriðja svæðis í leikskólakennaramenntun á Íslandi

Svava Björg Mörk, doktorsnemi, MVS, HÍ

Leikskólakennaramenntun á Íslandi hófst árið 1946 með áherslu á velferð barna. Frá þessum tíma hefur menntun leikskólakennara breyst, bæði á Íslandi og erlendis, og um leið hafa áherslur á samstarfið á milli þeirra sem mennta kennarana einnig tekið breytingum. Þegar rýnt er í samstarfið á

milli þessa tveggja svæða, það er vettvangsins og háskóla/fóstruskóla, má greina breytingar í samvinnu á milli svæðanna. Í rannsókninni er rýnt í þróun leikskólakennaranámsins á Íslandi frá upphafi til dagsins í dag. Nokkur tímabil í sögu menntunarinnar voru valin þar sem þau hafa þó nokkur áhrif á þróun námsins. Með því að skoða menntunina í sögulegu samhengi skýrist hvernig breytingar í námi hafa orðið og hvers vegna. Rannsóknin beinir sjónum að fræðum og starfi í menntun með áherslu á þriðja svæðið (e. third space), en það vísar til þess svæðis þar sem áhersla er á samstarf leikskóla og háskóla en samræða og samvinna eru lykilþættir í samstarfinu. Niðurstöður benda til þess að bilið á milli vettvangs og formlegrar menntunar hafi breikkað á Íslandi, og visst rof virðist hafa orðið á milli samstarfsaðila.

Fagleg starfsþróun íslenskra leikskólastjóra – Söguleg orðræðugreining

Júlíana Tyrfingsdóttir, doktorsnemi, MVS, HÍ

Lykilhlutverk skólastjóra er að vera faglegur leiðtogi og hefur hann áhrif á faglega þróun síns skóla. Fagleg starfsþróun leikskólastjóra verður til þess að aðrir kennarar sækja sér starfsþróun og það skilar sér í betra starfi fyrir nemendur og skólann í heild (Grogan og Andrews, 2002; Wahlstrom, Louis, Leithwood og Anderson, 2010; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Þar af leiðandi má leiða líkum að því að starfsþróun skólastjóra sé einn af mikilvægustu þáttum menntaumbóta í dag. Starfsþróun kennara hefur nokkuð verið rannsökuð en lítil áhersla hefur verið á leikskólastjóra. Markmið þessarar rannsóknar er að kanna hvernig fagleg starfsþróun hefur haft áhrif á þróun leikskólastjórastarfsins. Efnið er rannsakað út frá samfélagslegri nálgun og því sem lög og reglugerðir segja fyrir um. Rannsóknarspurningin er því: Að hvaða leyti hefur starfsþróun haft áhrif á hlutverk leikskólastjóra frá 1946 til dagsins í dag? Aðferðafræðin sem er notuð kallast söguleg orðræðugreining en þar er fortíðin rannsökuð til þess að skilja nútíðina. Það er gert með því að rýna í ólík gögn til þess að skoða starfsþróunina í sögulegu samhengi. Meðal annars verða notaðar fundargerðir, bækur, blaðgreinar, skýrslur og annað efni frá 1946 til dagsins í dag. Rannsóknin er enn í gangi og frumniðurstöður benda til þess að starfsþróun leikskólastjóra sé mikilvæg til þess að þeir geti leitt faglega forystu og verið í stakk búnir að takast á við þróun í menntamálum. Hins vegar þurfa aðstæður, tækifæri og skilningur á starfsþróun að vera til staðar í skólasamfélaginu svo hún geti átt sér stað.

Leikskólabörn í fjölmennningarlegu samfélagi

Stofa H-207

13:15 – 14:45

RannUng (Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna)

Margrét S. Björnsdóttir

Stuðningur foreldra við tvítýngi

Katarzyna Wozniowska, leikskólakennari (Deildarstjóri á leikskóladeild í Krikaskóla)

Markmið rannsóknarinnar var að athuga málumhverfi tvítýngdra barna á Íslandi. Áhersla var lögð á að skoða hvernig hægt væri að styðja við móðurmál til þess að stuðla að virku tvítýngi barna. Það hefur lítið verið skoðað og engar formlegar leiðbeiningar eru til um það. Þó segja meggi að börn læri íslensku í leikskólum og grunnskólum hefur lítið verið skrifað um það hvernig foreldrar geta stutt tvítýngi barna sinna. Rannsóknin fór fram á vorönn 2018 og þátttakendur voru sjö konur af erlendum uppruna sem búa á Íslandi og eiga tvítýngd börn. Markmiðið var að svara spurningunni: Hvernig geta foreldrar stutt við móðurmál barna til að stuðla að virku tvítýngi þeirra? Megináhersla var lögð á fjölskyldubakgrunn, tungumál fjölskyldu, málnotkun og málval barna og skoðanir og viðhorf foreldra til tungumálsins. Niðurstöður sýna að börn foreldra sem báðir eru af erlendum uppruna fá meira ílag og betra tækifæri til að læra móðurmálið. Þetta tengist þjóðerniskennd, sem er sterk hjá fjölskyldum þar sem foreldrar deila menningu. Hjá fjölskyldum þar sem foreldrar eru ekki samlandar er staðan flóknari, því aðeins annað foreldrið getur passað upp á að barnið læri móðurmálið. Aldur foreldra, menntun og lengd dvalar á Íslandi hefur áhrif á skoðanir þeirra á tungumáli og tvítýngi. Áhrif umhverfis eru sterk og það styður íslenskukennslu frekar en móðurmálskennslu barnanna. Skólaganga, jafningjar og eldri systkini eru hluti af því. Að lokum setti ég fram leiðbeiningar fyrir foreldra um það hvernig þeir geta stutt tvítýngi barna sinna.

Félagslegt hlutverk leikskólans í fjölmeningarsamfélagi. Viðleitni til að stuðla að réttlátara samfélagi

Lieselot M.M. Simoen, leikskólastjóri í leikskólanum Álfaborg í Bláskógabyggð

Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvaða aðferðir hafa gefist vel til að styðja börn og foreldra af erlendum uppruna til þátttöku í íslensku samfélagi. Byggt er á líkani félagslegs hlutverks leikskólans sem tekur á málefnum félagslegs réttlætis, jafnréttis og einnig á málum er varða aðgengi, væntingar og þátttöku foreldra í leikskólastarfinu. Á evrópskum vettvangi er þetta grundvallaratriði í víðtækri skuldbindingu til að draga úr fátækt barna í öllum aðildarríkjunum og fylgir viðurkenningu á því að hágæða leikskólastarf hafi mikilvægu hlutverki að gegna og eigi að taka á ójafnræði frá upphafi barnæsku. Rannsóknin er eigindleg og fór fram í þremur leikskólum. Þátttakendur voru þrír

leikskólastjórar, sex deildarstjórar og þrír foreldrar af erlendum uppruna, en tekin voru hálfopin viðtöl við þá. Helstu niðurstöður benda til þess að leikskólarnir hafi mikilvægu og stóru félagslegu hlutverki að gegna. Í daglegu starfi gera starfsmenn leikskólanna sitt besta til að endurspeglar heimamenningu barna og virða móðurmál þeirra með því að gera þau sýnileg og taka þau til umræðu. Þeir „fjárfesta“ í daglegum samskiptum við foreldra og stjórnendurnir eru alltaf tilbúnir að stíga skrefi lengra fyrir þá. Jafnframt reyna þeir að styðja þátttöku foreldra í samfélaginu með því að tengja þá saman. Í leikskólunum eru þröskuldar sem hindra aðgang að leikskóla og öðrum stofnunum greindir og reynt að eyða þeim. Að auki eru leikskólarnir með mismunandi sambönd í nærsamfélaginu og þau eru kynnt fyrir börnunum í gegnum leikskólastarfið. Verkefnið lýsir því hvernig stuðlað er að réttlátara samfélagi hér á Íslandi í þessum þremur leikskólum.

Aðlögun sýrlenskra barna í íslenskum leikskólum

Shirin Erla Naimy, leikskólakennari í leikskólanum Hlíðarbergi í Hafnarfirði

Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á undirbúning leikskóla fyrir það að taka á móti flóttabörnum frá Sýrlandi sem eru að byrja í leikskóla og skoða upplifun bæði foreldra og kennara af móttökuferlinu. Þátttakendur eru foreldrar barna á leikskólaaldri, og kanna á þá þekkingu sem þeir hafa á leikskólum á Íslandi og væntingar þeirra til leikskólanna. Auk þess er reynsla foreldra og leikskólastjóra af móttöku þeirra og aðlögunarferlinu könnuð. Rannsóknin er gerð með tilviksrannsóknaraðferð. Markhópurinn verður annars vegar foreldrar barna sem komu til landsins árið 2015–2017 og börn þeirra sem eru búin að vera í leikskóla um tíma eða að fara að byrja á næstunni og hins vegar leikskólastjórar þeirra leikskóla sem þessi börn eru í eða ætluðu að byrja í haustið 2017. Hálfopin viðtöl og vettvangsathugun voru meðal aðferða í gagnasöfnuninni. Niðurstöðurnar benda til þess að foreldrum hafi ekki fundist þau og börn þeirra verða fyrir fordómum og er það vísbending um að fjölmenningsstefna í þessum leikskólum gangi vel. Hins vegar sýna niðurstöður rannsóknarinnar að töluvert hafi skort á undirbúning og skýrt verklag varðandi móttöku flóttabarna í leikskólunum, sérstaklega þar sem lítil eða engin reynsla er fyrir hendi. Fræðsla fyrir bæði foreldra og starfsfólk leikskóla um skólastarfið og menningarmun var tiltölulega lítil og það gerði aðlögunarferli barnanna erfiðara. Samskipti milli leikskóla, foreldra og yfirvalda reyndust erfið og komu upp atvik þar sem þekking foreldra eða skólastjóra var ekki nýtt í þágu barnanna. Skortur á þekkingu bæði foreldra og skólastjóra er vísbending um gagnkvæma fordóma sem varpa ljósi á vanþekkingu á menningarlegum bakgrunni viðmælenda.

Málþroski ungra barna

Stofa H-207

15:00 – 16:30

Tíðni orða í sjálfsprottinu tali barna á aldrinum 2;5 til 5 ára

Íris Dögg Rúnarsdóttir, meistaranemi, HVS, HÍ, og Jóhanna T. Einarsdóttir, dósent, MVS, HÍ

Orðtíðni hefur lítið verið rannsökuð út frá talmáli hér á landi. Gagnaöflun úr talmáli er flókin, tímafrek og kostnaðarsöm miðað við öflun ritmálstexta. Sýnt hefur verið fram á að tíðni orða í tungumáli hefur áhrif á það hvaða orð börnin læra og þekkingu þeirra almennt á tungumálinu. Rannsókn þessi felst í að taka saman og flokka orð sem koma fyrir í málsýnum sem tekin eru af sjálfsprottinu tali íslenskra barna á aldrinum 2;5 til 5;0 ára með það að markmiði að útbúa orðtíðnibók. Í rannsókninni var unnið úr 228 málsýnum barna á aldrinum 2;5 til 5 ára. Málsýnin voru öll fengin úr Gagnabanka Jóhönnu Einarsdóttur um málsýni (GJEU). Málsýnunum var skipt í þrjú aldursbil (2;5 til 2;11 ára; 3;0 til 3;11 ára; 4;0 til 4;11 ára). Unnið var með tæplega 43.500 lesmálsorð sem öll höfðu verið skráð úr talmáli barnanna og þau greind eftir orðflokkum og tíðni. Niðurstöður rannsóknarinnar voru settar upp í sérstaka orðtíðnibók þar sem orðum var raðað bæði eftir stafrófsröð og tíðniröð. Fjallað verður um niðurstöðurnar og gefin dæmi um algengi orða og orðflokka og einnig um skemmtileg nýyrði sem sem börnin bjuggu sjálf til. Niðurstöður þessar gefa upplýsingar um hvernig málið þróast hjá börnum á þessum aldri og hafa þær því gildi fyrir alla vinnu tengda málþroska barna, hvort sem það er í þjálfun, við rannsóknir eða við að útbúa námsefni eða mælitæki.

Orðaforði barna með málþroskaröskun – þjálfun með sögulestri

Sigrún Alda Sigfúsdóttir, meistaranemi, HVS, HÍ, og Jóhanna T. Einarsdóttir, dósent, MVS, HÍ

Börn með málþroskaröskun eru fjölbreyttur hópur (um 7–10% af árgangi) en á það þó sameiginlegt að glíma við vandamál tengd tungumálinu. Þau hafa einsleitari orðaforða en jafnaldrar, þekkja færri orð og nota einfaldara mál. Markmið þessarar rannsóknar var að auka orðaforða hjá tveimur börnum í elsta árgangi leikskóla með málþroskaröskun. Inngripið byggðist á því að lesa sögubók og annars vegar útskýra orð með beinni útskýringu um leið og þau komu fyrir í textanum og hins vegar með því að beita óbeinni kennslu þar sem bókin var lesin í gegn án þess að staldra við ákveðin orð. Þjálfunin fór fram fjórum sinnum í viku í sex vikur. Mælingar voru gerðar fyrir þjálfun, á meðan á þjálfun stóð, strax að lokinni þjálfun og loks mánuði eftir að þjálfun lauk. Niðurstöður leiddu í ljós að góður árangur náðist með þann orðaforða sem kenndur var með beinni kennslu. Þegar óbeinni kennslu var beitt jókst

orðaforði barnanna hins vegar mun minna. Mælingar sem gerðar voru mánuði eftir íhlutun sýndu að sú þekking sem börnin höfðu tileinkað sér að lokinni íhlutun viðhélst ekki að fullu. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna mikilvægi þess að lesa fyrir leikskólabörn og skapa skemmtilega og notalega stund þar sem markvisst er verið að leggja inn orð. Hún sýnir einnig mikilvægi þess að hlúa sérstaklega vel að börnum með slakan málþroska og auðvelda þeim sögulestur með því að útskýra orð fyrir þeim jafnóðum. Þessar niðurstöður eru mikilvægar fyrir foreldra, kennara og talmeinafræðinga.

Athugun á hljóðavitund og örvun máhljóða með sérstakri áherslu á notkun Hljóðasmiðju Lubba

Vigdís Sigmarsdóttir, meistaranemi, HVS, HÍ, Þóra Másdóttir, lektor, HVS, HÍ, Ásthildur Bj. Snorradóttir, leikskólakennari og talmeinafræðingur, Skrifstofa fræðslu og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar og Eyrún Ísfold Gísladóttir, talmeinafræðingur, Talþjálfun Reykjavíkur

Margvíslegt kennsluefni sem tengist málörvun og hljóðkerfisvitund má finna í leikskólum á Íslandi. Æskilegt er að gera úttekt á því hvernig slíkt efni er notað, hvort til eru handhægar leiðbeiningar um notkun og við hvaða aldur er miðað. Kennsluefnið Hljóðasmiðja Lubba er notað í leikskólum víðsvegar um landið. Því er ætlað að örva hljóðkerfisvitund, hljóðavitund og íslensku máhljóðin. Þótt kennsluefninu fylgi handbók liggur e.t.v. ekki nógu skýrt fyrir hvernig nákvæmlega skuli vinna með það í leikskólum. Markmið þessarar rannsóknar var m.a. að afla upplýsinga um það hvernig Lubbaefnið er notað í leikskólum á Íslandi og hvort það sé notað markvisst í samræmi við hugmyndir höfunda eins og fram kemur í handbók kennsluefnisins. Gerð var rafræn spurningakönnun sem send var í alla leikskóla á Íslandi og spurt hvort og hvernig efnið um Lubba er notað. Einnig voru tekin eigindleg rannsóknarviðtöl við tvo sérkennslustjóra hjá leikskólum sem nota kennsluefnið. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að leikskólakennarar þekki kennsluefnið og notkun þess sé töluverð. Kennsluefnið virðist vera notað á mismunandi hátt hjá börnum á leikskólaaldri til eflingar máhljóða íslenskunnar og hljóðkerfisvitundar/hljóðavitundar en einnig er það notað til þess að vinna með orðaforða og almenna málörvun. Ýmislegt bendir til þess að skilning skorti á því hvernig best sé að nýta það í daglegu leikskólastarfi og hver hin raunverulega hugmyndafræði sé sem liggir til grundvallar notkun á efninu. Út frá niðurstöðum rannsóknarinnar má m.a. álykta að nauðsynlegt sé að vinna að aldursskiptum leiðbeiningum um kennsluefnið. Í þessu erindi verður farið yfir hugmyndir að slíkum leiðbeiningum fyrir leikskólakennara.

Stafrænt námsefni á íslensku

Stofa H-208

9:00 – 10:30

RANNUM – Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun

Skúlína Kjartansdóttir

Námsefni í myndmennt til stuðnings vandinámi

Svanhvít Friðriksdóttir, meistaranemi, MVS, HÍ, Hanna Ólafsdóttir, lektor, MVS, HÍ, og Gísli Þorsteinsson, prófessor, MVS, HÍ

Markmið þessa verkefnis er að skoða vandinám og í framhaldi af því búa til námsefni í myndmennt sem nýtist í vandinámi og styður það. Vandinám er nýleg aðferð sem er til þess fallin að styðja nemendur á tímum upplýsingatækninnar því vandinám byggist á því að hefðbundin kennsla eins og fyrirlestrar fer fram heima en kennslustundirnar í skólanum eru nýttar til að fara meira á dýptina í námsefninu þar sem kennarinn leiðbeinir nemendum í gegnum ýmiss konar verkefnavinnu. Skiptist því verkefnið í tvo hluta, greinargerð og námsefni. Í greinargerðinni er vandinám skoðað frá ýmsum hliðum, farið er yfir helstu rannsóknir og helstu kosti námsins og einnig rýnt í galla þess. Námsefnið er unnið með hæfniviðmið Aðalnámskrár grunnskóla til hliðsjónar og samanstendur af myndböndum, örverkefnum og kennsluverkefnum. Myndböndin eru stutt og hnitmiðuð og fjalla um grunnatriði er snúa að litafræði og myndbyggingu og henta vel í vandinámi sem heimavinna og einnig fyrir nemendur til að skoða þegar þeim hentar. Örverkefnið eiga að styðja myndböndin og virkja nemendur og tengja saman myndböndin og kennsluverkefnið. Kennsluverkefnið eru ætluð til notkunar í kennslustofunni og til að fá nemendur til að íhuga og ræða námsefnið og ná betri skilningi á því. Myndböndin og verkefnið eiga að gera nemandanum kleift að taka meiri ábyrgð á eigin námi, fara meira og dýpra í námsefnið og fá fjölbreyttari og betri kennslu. Kennarar eru ekki lengur í hlutverki miðlara sem hafa öll svör á reiðum höndum heldur eru þeir komnir í hlutverk leiðbeinenda sem aðstoða nemendur í gegnum námið.

Skrímslahekl – lærðu að hekla út frá eigin hugmynd

Una Særún Karlsdóttir, leiðbeinandi í Ásbyrgi, og Skúlína Hlíf Kjartansdóttir, aðjúntkt, MVS, HÍ

Á grundvelli heimildarannsóknarinnar Heklunál og þráður, leiðir til sköpunar var unnið náms- og kennsluefni um hekl. Það er ætlað nemendum frá miðstigi til loka grunnskóla og á að gefa þeim tækifæri til að öðlast færni í að hekla og hanna og skapa sjálfir það sem þá langar að hekla, með leiðsögn kennara. Náms- og kennsluefnið er á stafrænu formi þar sem kenndar eru grunnaðferðir við hekl skref fyrir skref með texta, myndum og myndböndum. Kennarar er hvernig hægt er að hanna og skapa sitt eigið skrímsli út frá teikningu nemandans sem er byggð á grunnformunum. Rafbókin

Skrímslahekl, lærðu að hekla út frá eigin hugmynd er byggð upp sem eitt verkefni. Fyrst þurfa nemandinn og/eða kennarinn að lesa upphaf bókarinnar þar sem sjá má hvernig bókin er sett upp og einnig nytsamlegar upplýsingar sem gott er að hafa í huga þegar lagt er af stað í verkefnið. Því næst þarf að fylgja sex skrefum þar sem útkoman er heklað skrímsli byggt á skrímslateikningu nemandans. Þegar þessum sex skrefum er lokið er nemandinn hvattur til að byrja aftur á skrefi eitt. Eftir þetta á nemandinn að hafa lært a.m.k. eina grunnaðferð í hekli og eiga eitt skrímsli sem hann hefur heklað út frá eigin teikningu. Eins og flestir vita þá eru skrímsli alls konar, og það gerir verkefnið vonandi skemmtilegra fyrir nemandann.

Fikt – Námsvefur um upplýsingatækni fyrir kennara í leikskólum og á yngsta stigi grunnskóla

Fjóla Þorvaldsdóttir, leikskólakennari, og Torfi Hjartarson, lektor, MVS, HÍ

Í erindi þessu verður kynntur námsvefur fyrir kennara í leikskólum og á yngsta stigi grunnskóla ásamt greinargerð um notkun stafrænnar tækni með ungum nemendum í leik- og grunnskóla. Vefurinn og greinargerðin eru byggð á rannsókn á stöðu upplýsingatækni í skólastarfi og áralangri reynslu höfunda af vettvangi leikskólustarfs og leiðsagnarhlutverki í hópi kennara. Megintilgangur vefjarins er að stuðla að aukinni notkun tækni í skólastarfi með því að fræða og leiðbeina um möguleika og aðferðir í skapandi starfi með hjálp upplýsingatækni og snjalltækja. Vefurinn er opinn. Í anda hugmyndafræði um opið menntaefni. Lögð er áhersla á notkun spjaldtölva við efnisgerð, miðlun, samskipti og fleira, en einnig viðfangsefni sem varða tæknina sjálfa, myndræna forritun við hæfi ungra barna og þróunarstarf á því sviði. Námsvefurinn birtir stuttar kennslumyndir á íslensku sem leiðsegja kennurum um tækninotkun þannig að þeir geti á auðveldan hátt lært á nokkur smáforrit. Einnig má þar finna tillögur að kennsluáætlunum, þar sem reynir á notkun þessara forrita, og settar eru fram hugmyndir um notkun þeirra í kennslu ungra barna. Einnig má finna á námsvefnum ábendingar til kennara um ýmsar bjargar og áhugaverða umfjöllun sem þeir geta nýtt sér til starfsþróunar í tengslum við upplýsingatækni.

Námsárangur og skólastarf

Stofa H-208

10:45 – 12:15

Menntamálastofnun

Sverrir Óskarsson

Framkvæmd stefnu um aukið sjálfstæði framhaldsskóla um námsframboð og inntak náms

Kolfinna Jóhannesdóttir, doktorsnemi, School of Education, University of Nottingham

Tilgangur rannsóknarinnar er að skilja betur hvernig stefna um aukið sjálfstæði framhaldsskóla á Íslandi hvað varðar námsframboð og inntak náms hefur verið framkvæmd meðal mismunandi hagsmunaaðila framhaldsskóla. Í rannsókninni eru tekin viðtöl við stjórnendur, kennara, náms- og starfsráðgjafa, nemendur, foreldra og fulltrúa í skólanefnd hjá fjórum framhaldsskólum. Val á þátttökuskólum tekur mið af því að þeir endurspegli fjölbreyttar aðstæður, litið er m.a. til staðsetningar, stærðar og námsframboðs skóla. Í rannsókninni er sjónum beint að eftirfarandi meginþáttum: Hvernig mismunandi hagsmunaaðilar hafa túlkað stefnuna, hverju þeir telja að hún hafi komið eða muni koma til leiðar, hvernig stefnan hefur verið framkvæmd og hvernig mismunandi aðstæður skóla kunna að hafa haft áhrif á framkvæmd stefnunnar. Í erindinu verður veitt innsýn í nokkur þemu sem birst hafa í niðurstöðum úr gagnaöflun frá tveimur framhaldsskólum.

Samræmd könnunarpróf 2018 – vendipunktur? Hver er vandinn og hverju er skólasamfélagið að kalla eftir, skoðað út frá orðræðu skólasamfélagsins vorið 2018?

Hulda Skogland, sérfræðingur, Menntamálastofnun

Á vormánuðum ársins 2018, eftir tæknileg mistök við framkvæmd samræmdu könnunarprófanna, blasti það við, af umræðu í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum að dæma, að loki hefði verið lyft af óánægju með prófin innan raða skólafólks. Hin megni óánægja sem greina mátti með fyrirlögnina á þessum tíma kemur ekki á óvart en það hversu harðorð gagnrýni kom þarna fram hjá fólki úr skólasamfélaginu, jafnvel á tilgang prófanna, kom meira á óvart. Um leið var ljóst að í mörgum tilfellum misskildi fólk hver eiginlegur tilgangur prófanna væri, þegar skilgreindur tilgangur könnunarprófanna samkvæmt stjórnvaldsfyrirmælum var hafður í huga. Það hversu víðtæk óánægjan sem þarna kom upp á yfirborðið var verður ekki skoðað en nú, þegar öldur hefur lægt í umræðunni um samræmdar mælingar og próf, getur reynst gagnlegt að skoða umræðuna sem átti sér stað meðal skólafólks í kjölfar fyrirlagnarinnar vorið 2018 til að henda reiður á það hvaða gagnrýni er verið að setja fram. Eins er vert að draga saman það sem gerðist, skerpa á því hvaða ákvörðun var tekin og greina með skipulegum hætti – með aðferðum innihaldsgreiningar (e. content analysis) – umræðuna meðal skólafólks á þessum tíma. Þessi samantekt gæti nýst sem innlegg í rækilegri umræðu sem við blasir að þurfi að fara fram á allra næstu mánuðum – um framtíð samræmdra könnunarprófa á Íslandi.

Samanburður á árangri í PISA á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni á Íslandi og í Finnlandi

Ragnar F. Ólafsson, sérfræðingur, Menntamálastofnun, Nissinen, K., rannsakandi, Háskólanum í Jyväskylä, Finnlandi, Rautopuro, J., aðstoðarprófessor, Háskólanum í Jyväskylä, Finnlandi, Almar M. Halldórsson [titill?] og Vettenranta, J., rannsakandi, Háskólanum í Jyväskylä, Finnlandi

Í Finnlandi og á Íslandi var frammistaða nemenda í PISA 2015 betri á höfuðborgarsvæðinu en á öðrum landssvæðum í þessum löndum. Kynnt verður greining þar sem leitast er við að skýra þennan mun með bakgrunnsbreytum úr spurningalistum PISA sem nemendur og skólastjórar svöruðu samhliða PISA-prófinu. Í ljós kemur að tiltölulega fáar bakgrunnsbreytur skýra þennan mun tölfræðilega, þ. á m. efnahagsleg og félagsleg staða og menningarauður á heimilum en einnig áhugi og væntingar nemenda um framtíðarstarf. Velt er vöngum yfir því hvernig nýta megi þessar niðurstöður til þess að efla námsárangur utan höfuðborgarsvæðisins.

Læsisverkefni Menntamálastofnunar

Stofa H-208

13:15 – 14:45

Læsisráðgjafar Menntamálastofnunar

Andrea Anna Guðjónsdóttir

Læsisverkefni Menntamálastofnunar

Andrea Anna Guðjónsdóttir, sérfræðingur, Menntamálastofnun, Elsa Pálsdóttir, sérfræðingur, Menntamálastofnun, og Heiðrún Scheving Ingvarsdóttir, sérfræðingur, Menntamálastofnun

Verkefnið Þjóðarsáttmáli um læsi er fimm ára verkefni sem Mennta- og menningarmálaráðuneytið hrinti af stað árið 2015. Tilgangur verkefnisins er að efla læsi í landinu og skrifuðu öll sveitarfélög landsins ásamt Heimili og skóla undir samning og skuldbundu sig til að leggja sitt af mörkum til að efla læsi í sínu sveitarfélagi. Menntamálastofnun var falin framkvæmd verkefnisins fyrir hönd Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og voru ráðnir til verksins læsisráðgjafar. Það sem af er verkefninu hafa áhersluþættir aðallega verið þrír, þ.e. ráðgjöf og fræðsla, skimanir og próf og svo samstarfsverkefni – vitundarvakning. Leitast hefur verið við að veita leik- og grunnskólum ráðgjöf og stuðning, verkfæri, matstæki, íhlutunarefni og ýmislegt fleira. Farið hefur verið í samstarf við ýmsa aðila í samfélaginu, svo sem RÚV, bókasöfnin og barnabókahöfunda, til að vekja athygli á mikilvægi læsis og nauðsyn þess að allt skólasamfélagið axli sína ábyrgð. Í erindinu verður farið sérstaklega yfir verkefnið í heild, markmið,

tilgang og mat á því. Farið verður m.a. yfir innleiðingu verkefnisins, markmið, mat og hvar það er statt í dag. Hugað verður að því hvað gert hefur verið fyrir grunnskólana og hver séu næstu skref.

Leikskólinn

Elsa Pálsdóttir, sérfræðingur, Menntamálastofnun, Andrea Anna Guðjónsdóttir, sérfræðingur, Menntamálastofnun, og Heiðrún Scheving Ingvarsdóttir, sérfræðingur, Menntamálastofnun,

Einn af aðaláhersluþáttum verkefnisins Þjóðarsáttmála um læsi er ráðgjöf og fræðsla fyrir leik- og grunnskóla. Í erindinu verður farið sérstaklega yfir leikskólahluta verkefnisins. Farið verður m.a. yfir markmið, hvað hefur verið gert sl. þrjú ár og hvar verkefnið er statt í dag. Greint verður frá því sem gert hefur verið fyrir leikskólana og hver séu næstu skref.

Samstarfs- og vitundarvakning

Heiðrún Scheving Ingvarsdóttir, sérfræðingur, Menntamálastofnun, Elsa Pálsdóttir, sérfræðingur, Menntamálastofnun, og Andrea Anna Guðjónsdóttir, sérfræðingur, Menntamálastofnun

Það sem af er verkefninu Þjóðarsáttmála um læsi hafa áhersluþættir aðallega verið þrjú þ.e. ráðgjöf og fræðsla, skimanir og próf svo og samstarfsverkefni – vitundarvakning. Farið hefur verið í samstarf við ýmsa aðila í samfélaginu, svo sem RÚV, bókasöfnin og barnabókahöfunda, til að vekja athygli á mikilvægi læsis og nauðsyn þess að allt skólasamfélagið sem og lærdómssamfélagið axli sína ábyrgð. Í þessu erindi verður farið sérstaklega yfir þau verkefni sem snúa að samstarfs- og vitundarvakningu verkefnisins. Meðal annars verður farið yfir innleiðingu samstarfsverkefnisins SÖGUR, þar sem markmiðið var að framleiða efni sem hvetur krakka á aldrinum 6–12 ára til aukins lesturs og skapandi skrifa, samstarf við bókasöfnin þar sem áhersla hefur verið á að auka lestur í lengri fríum, markmið samstarfsverkefna og hvaða verkefni eru framundan veturinn 2018–19.

Mat og íhlutun tengd læsi

Stofa H-208

15:00 – 16:30

Menntamálastofnun

Íris Rut Bergmann

Athugun á túlkun á haustniðurstöðum í lesfimi á Lesferli

Sigurgrímur Skúlason, sérfræðingur, Menntamálastofnun og aðjúnkt, HVS, HÍ, Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir, sérfræðingur, Menntamálastofnun, og Guðbjörg Rut Þórisdóttir, sérfræðingur, Menntamálastofnun

Lesferill er matskerfi sem býður upp á fjölbreytileg tæki til að meta læsi nemenda í grunnskóla. Við þróun Lesferils voru sett viðmið um árangur í lesfimi sem miðast við stöðu nemenda í 1.–10. bekk við lok hvers skólaárs. Lesferill býður nú upp á mat á stöðu nemenda í lesfimi þrisvar á hverjum vetri, í september, janúar og í maí. Þar sem niðurstaða lesfimimats í september er fjarlæg viðmiði um árgangur fyrir hvert aldursár getur verið erfitt að túlka niðurstöður þess. Því var þróuð leið til að auðvelda túlkun á þessum niðurstöðum með því að kanna stöðu nemenda í lesfimi við upphaf skólaárs (september) miðað við stöðu þeirra í lesfimi við lok skólaárs (maí). Notuð voru gögn frá skólaárinu 2016–2017 við þróun þessarar leiðar að túlkun niðurstaðna á lesfimi í Lesferli. Til að kanna réttmæti þessarar aðferðar við túlkun var henni beitt á niðurstöðu lesfimi á skólaárinu 2017–2018 og metið hve vel hún reyndist.

Hönnun á rafrænu stöðluðu mati á stafsetningu nemenda

Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir, sérfræðingur, Menntamálastofnun, Sigurgrímur Skúlason, sérfræðingur, Menntamálastofnun, og aðjúnkt HVS, HÍ, og Guðbjörg Rut Þórisdóttir, sérfræðingur, Menntamálastofnun.

Markmiðið með Lesferli er að bjóða upp á fjölbreytt matstæki í læsi. Matstækin þurfa að vera einföld í fyrirlögn og úrvinnslu og því er leitast við að hafa þau rafræn. Mat á stafsetningu er nýtt matstæki Lesferils fyrir nemendur í 3.–10. bekk. Um hópþyrirlögn er að ræða þar sem nemendur leysa verkefnið í tölvu á sínum hraða en að hámarki tekur 30 mínútur að leysa verkefnið. Hver mæling inniheldur 30 orð sem nemandinn skrifar eftir upplestri. Setning er lesin upp og síðan orðið sem skrifa á úr setningunni. Nemendur geta fengið orðið lesið upp aftur ef þeir kjósa. Skörun er á fimm til sex orðum milli mælinga. Matstækið metur stöðu hvers nemanda miðað við jafnaldra en einnig framfarir milli ára. Niðurstöður verða samstundis aðgengilegar kennurum í Skólagátt þar sem kennari sér stöðu sinna nemenda og getur miðlað þeim niðurstöðum til nemenda og foreldra. Stöðlun fer fram skólaárið 2018–2019 og verður matið því tilbúið til notkunar í íslenskum skólum haustið 2019.

Eitt skref í einu – þjálfunarefni í lesfimi: Þróunarverkefni í samvinnu við grasrótina

Guðbjörg Rut Þórisdóttir, sérfræðingur, Menntamálastofnun, Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir, sérfræðingur, Menntamálastofnun, og Sigurgrímur Skúlason, sérfræðingur, Menntamálastofnun og aðjúkt, HVS, HÍ

Á vordögum útbjó læsisteymi Menntamálastofnunar heildstætt þjálfunarefni sem fékk heitið Eitt skref í einu en það er ætlað til lesfimiþjálfunar. Efnið samanstendur af skemmtilegum, frumsömdum sögum og ítarlegum leiðbeiningum um framkvæmd og eftirfylgni. Það er hugsað fyrir 7–10 ára nemendur sem hafa náð lesfimiviðmiði 1 og hafa góðar forsendur til að bæta sig enn frekar. Efnið skiptist í fimm stig og er hvert stig efni í fjögurra vikna markvissa þjálfun sem fer fram heima með eftirfylgni kennara. Stór þáttur í þróun verkefnisins var að leita til kennara varðandi prófun á efninu en í apríl var haldin vinnustofa þar sem fjallað var um eðli og gildi góðrar lesfimi, hlutverk foreldra í lesfimiþjálfun barna sinna og hvernig hægt sé að virkja þá betur, en jafnframt var farið ítarlega í hugmyndafræði, uppsetningu og framkvæmd efnisins. Vinnustofan fylltist hratt og sóttu yfir 30 kennarar hana en í lokin gaf stór hluti kennara vilyrði sitt fyrir því að veita endurgjöf á efnið. Samband var haft við alla kennara í lok maí og bárust mjög gagnlegar athugasemdir sem voru notaðar við endurskoðun á efninu. Ljóst er að umsagnir og endurgjöf kennara er mjög mikilvæg fyrir þetta verkefni, sem og annað skólastarf, en læsisteymi MMS mun halda áfram að leita til grasrótarinnar með verkefni og hugmyndir að verkfærum sem geta nýst í lestrarkennslu.

Kennsluþróun í háskólum I

Stofa H-209

9:00 – 10:30

Rannsóknarstofa um háskóla

Guðrún Geirsdóttir

Hvernig getum við þróað fjarnámið við Menntavísindasvið? Raddir fjarnema og skólastjórnenda

Sólveig Jakobsdóttir, dósent, MVS, HÍ, Karen Rut Gísladóttir, dósent, MVS, HÍ, og Þuríður Jóhannsdóttir, dósent, MVS, HÍ

Í þessu erindi verður sagt frá rannsóknum sem voru hluti af vinnu starfshóps um þróun fjarnáms við Menntavísindasvið skólaárið 2017–2018. Upplýsingum um viðhorf fjarnema og skólastjórnenda til fjarnámsins og hvernig mætti þróa það söfnuðu fimm framhaldsnemar við sviðið vorið 2018 með símaviðtölum. Með tilviljunarkenndu úrtaki um 5% nemenda við sviðið (N=100 af 1969) voru viðtöl

tekin á gagnasöfnunartímabilinu við 30 þátttakendur sem höfðu reynslu af fjarnámi. Einnig voru tilviljunarkennt valin um 12% grunnskóla og skólastjórum þeirra boðin þátttaka (N=21 af 172, 15 landsbyggðarskólar og sex á höfuðborgarsvæðinu). Sextán skólastjórar samþykktu þátttöku (fyrir hönd 11 landsbyggðarskóla og fimm höfuðborgarskóla). Jákvæð viðhorf til fjarnámsins við Menntavísindasvið einkenndu svör beggja hópa hvað varðaði þýðingu og mikilvægi þess fyrir nám viðkomandi fjarnema, starfsþróun faghópa í skólum og fyrir grunnskólastarf í landinu. En niðurstöður sýna jafnframt að bæta þarf skipulag fjarnámsins að ýmsu leyti, einkum með tilliti til staðlotna. Í erindinu verður gerð nánari grein fyrir niðurstöðum úr rannsókninni og nýtingu þeirra í tengslum við vinnu starfshópsins.

Viðhorf nemenda til fyrirkomulags náms við Menntavísindasvið

Hróbjartur Árnason, lektor, MVS, HÍ, og Elsa Eiríksdóttir, dósent, MVS, HÍ

Á Menntavísindasviði HÍ hefur nemendum lengi staðið til boða að taka nám með sveigjanlegu fyrirkomulagi eða í fjarnámi, en eftir að fjar- og staðkennslu var steipt saman í kjölfar hrunsins 2008 hefur sviðið glímt við að þróa þennan þátt kennslunnar. Í fyrirhuguðu erindi verða kynntar niðurstöður könnunar sem starfshópur um þróun fjarnáms á Menntavísindasviði lagði fyrir 2000 nemendur við sviðið. Í könnuninni var spurt um reynslu nemenda og viðhorf þeirra til fyrirkomulags námsins og svöruðu 450 (22,5% svarhlutfall). Um helmingur svarenda var í grunnnámi og um helmingur í framhaldsnámi og virðist búsetumynstur úrtaksins endurspegla þýðið ágætlega. Niðurstöður sýna að um helmingur nemenda sem svara er fjölskyldufólk, meirihlutinn (83%) vinnur með námi (oftast í starfi tengdu faginu), um helmingur vinnur yfir 30 tíma á viku og fæstir taka námslán að staðaldri (11%). Í erindinu er ætlunin að ræða nánar niðurstöður könnunarinnar og viðhorf nemenda til skipulags námsins, sérstaklega með hliðsjón af því hvort nemendur stunda nám á grunn- eða framhaldsstigi, hversu margar einingar þeir taka að jafnaði, búsetu og reynslu af fjarnámi. Einnig verður rætt hvaða áhrif fjölskylduábyrgð og vinna með námi hefur á viðhorf og reynslu nemenda. Niðurstöður verða ræddar í samhengi við þróun og skipulag náms við Menntavísindasvið HÍ til framtíðar.

Þróun gæðaviðmiða og námskeiðsforma sem koma til móts við bæði stað- og fjarnema á Menntavísindasviði HÍ

Puríður Jóhannsdóttir, dósent, og Sigríður Pétursdóttir, deildarstjóri Faggreinakennslu, MVS, HÍ

Á Menntavísindasviði HÍ er hægt að taka flest námskeið í fjarnámi með staðlotum, þ.e. sem blandað nám. Þetta skýrist af því að vegna kennaraskorts í lok síðustu aldar var þróað fjarnám til að gefa

leiðbeinendum í skólum úti á landi kost á kennaranámi. Seinna varð fjarnámið opið fyrir alla. Fjarnámið var boðið samhliða hefðbundnu staðnámi, sama inntak og sömu kröfur og í staðnámi og sömu próf til að tryggja sambærileg gæði. Árið 2010 var ákveðið að kenna staðnemum og fjarnemum saman og skipuleggja námskeiðin þannig að komið væri til móts við þarfir beggja hópa. Samkensla fjar- og staðnema var innleidd en ekki var lengur hægt að miða gæði í fjarnámi við hefðbundið staðnám. Kennarar hafa þróað ýmis kennsluform en skortur á samhæfingu hefur valdið togstreitu. Skólaárið 2017–2018 hefur starfshópurinn þróum fjarnámið haft það hlutverk að taka á þessum vanda. Í málstofunni verður kynnt könnun sem snerist um að a) fá yfirsýn yfir þau ólíku líkön sem eru notuð við skipulag námskeiða og b) fá innsýn í það hvernig kennarar skýra ástæður fyrir því skipulagi sem þeir hafa á samkenslu stað- og fjarnema. Byggt er á rýnihópaviðtölum við kennara sem kenna á ólíkum námsbrautum/námsleiðum við MVS. Markmiðið er að leggja grunn að þróun gæðaviðmiða í kennslu út frá þeim hugmyndum kennara sem fram koma í umræðum í rýnihópunum. Tilgangurinn er bæði að þróa gæðaviðmið fyrir nám og kennslu á MVS og að leggja til nokkur samræmd form námskeiða sem þróuð yrðu út frá hugmyndum kennara sem rætt verður við.

Fjar- og staðnemar í grunnskólakennaranámi. Bakgrunnur og vinna með námi

Amalía Björnsdóttir, prófessor, MVS, HÍ, og Þuríður Jóhannsdóttir, dósent, MVS, HÍ

Bent hefur verið á líklega fækkun grunnskólakennara á næstu 15–20 árum og vísbendingar eru um talsvert brottfall og hæga námsframvindu hjá nemum í grunnskólakennaranámi á Menntavísindasviði HÍ (Þuríður Jóhannsdóttir, 2016). Í skýrslu Ríkisendurskoðunar (2017) kom fram að árin 2013–15 héldu að meðaltali 55% nema í bakkalárnámi áfram á öðru ári við Menntavísindasvið en 65% við Háskólann á Akureyri og 49% nema í kennaradeild Menntavísindasviðs luku B.Ed.-prófi á þremur árum en 71% nema í HA. Spurningalisti var lagður fyrir nema (N = 208) í grunnskólakennaranámi í HÍ vorið 2017. Listinn var þýddur úr norsku og er hluti af norrænu rannsóknarverkefni um viðhorf kennaranema. Nokkrum spurningum var bætt við íslenska útgáfu listans, meðal annars um vinnu með námi og hvort nemar væru í stað- eða fjarnámi. Niðurstöður sýndu að menntun foreldra fjarnema var heldur minni en menntun foreldra staðnema. Af staðnemum áttu til að mynda 47% móður með háskólapróf en 29% fjarnema áttu móður með háskólapróf. Nemar sem áttu foreldra eða foreldri sem var kennari voru líklegri en aðrir nemendur til að vera í staðnámi frekar en fjarnámi. Um 70% nema voru að vinna með námi og átti það við um alla hópa óháð námsformi. Yfir 43% fjarnema unnu 30 stundir eða meira á viku að jafnaði en aðeins 4% staðnema unnu þetta mikið með náminu. Um einn af hverjum fimm fjarnemum vann sem leiðbeinandi í grunnskóla. Niðurstöður gefa mikilvægar upplýsingar um aðstæður kennaranema og ættu að geta nýst við skipulagningu og þróun kennaranámsins.

Kennsluþróun í háskólum II

Stofa H-209

10:45 – 12:15

Rannsóknarstofa um háskóla

Guðrún Geirsdóttir

Blönduð kennsla í verkfræði með virkri þátttöku nemenda

Kristinn Andersen, prófessor, VON, HÍ

Í erindinu verður fjallað um svonefnda blandaða kennslu („blended learning“), þar sem staðbundin kennsla í kennslustofu er studd með efni af netinu. Greint er frá því hvernig blandaðri kennslu var beitt í tveimur völdum verkfræðinámskeiðum, þar sem annars vegar var valið dæmigert námskeið í grunnnámi og hins vegar lesnámskeið í framhaldsnámi. Nemendur voru virkjaðir í að finna efni á netinu sem hentaði náminu og námsefninu („student engagement“), meta efnið og gera tillögur um hvernig mætti þætta efnið inn í námið. Efnið sem nemendur fundu á netinu var flokkað og greint nánar, umræður fóru fram í nemendahópnum með kennara um kosti og ókosti og dregnar voru ályktanir um hvað af efninu hentaði til að bæta kennsluna í námskeiðinu. Ávinningur af blandaðri kennslu getur m.a. falist í auknu og bættu stoðefni fyrir nemendur, aðgengi að efni sem fjallar um nýjustu rannsóknir og þróun í námsgreininni hverju sinni, nýjum kostum á að halda fámenn námskeið sem ekki væru í boði að óbreyttu og bættum stuðningi við nemendur sem stunda nám með vinnu. Niðurstöður verkefnisins verða notaðar til að bæta kennslu námskeiðanna næst þegar þau verða boðin og jafnframt er þá fyrirhugað að halda áfram að virkja nemendur til að meta og nýta enn frekar efni af netinu.

Fjarkennsla í verklegri fjarskiptaverkfræði

Sæmundur E. Þorsteinsson, lektor, VON, HÍ

Fjarkennsla í verklegum æfingum hefur farið fram víða við háskóla í nokkra áratugi en með ólíku sniði. Forsendur fyrir henni eru tvenns konar, aðgengisforsendan og kennslufræðiforsendan. Nemendur hafa sífellt minni tíma til að verja til náms síns og eru oft uppteknir við annað á dagvinnutíma. Þar með verður tímasókn erfiðleikum bundin. Víða er brugðist við þessum vanda með því að taka upp fyrirlestra og bjóða þá til sýninga á netinu. Fjarkennsla í verklegum æfingum nær sömu markmiðum. Til viðbótar hefur hún þann kost að nýting tækjabúnaðar verður miklu betri. Ekki þarf að kaupa mörg dýr mælitæki til þess að setja upp á mörgum mælistöðvum eins og þarf við hefðbundna verklega kennslu. Hér nægir

að kaupa eitt tæki, e.t.v. enn fullkomnara, og samnýta það yfir netið. Nemendur þurfa þá reyndar að finna tíma fyrir verklegu æfinguna þegar enginn annar er að nota búnaðinn. Þessi háttur gerir einnig fötluðum nemendum auðveldara fyrir, svo og nemendum sem eru í fjarkennslu. Aðgengi verður mun auðveldara en væri ef þeir þyrftu að mæta í verklegu aðstöðuna. Í verkefninu var fjarkennsla í verklegum æfingum prófuð og nemendur spurðir um skoðun sína á því hvernig til tókst. Fjallað verður um stuðning þessarar námsaðferðar við hæfniviðmið námskeiðsins og hvaða kennslufræðilegu markmiðum tekst síður að ná með þessari aðferð en hefðbundinni verklegri kennslu. Einnig verður fjallað um þann ávinning sem næst með hefðbundinni verklegri kennslu.

Sögur að norðan: frá óvirkum kennslurýmum til virkra kennslurýma

Auðbjörg Björnsdóttir, forstöðumaður Kennslumiðstöðvar, HA, og Ásta Margrét Ásmundsdóttir, aðjúnt, HA

Erindið fjallar um það breytingarferli sem átti sér stað þegar formlegri fyrirlestrastofu var breytt í virka kennslustofu (e. active learning classroom (ALC)) við Háskólann á Akureyri. Háskólinn á Akureyri hefur síðustu áratugi verið leiðandi í fjarnámi á háskólastigi á Íslandi með yfir 70% nemenda skráða í fjarnám eða lotunám. Á undanförunum árum hefur háskólinn verið að færa sig yfir í sveigjanlegt nám með áherslu á faglega þróun kennslu til að styðja starfsfólk og nemendur. Eitt verkefnið var að útbúa þróunarkennslustofur með það að markmiði að breyta þeim í virkar kennslustofur (ALC). Hér verður fjallað um það ferli sem átti sér stað þegar farið var úr hefðbundinni skólastofu/fyrirlestrastofu í virka kennslustofu (ALC), þær hindranir sem við stóðum frammi fyrir, mikilvægi þess að nota skólastofur sem eru byggðar á rannsóknum sem fyrirmynd í ferlinu, svo ekki sé talað um mikilvægi þess að eiga gott samstarf við kennara og nemendur. Gerð verður grein fyrir reynslu kennara og nemenda af því að nota stofurnar. Þá verða næstu skref í þróun virkra kennslustofa í HA rædd.

Fjærverur, hvað er það? Og til hvers?

Helena Sigurðardóttir, kennsluráðgjafi við Kennslumiðstöð, HA, og Auðbjörg Björnsdóttir, forstöðumaður Kennslumiðstöðvar, HA

Erindið fjallar um Fjærverur við Háskólann á Akureyri. Haustið 2017 kom fyrsta fjærveran, Krista, til Háskólans á Akureyri. Hugmyndin með notkun fjærvera er að gefa nemendum og starfsfólki möguleika á að vera meira á staðnum. Í gegnum þessa tækni eykst viðvera og plássíð sem þessir aðilar taka, hvort sem er í kennslustofunni eða á fundum. Eitt áhyggjuefnið í fjarnámi er að nemandinn í fjarska tilheyrir ekki kennslustofunni sjálfri, hann sér sig ekki sem einn af nemendahópnum á staðnum og aðrir

nemendur á staðnum sjá hann ekki sem einn af nemendahópnum í stofunni. Sá sem er á fjarenda upplifir sig því oft sem gest í kennslustundunum. Þetta endurspeglast oft í því að einstaklingurinn á fjarenda biður um leyfi til að trufla þegar hann vill fá orðið. Þarna er verið að vísa til hugtaksins *líkömnun* (e. embodiment) sem í þessu samhengi vísar til þess hversu mikið pláss manneskjan tekur í fjarsamskiptum. Í erindinu verður fjallað um hugmyndafræðina á bak við notkun fjærvera við HA í tengslum við sveigjanlegt nám og þá sérstaklega námssamfélagið við HA, innleiðingafærlíð, notkun þeirra og reynslu notenda af fjærverunum.

Áhorf nemenda á fyrirlestraupptökur – samanburður á stað- og fjarnemum

Daði Már Kristófersson, prófessor, FVS, HÍ, og Margrét Sigrún Sigurðardóttir, lektor, FVS, HÍ

Eins og fram kemur í tímariti Kennslumiðstöðvar 2016 hafa upptökur á fyrirlestrum við Háskóla Íslands verið mjög umdeildar. Nemendur hafa gert kröfu um að allir fyrirlestrar séu teknir upp á meðan mörgum kennurum hefur verið illa við upptökur og telja að þær hafi hamlandi áhrif á virkni í kennslu. Kostur við upptökur er að þær gefa nemendum sem einhverra hluta vegna eiga erfitt með að sækja tíma á háskólasvæðinu tækifæri til að stunda nám. Við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands hefur verið boðið upp á fjarnám í mannfræði og þjóðfræði. Fjarnámið hefur verið skipulagt með þeim hætti að hefðbundnir fyrirlestrar eru teknir upp og upptökur gerðar aðgengilegar á netinu hvoru tveggja fyrir staðnema og fjarnema. Við skoðuðum áhorf nemenda á þessum námsleiðum út frá því hvort nemendur væru skráðir í stað- eða fjarnám, aldri, kyni og árangri í námskeiðinu. Umfang áhorfs er mjög breytilegt (hve marga fyrirlestra er horft á) og sömuleiðis úthald nemenda í áhorfi (hve lengi er horft á hverja upptöku). Niðurstöður eru í samræmi við erlendar rannsóknir á vendikennslu, þar sem fram kemur að eldri nemendur og konur eru líklegri til að horfa en yngri nemendur og karlmenn, og eru konur í fjarnámi líklegastar til þess að horfa á upptökur. Samhengi breytileika á áhorfi og námsárangurs er afar veikt, hvort sem um fjarnema eða staðnema er að ræða. Aðrir þættir, s.s. kyn og aldur, skýra mun stærri hluta breytileikans. Niðurstöðurnar styðja það ekki að upptaka fyrirlestra ein og sér sé mikilvæg leið í miðlun kennsluefnis.

Kennsluþróun í háskólum III

Stofa H-209

13:15 – 14:45

Rannsóknarstofa um háskóla

Guðrún Geirsdóttir

Maður fór einhvern veginn á flug. Upplifun og reynsla nemenda af þátttöku í náms- og kennsluþróun í eigin háskólanámi

Anna Ólafsdóttir, dósent, HA, og Sólveig Zophoníasdóttir, sérfræðingur á Miðstöð skólaþróunar, HA

Í erindinu verður greint frá rannsókn þar sem könnuð var annars vegar upplifun og reynsla nemenda af þátttöku í náms- og kennsluþróun í eigin háskólanámi og hins vegar áhrif slíkrar þátttöku á þróun kennslu. Þátttakendur í rannsókninni voru nemendur í meistaranámi í Háskólanum á Akureyri sem sátu þrjú námskeið á áherslusviðinu Upplýsingatækni í námi og kennslu. Í námsleiðinni koma nemendur í nokkrar staðlotur yfir námskeiðstímabilið en námið fer að öðru leyti fram í rafrænu umhverfi. Nokkrir þátttakendur sátu öll námskeiðin, aðrir sátu tvö og enn aðrir aðeins eitt. Rannsakendur höfðu umsjón með námskeiðunum og skipulögðu þau að stærstum hluta í samstarfi. Gagna var aflað í fyrsta námskeiðinu með matskvarða og heildarendurgjöf í lok námskeiðs, með rýnihópaviðtölum í lok námskeiðs númer tvö og í því síðasta voru valdar kennslustundir í staðlotum teknar upp, auk þess sem nemendur héldu ígrundunardagbók þrisvar á námskeiðstímabilinu. Rannsakendur héldu reglulega ígrundunarfundi þar sem þeir ræddu og skráðu reynsluna. Meginniðurstöður eru þær að upplifun nemenda af virkri þátttöku í þróun námskeiðanna var í meginatriðum jákvæð og valdefldi nemendur. Neikvæð upplifun nemenda virtist helst tengjast námsmati og óöryggi varðandi það til hvers væri ætlast af þeim. Greina mátti mun eftir því hvort nemendur höfðu setið öll námskeiðin, tvö eða bara eitt. Meginstefið í niðurstöðum af ígrundun kennara er að þátttaka nemenda í þróun námskeiðanna eykur ábyrgð þeirra og áhuga, sem sjá mátti m.a. í gæðum verkefnaúrvinnslu. Hæfni nemenda til þátttöku í náms- og kennsluþróun vex með tækifærum sem þeim gefast til að hafa slík áhrif á nám og kennslu.

Tíminn hann er trunta: Að rýna og endurskilgreina hugtakið „vinnuálag í námskeiðum“

Edda R. H. Waage, lektor, VON, HÍ, og Guðrún Geirsdóttir, dósent, MVS, HÍ

Í erindinu er greint frá sameiginlegri rannsókn háskólakennara og sérfræðings í háskólakennslufræði sem leiddi af sér dýpri skilning á hugtakinu „vinnuálag“ og hafði áhrif á notkun þess hugtaks í kennsluþróunarstarfi. Kennslumiðstöð Háskóla Íslands veitir háskólakennurum ýmis tæki og tól til að nýta í kennslu, m.a. til að reikna út vinnuálag í námskeiðum (ECTS). Edda nýtti sér þessi verkfæri þegar henni var falið að skipuleggja nýtt námskeið innan Líf- og umhverfisvísindadeildar. Þótt hún hefði staðið faglega að verki sögðu nemendur í kennslukönnun að vinnuálag námskeiðsins væri mun meira en í öðrum. Edda ákvað að gera þessa niðurstöðu að rannsóknarviðfangsefni sínu. Rannsóknin var

skipulögð út frá fyrri rannsóknum á vinnuálagi og gagna aflað með blönduðum aðferðum. Nemendur námskeiðsins héldu rafræna dagbók þar sem þeir skráðu vinnuframlag sitt og dagbókarfærslum var fylgt eftir með viðtölum við valda nemendur. Niðurstöður rannsóknarinnar veita innsýn í það hversu mikinn þátt nemendur eiga í eigin vinnuálagi og hvernig þeir kjósa að háttá námi sínu. Þær draga fram hversu margbreytilegt og flókið hugtakið vinnuálag er. Þó að nemendur hefðu upplifað mikið vinnuálag var það álag ekki sýnilegt í vinnuframlagi þeirra. Hugmyndir nemenda um vinnuálag mótuðust af öðrum þáttum, eins og skipulagi námskeiðsins, hvers konar verkefni voru lögð fyrir þá og persónulegum aðstæðum þeirra. Rannsóknarniðurstöður benda jafnframt til að þess að þau tæki og tól sem Kennslumiðstöð veitir kennurum til útreikninga á vinnuálagi nái ekki að gera þessu flókna fyrirbæri nægileg skil og þarfnist gagnrýnnar endurskoðunar.

Verkfærakista leiðbeinans: Bestu venjur á Félagsvísindasviði

Eva Marín Hlynsdóttir, lektor, FVS, HÍ, og Silja Bára Ómarsdóttir, aðjúnkt, FVS, HÍ

Leiðsögn við gerð lokaverkefna er mikilvægur og krefjandi þáttur í starfi flestra kennara við Háskóla Íslands. Flestir nemendur þurfa að skrifa lokaritgerð í bæði grunn- og framhaldsnámi og er því vönduð leiðsögn lykill að því að nemendur brautskráist. Kennslunefnd Félagsvísindasviðs hefur lagt áherslu á leiðsögn við lokaverkefni og frumkönnun sýndi fram á að margir kennarar hafa útbúið handhæg tæki og tól til þess að auðvelda sér það ferli. Meðal þeirra má nefna matskvarða, samninga um vinnufyrirkomulag og -framlag, handbækur, sniðmát og fleira. Á grunni þessarar þekkingar réðust höfundar í skrásetningu slíkra úrræða og fengu til þess styrk úr Kennslumálasjóði HÍ. Viðtöl voru tekin við kennara við sviðið þar sem slíkum tækjum og venjum var safnað saman. Í erindinu verða helstu niðurstöður kynntar, sem og drög að vefsíðu þar sem gagnabanki verður gerður aðgengilegur öllum kennurum við Háskólann. Markmiðið er að auðvelda kennurum að verða betri leiðbeinendur, að nemendur ljúki lokaverkefnum á réttum tíma og að hækka útskriftarhlutfall deilda við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands.

Teachers' attitudes towards and actual use of five factors that motivate students in the classroom

Ásta B. Schram, lektor, HVS, HÍ og Abigail Grover Snook, doktorsnemi, HVS, HÍ

The goal of the study was to examine teachers' use of and attitude towards five factors found to increase student motivation when present in the classroom. Teachers at one school at the University of Iceland (n=863) were invited to participate in an online survey where a 6-point Likert agreement scale was used to assess teachers' attitudes towards and recent use of the MUSIC ModelSM of

Motivation components. The following statements represented their attitudes: It is a part of a teacher's responsibility to: give students some choices in learning (M), make learning useful (U), provide feedback and organization to ensure student success (S), make learning interesting (I), and communicate caring and respect for students and their goals (C). Similar statements were used to determine recent use of the components in the classroom. The response rate was 35%. The combined percentage of strongly agree or agree responses in attitudes toward the components were: M (51%), U (93%), S (71%), I (97%), C (96%). A similar pattern was seen in their reported use of these components in their recent classroom teaching but with values lower (10-20%). Results suggest that faculty are less likely to value or use the concept of student choices as part of supporting empowerment. These results give some indication as to how teachers perceive these motivational factors and suggest that faculty development programs need to offer workshops on the importance of empowering students by providing choices as a way of enhancing student motivation and increasing self-regulation.

Kennsluþróun í háskólum IV

Stofa H-209

15:00 – 16:30

Rannsóknarstofa um háskóla

Guðrún Geirsdóttir

Hvaða þættir í rannsókn á brotthvarfi nýnema á Félagsvísinda- og Verkfræði- og náttúruvísindasviði HÍ tengjast brotthvarfi nýnema úr háskólanámi

Anna Helga Jónsdóttir, dósent, VON, HÍ, Daði Már Kristófersson, prófessor, FVS, HÍ, Magnús Þór Torfason, lektor FVS, HÍ, og Margrét Sigrún Sigurðardóttir, lektor, FVS, HÍ

Niðurstöður sem birtar voru í sjálfsmatsskýrslum deilda á Félagsvísinda- og Verkfræði- og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands sýna glögg að brotthvarf nemenda úr námi er eitt helsta áhyggjuefni deilda. Því var ákveðið haustið 2017 að fara í viðamikla rannsókn á brotthvarfi nýnema úr námi á þessum tveimur sviðum HÍ. Innan skólans er til mikið af gögnum sem hægt er að nýta til þess að varpa ljósi á brotthvarf nemenda úr námi. Gögnin voru nýtt til að kanna hvort fylgni væri á milli tiltekinnar bakgrunnsbreyta og brotthvarfs, svo sem kyns, búsetu, framhaldsskóla og einkunnar á stúdentsprófi. Spurningalisti var einnig lagður fyrir alla nýnema sviðanna þar sem tengsl þeirra við aðra nýnema voru könnuð. 669 nýnemar tóku þátt, eða 48% nýnema Félagsvísindasviðs og 62% nýnema Verkfræði- og náttúruvísindasviðs. Með því að kortleggja tengslanet nýnema var í framhaldinu hægt

að rannsaka mögulegt samband á milli brotthvarfs og tengsla við aðra nemendur. Til að varpa ljósi á helstu ástæður brotthvarfs nemenda var reynt að hringja í nemendur sem hættu í námi á tímabilinu en erfiðlega gekk að ná í nemendurna. Í erindinu verður farið í helstu niðurstöður rannsóknarinnar og því lýst hvernig gögnin sem safnað hefur verið gætu nýst deildum í nánustu framtíð.

Krefjast raunvísindi meiri seiglu en félagsvísindi? Rannsókn meðal nýnema á Félagsvísinda- og Verkfræði- og náttúruvísindasviði HÍ

Margrét Sigrún Sigurðardóttir, lektor, FVS, HÍ, Anna Helga Jónsdóttir, lektor, VON, HÍ, Daði Már Kristófersson, prófessor, FVS, HÍ, og Magnús Þór Torfason, lektor, FVS, HÍ

Seigla (e. grit) lýsir þeim eiginleika fólks að gefast ekki upp þó að á móti blási og halda ótrauður áfram hvernig sem gengur. Seigla er í fræðilegu samhengi skilgreind sem þrautseigja og ástríða fyrir því að ná langtíma markmiðum. Að búa yfir seiglu er því jákvæður eiginleiki í háskólanámi og hafa rannsóknir á seiglu sýnt fram á að fylgni er á milli svörunar á seiglukvarða og þess að ljúka námi, sem og frammistöðu. Haustið 2017 var átta punkta seiglumælikvarði Angellu Duckworth lagður fyrir alla nýja nemendur á Félagsvísindasviði og Verk- og náttúruvísindasviði, samhliða rannsókn á tengslanetum. Alls svöruðu 669 nemendur könnuninni, eða 48% nýrra nemenda á Félagsvísindasviði og 62% nýrra nemenda á Verkfræði- og náttúruvísindasviði. Í rannsókninni verður seigla skoðuð út frá bakgrunnsbreytum, svo sem kyni og aldri, auk námsframvindu, námsframmistöðu og tengsla við samnemendur. Fyrstu niðurstöður sýna að munur er á seiglu nemenda á milli sviða og skora nemendur á Verkfræði- og náttúruvísindasviði hærra en nemendur Félagsvísindasviðs.

Gengið saman menntavegin? Fyrri tengsl nýnema í háskólanámi

Magnús Þór Torfason, lektor, FVS, HÍ, Margrét Sigrún Sigurðardóttir, lektor, FVS, HÍ, Anna Helga Jónsdóttir, dósent, VON, HÍ, og Daði Már Kristófersson, prófessor, FVS, HÍ

Samskipti og samvinna nemenda eru mikilvægur þáttur í öllu námi, meðal annars í háskólanámi, auk þess sem rannsóknir hafa sýnt fram á fylgni tengslanetabreyta við bæði námsárangur og brotthvarf nemenda úr háskólanámi. Háskólanemar geta myndað mikilvæg tengsl við jafningja sína í náminu sjálfu en einnig byggt á þeim tengslanetum sem til staðar eru í upphafi háskólanáms. Því er mikilvægt að skilja ferli tengslamyndunar háskólanema sem best. Haustið 2017 var lögð fyrir umfangsmikil könnun á tengslanetum nýnema á tveimur stærstu sviðum Háskóla Íslands, Félagsvísindasviði og Verkfræði- og náttúruvísindasviði. Markmiðið var að rannsaka fyrirbyggjandi tengslanet nýnema við samnemendur sína í upphafi náms, auk þess sem könnunin markaði upphaf að viðameiri rannsókn.

Gögnum var safnað í gegnum könnunarkerfi nemendaskrárkerfis Háskólans, auk viðbótarspurningar sem sérstaklega var ætluð til að safna tengslanetagögnum. Þátttakendur voru beðnir að skrá þá nemendur, úr hópi nýnema á því sviði þar sem þeir voru að hefja nám, sem þeir þekktu best við upphaf náms. Uppbygging tengslaneta á sviðunum var borin saman og tengslamælikvarðar voru metnir. Megindlegri greiningu var beitt til að kanna hvort nýnemar sem þekkja marga samnemendur sína við upphaf náms væru jákvæðari í garð námsins en þeir sem þekkja fáa. Niðurstöðurnar gáfu til kynna að svo væri: Fyrir nýnema af höfuðborgarsvæðinu var marktæk fylgni milli tengslafjölda og jákvæðni gagnvart náminu. Ekki var um að ræða sambærilega fylgni þegar skoðaðir voru nemendur sem fluttu utan af landi til að hefja nám.

Considering the values and needs of sessional and tenured faculty: what does modeling suggest for faculty development needs?

Abigail Grover Snook, doktorsnemi HVS, HÍ og Ásta B. Schram, lector, HVS, HÍ

The needs of both tenured and sessional teachers should be considered in faculty development. Sessional teachers' needs assessments are not well-represented in faculty development with reliance on informal conversations and teaching evaluations to determine needs. An online survey, assessing identification with teaching, motivations to teach, and needs, was completed by 78 tenured and 160 sessional teachers at the School of Health Sciences in Iceland (35% response rate). Confirmatory factor analysis, t-tests, Chi-square values, and structural equation modeling (SEM)/regression analyses were performed. The results demonstrated similarities in values, motivations to teach, identification with teaching, and faculty development needs. However, sessional teachers, often comprising most of the workforce, expressed a greater need for instruction in pedagogy prior to teaching, a greater perceived lack of connectedness to their departmental colleagues, and admitted to not participating in faculty development activities. Using SEM to predict openness to improving teaching methods, results suggest that both perceived connectedness and appreciation are predictive when considering all faculty members. However, when considered separately, perceived connectedness is predicted for sessional faculty while being appreciated is predictive for tenured faculty. The results suggest that there are both common areas to address in faculty development for these types of teachers but also differences to consider. The next phase of the research project will be to use focus groups to explain these differences and consider solutions. Faculty development should address the needs of both sessional and tenured faculty to increase the quality of student learning.

Metoo, kynjajafnrétti og brautryðjendur

Stofa K-202

9:00 – 10:30

Fræðsla um kynjajafnrétti í skólum í ljósi rannsókna og #Metoo

Guðný S. Guðbjörnsdóttir, prófessor, MVS, HÍ, Steinunn Helga Lárusdóttir, dósent, MVS, HÍ, og Þórdís Þórðardóttir, dósent, MVS, HÍ

Markmið erindisins er að ræða niðurstöður rannsókna okkar og RannKyn undanfarin ár í ljósi femínískra áherslna og #Metoo-byltingarinnar. Um þrjár rannsóknir er að ræða, sú fyrsta beindist að jafnréttissýn kennara í kennaramenntun, önnur að áhuga og þekkingu kennaranema á kynjajafnrétti og þriðji hluti rannsóknarinnar beindist að sjónarmiðum skólastjórnenda í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum. Í síðarnefndu rannsóknunum var kannað hvort viðmælendur teldu að skólinn ætti að bregðast við ákalli ungra stúlkna vegna kynferðisofbeldis og áreitni, m.a. í samfélagsmiðlum allt frá 2015. Mikill áhugi skólastjóra og kennaranema á því er athyglisverður í ljósi #Metoo-byltingarinnar 2017. Því má segja að rannsóknirnar og #Metoo-byltingin kalli á svipuð viðbrögð í skólakerfinu. Þar sem kynjajafnrétti sætir nokkru mótþæmi í menntakerfinu var ákveðið að skoða nýjar femínískar rannsóknir á þessu sviði. Þar vekja athygli tveir straumar. Annars vegar að femínismi og kynjafræði séu orðin viðtekin mikilvæg hugtök bæði í stjórnámálum og í skólum, ekki síst á Norðurlöndum, en að þau gildi sem þar koma fram séu samofin nýfrjálshyggju með áherslu á nýsköpun og samkeppni frekar en á jafnrétti og félagslegt réttlæti. Hinn straumurinn einkennist af því að litið er á kynjafræði sem andstæðu við fjölskylduvæn og kristin gildi. Í erindinu er tilraun gerð til að draga fram hvaða áherslur eru mikilvægar í skólum ef leggja á raunverulega áherslu á kynjajafnrétti, félagslegt réttlæti og #Metoo, þó að ljóst sé að aldrei finnist endanlega rétt lausn á því hvernig bregðast skuli við kynjamisrétti í síbreytilegu samfélagi.

Creating transformative spaces for gender equality: Transnational experience of China and Iceland

Jón Ingvar Kjaran, lektor, MVS, HÍ

In 1995 Beijing hosted the fourth United Nations (UN) world conference on women. Some of the issues for actions agreed upon at the conference were in relation to the education and training of women. Thus, this paper addresses the changes implemented, both at practical and policy level, in terms of equality in education in Iceland and China. We understand policy in broad terms, referring here both to legal documents, regulations, and curricula. This presentation aims to present a comparative

perspective guided by the research question, “How to create a transformative space for gender equality in education, based on experience and practice in China and Iceland?”. The theoretical framework is built according to the sociocultural approach, which is a theoretical innovation in gender study. We use Vygotskian theory, especially the ideas of mediation, zone of proximal development and transformative agency, as resources to build a conceptualisation called “transformative spaces”. Approaches to creating transformative spaces in education are defined as results, revealed by curriculum, teaching, teachers’ practice, and school governance. Regarding our data, we draw on interviews with teachers and students in primary and upper secondary schools, curriculum texts, and policy documents.

Brautryðjendur og baráttukonur í akademíu

Gyða Margrét Pétursdóttir, dósent, FVS, HÍ, og Thamar Melanie Heijstra, dósent, FVS, HÍ

Rannsóknir sýna að akademískt starfsfólk háskóla lítur gjarnan á starf sitt sem hugsjónastarf og upplifir því launaða vinnu sína sem lífsstíl frekar en starf. Breytingar á háskólaumhverfinu sem rekja má m.a. til áhrifa hnattvæðingar og nýfrjálshyggju hafa þó aukið starfstengt álag og því eru blikur á lofti. Í erindinu verður fjallað um upplifun kvenkyns háskólakennara sem hafa kennt og rannsakað á jaðrinum undanfarin ár og áratugi. Gögnum var safnað með eigindlegum viðtölum við valinn hóp kvenna sem eiga það sameiginlegt að hafa í kennslu sinni og rannsóknum beitt krítískri nálgun og í flestum tilfellum stundað fræðimennsku utan meginstraumsins. Auk fræðimennsku eiga konurnar það sameiginlegt að hafa beitt sér fyrir bættri stöðu ýmissa undirskipaðra hópa, bæði innan háskólaumhverfisins og utan þess. Markmið rannsóknarinnar er tvíþætt, annars vegar að kortleggja upplifun og reynslu þeirra sem kennt hafa og rannsakað á jaðrinum (utan meginstraumsins) og hins vegar að fanga reynslu og upplifun sömu aðila af háskólaumhverfinu síðustu áratugi. Hvernig upplifa þátttakendur stöðu sína í háskólaumhverfinu og hver er reynsla þeirra af þeim breytingum sem átt hafa sér stað undanfarin ár og áratugi og hvaða áhrif hafa þessir þættir haft á þær?

Umbreytandi menntun, sjálfbærni og kennsluaðferðir

Stofa K-202

10:45 – 12:15

Umbreytandi menntun í samfélagsgreinum: Hvað um trúarbragðafræði?

Gunnar J. Gunnarsson, prófessor, MVS, HÍ

Á seinni árum hefur nokkuð borið á því að lögð hafi verið áhersla á svokallaða umbreytandi menntun (e. transformative education) og gildi hennar í hæfni ungs fólks til að takast á við flókinn veruleikann. Fræðimenn á borð við Banks og Kirman hafa lagt áherslu á mikilvægi slíkrar menntunar, Banks í sambandi við borgaramennt/lífsleikni og Kirman í tengslum við landafræðimenntun og siðfræði. Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eru landafræði, lífsleikni og siðfræði hluti af samfélagsgreinum, ásamt sögu, félagsfræði, trúarbragðafræði og heimspeki. Þegar lögð er áhersla á hæfniviðmið, eins og gert er í nógildandi námskrám, er ekki úr vegi að ræða gildi umbreytandi menntunar í því sambandi. Í erindinu verður fjallað um það hvort umbreytandi menntun geti átt við í samfélagsgreinum, bæði almennt, meðal annars í ljósi grunnþátta menntunar, og í einstökum greinum. Í því sambandi verður athyglinni sérstaklega beint að trúarbragðafræði og þeirri spurningu hvort umbreytandi menntun geti átt við í þeirri grein og þá með hvaða hætti. Verður meðal annars vísað til umræðu Grimmits um muninn á því að læra um trúarbrögð og að læra af þeim.

Birtingarmynd iðnaðar og sjálfbærni í námsefni grunnskóla

Vala Hrönn Isabel Pétursdóttir, meistaranemi, MVS, HÍ, og Elsa Eiríksdóttir, lektor, MVS, HÍ

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 2013 er hlutverk grunnskóla að sinna almennri menntun, en í því felst að undirbúa nemendur fyrir þátttöku í atvinnulífinu og frekara nám. Aðalnámskrá grunnskóla segir einnig að hluti af þessum undirbúningi sé að kynna nemendum fjölbreytta náms- og starfsmöguleika þar sem áhugi og hæfileikar hvers og eins fá að blómstra, enda stuðli slíkt að jafnrétti nemenda. Með fjölbreyttri umfjöllun í skólastarfinu um ólík störf landsmanna gefst tækifæri til þess að styrkja áhugasviðs- og einstaklingsmiðað nám ásamt því að hvetja nemendur til þess að kynna sér ólíka möguleika í áframhaldandi námi. Markmið rannsóknarinnar er að skoða tíðni umfjallana og birtingarmynd iðnaðar og sjálfbærni í námsgögnum fyrir grunnskólastigið. Aðferð rannsóknarinnar er textaleit í gagnagrunni og orðræðugreining á efni kennslubóka. Öll námsgögn fyrir grunnskóla gefin út af Menntamálastofnun sem teljast til kjarnaefnis, að námsvefjum utanskildum, voru skoðuð; fyrst með því að leita að tíðni tiltekinna orða tengdra iðnaði og sjálfbærni en síðan með því að greina eðli og birtingarmynd þessara orða í samhengi við umræðu um iðnað og sjálfbærni. Niðurstöðurnar eru innlegg í umræðu um eflingu iðnnáms þar sem gefin er greinargóð mynd af því hvernig samfélagslegt rými iðnaðar birtist í námsgögnum grunnskólabarna og af þeirri umfjöllun og kynningu sem því fylgir. Rannsóknin var gerð sumarið 2018.

Verkefnamiðað nám – Virkar kennsluaðferðir

Sigríður Helga Sigurðardóttir, meistaranemi, MVS, HÍ, og Lilja M. Jónsdóttir, lektor, MVS, HÍ

Markmiðið með verkefninu var að rýna í hugtakið nemendamiðað nám og beina athyglinni sérstaklega að verkefnamiðuðu námi (e. project based learning). Nemendamiðað nám endurspeglast í grunnþáttum menntunar í aðalnámskrá og lögum um grunnskóla, því í slíku námi er meðal annars gert ráð fyrir samvinnu, sjálfstæði og virkni nemenda, sem og að nýta áhuga þeirra í skólastarfinu. Rannsóknir benda til þess að hér á landi sé kennaramiðað nám ríkjandi. Megináhersla virðist vera á námsbókakennslu og að komast yfir ákveðið efni, óháð því hvort nemendur ná að tileinka sér námsefnið eða nýta sér það. Þegar litið er til rannsókna á því hvernig börn læra má sjá að mikilvægt er talið að nemendur geti tengt námið raunveruleikanum og sjái þannig tilgang með því. Í verkefnamiðuðu námi er áhersla lögð á persónulega hæfnipætti í gegnum samþætt verkefni sem standa yfir í lengri tíma. Hæfnipættirnir eru meðal annars gagnrýnin hugsun og lausnaleit og sjálfstjórn og samvinna, sem telja verður til 21. aldar hæfni og er talin nýtast nemendum í hverju sem þeir munu taka sér fyrir hendur í framtíðinni. Nemendur rannsaka málefni sem hafa merkingu fyrir þeim, tengjast raunveruleika þeirra, og skapa sína eigin þekkingu. Verkefni sem þessi eru talin ýta undir dýpri skilning, virkni og frekari áhuga á námi. Meginniðurstaða verkefnisins er sú að full ástæða sé til að breyta kennsluháttum hér á landi þannig að hagsmunir nemenda til framtíðar verði hafðir að leiðarljósi. Verkefnamiðað nám er ein leið sem fara má að því marki. Með verkefninu fylgir vefsíða sem ætluð er fyrir kennara og foreldra.

Kennsluaðferðir og áhugahvatar

Stofa K-202

13:15 – 14:45

Hvers konar nám leiðir til skilnings?

Stefán Jökulsson, lektor, MVS, HÍ

Fyrir um 50 árum talaði Paulo Freire um **innlagnarmenntun** (e. banking education): skólanemendur væru taldir tóm ílát sem þyrfti að fylla en ekki virkir þátttakendur í viðfangsefnum sem leiddu til skilnings sem gæti breytt lífi þeirra. Að hve miklu leyti lýsir íslenska hugtakið **innlögn** þeirri hugmynd að kennarar geti lagt þekkingu inn í huga nemenda á svipaðan hátt og læknar leggja fólk inn á spítala eða viðskiptavinir banka leggja fé inn á reikning sinn þar? Í erindinu er þessi skilningsþráður tekinn upp og sagt frá kenningum fræðimanna sem halda því fram að skilningur snúist um **yfirfærslu**. Skilningur felist ekki í því að við getum kallað fram svör við spurningum sem við höfum lagt á minnið heldur

verðum við að þjálfast í að bera kennsl á ákveðin mynstur og samhengi. Aðeins þannig sé okkur kleift að sjá ný úrlausnarefni sem afbrigði af því sem við vitum og beitt þeirri vitneskju á skapandi og sveigjanlegan hátt. Með hliðsjón af þessu verður rætt hvernig megi skipuleggja og meta nám sem glæðir skilning nemenda og stuðlar að yfirfærslu.

Áhugategnd upplifun nemenda á unglíngastigi af náttúrufræðitímum

Haukur Arason, dósent, MVS, HÍ, og Ásrún Jónsdóttir

Gerð verður grein fyrir niðurstöðum rannsóknar á áhugategndri upplifun nemenda á unglíngastigi af náttúrufræðitímum. Markmiðið var að greina upplifun nemenda í samhengi við það sem fangar athygli þeirra, hvað það sé í kennslustundinni sem þeim finnst skemmtilegt og áhugavert, hvað þeim finnst leiðinlegt, óáhugavert eða flókið með hliðsjón af námsathöfnum, kennsluathöfnum og kennsluefni. Í rannsókninni var fylgst með kennslustundum og tekin viðtöl við nemendur úr fimm grunnskólum á landinu auk þess sem þeir skrifuðu hugsanir sínar á sérútbúin eyðublöð í kennslustundum. Náttúrufræðikennarar nemendanna sem rætt var við voru valdir þannig að kennsluhættir þeirra væru sem ólíkastir. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að margvíslegir þættir í kennslu, námsathöfnum og kennsluefni hafi áhrif á upplifun og áhuga nemenda í náttúrufræðitímum. Upplifun þeirra var í flestum tilfellum góð og fór að miklu leyti eftir viðfangsefnum kennslustunda. Einnig kom í ljós að skilningur virtist hafa mikil áhrif á áhuga, sama hvert viðfangsefnið var. Námsathafnir sem vöktu mestan áhuga snerust oftast um að taka þátt í verklegum athugunum og vinna með öðrum. Þær sem þóttu síst áhugaverðar snerust oftast um skrifleg verkefni eða að sitja og hlusta eða glósa meðan kennari skrifaði á töflu eða las úr námsbók. Kennsluathafnir sem þóttu áhugaverðastar voru verklegar æfingar, sýndartilraunir og fjölbreytt kennsla og miklu skipti að kennari útskýrði efnið vel. Kennsluathafnir sem þóttu síst áhugaverðar snerust um töflukennslu, lestur og verkefnavinnu úr námsbókum. Nemendunum virtist þykja kennsluefni mun áhugaverðara ef það tengdist verklegum æfingum en þeim fannst það óáhugavert ef þeim reyndist það flókið.

Rafrænar ferilbækur í kennslu

Sandra Rebekka Dudziak Arnarsdóttir, grunnskólakennari, Giljaskóla

Opinber menntastefna landsins er byggð á hugmyndum um skóla margbreytileikans sem leggur þá ábyrgð á herðar kennara að mæta þörfum allra nemenda. Til þess að geta tekist á við margbreytileikann þurfa kennarar að nýta margs konar aðferðir sem henta ólíkum nemendum. Það getur verið tímafrekt og krefjandi innan þess ramma sem kennarar starfa í. Því er mikill hagur af

aðferðum sem nemendur geta lagað að sínum eiginleikum og bjóða upp á mismunandi tjáningarmáta og fjölbreytt mat. Meginviðfangsefni rannsóknarinnar sem hér er kynnt var að þróa notkun rafrænna ferilbóka og skoða möguleika þeirra sem leið að einstaklingsmiðun. Rannsakandi starfar sem sjónlistakennari. Þar þurfa nemendur að vinna fjölbreytt verkefni sem þarf að halda utan um og henta rafrænar ferilbækur því einkar vel í sjónlistakennslu. Í rannsókninni var stuðst við eigindlega aðferðafræði, nánar tiltekið starfendarannsókn. Lögð var áhersla á að skapa lærdómssamfélag með nemendum sem miðaði að því að efla þekkingu og reynslu af notkun rafrænna ferilbóka í sjónlistum og kynnast kostum þeirra sem og takmörkunum. Helstu niðurstöður eru þær að rafrænar ferilbækur henta vel til þess að halda utan um vinnu nemenda og gefa þeim yfirsýn yfir eigið nám og ferli. Þessir þættir, auk ígrundunar, stuðla að og styðja nám nemenda.

Málstofa í íþrótt- og heilsufræði I

Stofa K-204

9:00 – 10:30

Sigríður Lára Guðmundsdóttir

Íþróttabátttaka barna og unglunga af erlendum uppruna

Pórdís Lilja Gísladóttir, aðjúnkt, MVS, HÍ

Markmið rannsóknarinnar var að kanna þátttöku barna og unglunga af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi og viðhorf foreldra þeirra til íþróttastarfs. Þar sem hátt hlutfall innflytjenda býr í Breiðholti var gerð tilviksrannsókn (e. case study) þar. Spurningarkönnun var send til allra foreldra barna og unglunga í 1.–10. bekk í Breiðholti þar sem spurt var um íþróttabátttöku, vitneskju um aðgengi að íþróttastarfi og viðhorf til íþróttastarfs. Grunnskólabörn í Breiðholti eru 2.335 í fimm grunnskólum. Könnunin var send út á íslensku, pólsku og ensku. Niðurstöður gefa til kynna að börn og unglingar af erlendum uppruna taki síður þátt í skipulögðu íþróttastarfi en íslenskir jafnaldrar þeirra, enn fremur er vitneskja erlendra foreldra um aðgengi að íþróttastarfi minni en íslenskra foreldra. Draga má þá ályktun að foreldrar af erlendum uppruna þurfi meiri kynningu á íþróttastarfi og að sveitarfélögin og íþróttahreyfingin þurfi að leita nýrra leiða við að ná til barna og unglunga af erlendum uppruna. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu til þess að hrundið var af stað þróunarverkefni í Breiðholti sem nefnist „TUFF í Breiðholti“. TUFF er alþjóðlegt verkefni sem hefur það markmið að auka þátttöku barna og unglunga af erlendum uppruna í íþróttum.

Does greater control of school schedule influence adolescent sleep and physical activity?

Rúna Stefánsdóttir, doktorsnemi, MVS, HÍ, Erlingur Jóhannsson, prófessor, MVS, HÍ, Robert J Brychta, National Institutes of Health, Vaka Rögnvaldsdóttir, aðjúnkt, MVS, HÍ, G. Sunna Gestsdóttir, aðjúnkt og nýdoktor, MVS, HÍ, Sigríður Lára Guðmundsdóttir, dósent, MVS, HÍ, Kong Y Chen, National Institute of Health

Objective: Studies report that sleep and physical activity (PA) decline during adolescence. In addition to biological development, increasingly demanding school schedules may contribute. Longitudinal studies with objective measures are sparse and altering the school schedule can be unfeasible. The objective was to track sleep and PA in Icelandic youth from primary (age 15) to secondary school (age 17) and compare traditional and college-style school schedule types. **Methods:** Baseline sleep and PA data from 10th grade students were collected objectively in 2015 (n=301). Two years later, 145 adolescents, repeated the follow-up measurements. Sixty-one participants attended secondary schools with traditional schedules and 84 students studied at schools with college-style scheduling. Differences were assessed using a two-way analysis of variance corrected for multiple comparisons. **Results:** The groups' mean sleep duration decreased from 6.6 ± 0.7 h/night at 15 to 6.2 ± 0.7 h/night at 17 ($p < 0.001$). However, students with traditional schedules reduced total school night sleep time by 26.4 min/night at follow up ($p < 0.001$), while those with college-style schedules did not change. This disparity resulted from all students going to bed later on school nights at follow up, but only college-style structure students rising later. Average school day PA decreased 19% ($p < 0.001$) on follow up but did not differ between the schedules. **Conclusion:** During the two-year period, Icelandic youth slept less and were less active. Students attending college-style schools showed less drastic changes in sleep duration. Results suggest that school schedule can impact sleep patterns in this age group, but the potential long-term effects on health remain unclear.

Objectively-measured and self-reported physical activity and sleep in Icelandic adolescents

Vaka Rögnvaldsdóttir, aðjúnkt, MVS, HÍ, Kong Chen, National Institute of Health, Erlingur Jóhannsson, prófessor, MVS, HÍ, Robert J Brychta, National Institute of Health, Sigríður Lára Guðmundsdóttir, dósent, MVS, HÍ, Soffía Hrafnkelsdóttir, doktorsnemi, MVS, HÍ, Berglind M Valdimarsdóttir, íþróttfræðingur, og Sigurbjörn Árni Arngrímsson, prófessor, MVS, HÍ

Introduction: Physical activity and sleep are important for health. According to International recommendations, adolescents should engage in moderate to vigorous physical activity for at least 60 minutes each day and sleep 8-10 hours each night. **Aims:** To compare objective and subjective measures of physical activity and sleep in a group of Icelandic adolescents. **Methods:** A capital

population-representative sample of 315 adolescents (179 girls) 15.8±0.3 years old from six schools in Reykjavik participated in this study during spring 2015. Free-living physical activities and sleep patterns were assessed during a 7-day period including school days and non-school days, using sleep diaries, wrist-worn accelerometers and subjective questionnaires. For the accelerometer analysis, daily physical activity sleep data for at least three valid school days and one valid non-school day was considered valid. Results: Girls had higher accelerometer-measured physical activity than boys on non-school days ($p < 0.01$), but weekly averages did not differ between sexes. Those who did report engaging in physical activity > 6 hrs/week had 11% higher accelerometer activity. Girls and boys did not differ in self-reported or objective measures of sleep. Although over 52% of participants reported usually getting enough sleep, only 23% spent the recommended time in bed according to objective assessment. Conclusion: Adolescents who reported getting more physical activity and sleep had higher objective measures, but few achieved the recommendations for either. However, the notably higher objective activity for those who reported sports participation suggests that organised sports have a positive and measurable influence on physical activity in this age group.

Málstofa í íþróttá- og heilsufræði II

Stofa K-204

10:45 – 12:15

Þróun þreks og fituprósentu ungmenna við 7, 9, 15 og 17 ára aldur

Ingólfur Guðjónsson, meistaranemi, MVS, HÍ

Leiðbeinandi: Erlingur Jóhannsson

Meðleiðbeinendur: Rúna Sif Stefánsdóttir og Sigurgrímur Skúlason

Að mæla líkamlegt þrek einstaklings er talin góð aðferð til að meta heilsu hans vegna þess að þrek getur sagt okkur til um virkni margra samþættra kerfa í líkamanum.

Markmið: Að skoða þróun og samband þreks og fituprósentu ungmenna í Reykjavík við 7, 9, 15 og 17 ára aldur, ásamt því að kanna mun milli kynja.

Aðferð: Þrek var mælt með þrepaskiptu hámarksprófi á þrekhljóli og fituprósentu með DXA. Rannsóknin er meginleg langtímarannsókn á ungmönnum við 7, 9, 15 og 17 ára aldur.

Tölfræði: Tölfræðileg vinnsla fór fram í R-Studio en töflur og myndir voru unnar í Microsoft Excel. T-próf var notað til þess að athuga hvort marktækur munur væri á mælingum, einhliða ANOVA var notað til þess að finna tengsl á milli VO₂max og fituprósentu og aðhvarfsgreining var svo notuð til þess að finna skýringarhlutfall fituprósentu af þreki.

Niðurstöður: Þrek minnkar að meðaltali um 1,4% hjá þátttakendum árlega. Drengir mælast marktækt hærri en stúlkur á öllum þrekbreytum öll árin. Þegar þrekildum er skipt niður í flokka þá eykst hlutfall þeirra sem flokkast í áhættu fyrir sjúkdómum tengdum kyrrsetu með aldri, en herra hlutfall stúlkna en drengja er í áhættuflokki. Herra hlutfall stúlkna en drengja flokkast með mjög háa fituprósentu á öllum tímáttakendum. Neikvæð tengsl fundust á milli hámarkssúrefnisupptöku og fituprósentu. Marktækt skýringarhlutfall fituprósentu var á dreifni hámarkssúrefnisupptöku (51–70%).

Ályktun: Niðurstöðurnar gefa nokkuð skýra mynd af þróun þreks og holdafars ungmenna í Reykjavík. Með því að auka þrek og bæta holdafar ungmenna má sporna við ýmsum sjúkdómum tengdum kyrrsetu í framtíðinni.

Samband líkamlegrar getu og stuðnings í íþróttum, líkams- og heilsurækt

Aron Laxdal, Mennta- og íþróttasviði, Háskólanum í Stavanger, Erlingur Jóhannsson, MVS, HÍ, og Rune Giske, Department of Sport and Physical Activity, Western Norway University of Applied Sciences

Þrátt fyrir vinsældir íþróttar, líkams- og heilsuræktar (ÍLH) sem námsgreinar, þá höfðar greinin ekki til allra. Hin misjafna upplifun nemenda af greininni hefur oft verið talin vera kynbundin. Nýlegar rannsóknir hafa þó sýnt fram á það að upplifun nemenda af eigin getu og þátttaka þeirra í íþróttum utan skólatíma séu þær breytur sem hafa mesta forspárgildið þegar kemur að velgengni og vellíðan nemenda í ÍLH.

Markmið: Að kanna hvort upplifun nemenda af eigin getu geti spáð fyrir um hversu mikinn stuðning nemendurnir upplifa frá íþróttakennurum sínum.

Aðferð og þátttakendur: Rannsóknin var þverskurðarrannsókn þar sem 1133 framhaldsskólanemendur ($M_{aldur} = 17,2$, $SD = 0,86$) frá Noregi ($N = 554$) og Íslandi ($N = 579$) tóku þátt. Fjórar mismunandi stuðningsbreytur voru mældar: hæfnisstuðningur, sjálfsstjórnunarstuðningur, félagslegur stuðningur og námsstuðningur. Til að einfalda samanburð var úrtakinu skipt í þrjú jafnstóra hópa eftir því hvernig þeir mátu eigin hæfni í faginu (hæfir nemendur, miðlungs hæfir nemendur og minna hæfir nemendur).

Niðurstöður: MANOVA-greining gaf til kynna að upplifun nemendanna væri misjöfn eftir því hvaða hóp þeir tilheyrðu. Post-hoc-greining sýndi marktækan mun á öllum þremur hópunum, á öllum fjórum stuðningsbreytum, þar sem minna hæfir nemendur skoruðu ávallt lægst og þeir hæfustu ávallt hæst. Niðurstöðurnar voru þær sömu, hvort sem litið var á úrtakið í heild sinni eða á hvort landið fyrir sig.

Ályktanir: Styrkja þarf og breyta námsumhverfi nemenda í ÍLH. Mikilvægt er að auka meðvitund um eigin hegðun og hlúa að þeim nemendum sem eiga undir högg að sækja. Æskilegt er að bjóða upp á fjölbreyttara námsframboð og koma markvisst til móts við nemendur með takmarkaða líkamsfærni.

Að viðhalda þyngdartapi

Rebekka Sif Pétursdóttir, íþróttافرæðingur og grunnskólakennari, Hamraskóla

Fólki hefur gengið erfiðlega að viðhalda árangri eftir að hafa náð sér af offitu og komist í kjörþyngd. Inngrip í formi skurðaðgerða eru talin vera árangursríkasta meðferðin til þess að ná tökum á offitu og viðhalda árangri til langs tíma. Þeirri meðferð geta fylgt alvarlegar afleiðingar. Markmið rannsóknarinnar var að kanna upplifun og venjur fólks sem hefur náð sér af sjúklegri offitu og komist niður í kjörþyngd til yfirþyngdar án inngripa í formi skurðaðgerðar og viðhaldið árangrinum í tvö ár eða lengur. Rannsóknin var eigindleg viðtalsrannsókn byggð á hálfstöðluðum einstaklingsviðtölum. Viðmælendur í rannsókninni voru fimm konur og einn karl á aldrinum 36–52 ára. Þau höfðu farið úr BMI 34–67 niður í 22–33 með fjórum mismunandi aðferðum og viðhaldið árangrinum í tvö til tíu ár. Lykill að árangri viðmælenda er fólgin í breytingum á fæðuvekjum og að þeir viðhaldi þeim venjum sem þeir tileinkuðu sér í upphafi lífsstílsbreytingar. Vinna með hugarfarið er einnig mikilvægur þáttur í árangri viðmælenda. Þeir töluðu allir um að erfiðara væri að viðhalda árangrinum en að ná niður þyngdinni. Hagnýtt gildi rannsóknarinnar undirstrikar mikilvægi þess að unnið sé með hugarfar einstaklings og aukna tilfinningalega meðvitund þegar gera þarf lífsstílsbreytingar til langframa. Mikilvægt er að aðstoða fólk og færa því verkfæri til þess að læra að stilla hugarfarið saman við raunhæfar væntingar. Mismunandi fæðuvekjur virka fyrir einstaklinga í meðferð við offitu og þeir þurfa að vera tilbúnir að viðhalda þeim allt sitt líf.

Málstofa í íþrótt- og heilsufræði III

Stofa K-204

13:15 – 14:45

Upplifun starfsfólks af stuðningi vinnustaðar til bættrar heilsu – Heilsuefling á vinnustað

Aldís Auðbjörg Garðarsdóttir, meistaranemi, MVS, HÍ, og Sigríður Lára Guðmundsdóttir, dósent í Íþrótt- og heilsufræði, MVS, HÍ

Mikil vitundarvakning hefur orðið um heilsutengda þætti í íslensku samfélagi undanfarin ár og fólk tekur upplýstari ákvarðanir um heilsuhegðun sína en áður. Grundvöllur þess að taka góðar ákvarðanir

um heilsuhegðun er að samfélagið sé heilsueflandi. Vegna þess mikla tíma sem fólk ver í vinnunni er vert að skoða hvort, og þá hvað, vinnustaðir leggja af mörkum til að bæta heilsu starfsfólks. Markmið þessarar rannsóknar er að gefa mynd af upplifun starfsfólks ákveðins bæjarfélags af stuðningi vinnustaðarinnar til eflingar heilsu þess, auk þess að athuga hversu mikilvægur því þykir sá stuðningur. Notuð var blönduð rannsóknaraðferð. Í upphafi var gerð meginleg gagnasöfnun og út frá niðurstöðum hennar var gerð eigindleg rannsókn með hálfopnum einstaklingsviðtölum, til að dýpka skilning á upplifun starfsfólksins út frá meginlegu niðurstöðunum. Starfsfólkið telur vinnustaðinn gera vel í sumum þáttum heilsueflingar, til dæmis með því að bjóða upp á niðurskorna ávexti daglega og með sveigjanlegum vinnutíma, en hann megi hins vegar gera betur í öðrum, svo sem að bæta mætti kosti á því að stunda hreyfingu í vinnutíma og að minnka mætti vinnuálag á hvern starfsmann. Viðmælendur telja mikilvægt að vinnustaðurinn leggi sig fram við að styðja starfsfólk í að efla heilsu sína og noti til þess ýmis úrræði og leiðir. Heilsueflandi umhverfi á vinnustöðum hafi jákvæð áhrif og ætti að innleiða sem víðast.

Langtímaáhrif magahjáveituaðgerða á hættu á beinrýrð

Sigríður Lára Guðmundsdóttir, dósent í Íþróttá- og heilsufræði, MVS, HÍ og Dána Óskarsdóttir, lektor í geislafræði, HVS, HÍ, Gunnar Sigurðsson, prófessor emeritus í Læknisfræði, HVS, HÍ

Langtímaáhrif magahjáveituaðgerða á beinheilsu eru óljós. Markmið þessarar rannsóknar var að meta breytingar á beinþéttni þremur árum eftir slíka aðgerð, og kanna hvort D-vítamín og kalkbúskapur hafi þar einhver áhrif. Alls 74 þátttakendur tóku þátt við upphaf rannsóknar. Beinþéttni var mæld með DXA og D-vítamín og kalkgildi voru mæld í blóði. Þátttakendur svöruðu IPAQ-spurningalista um hreyfingu. Gild gögn við grunnlínu, 12, 24 og 36 mánuði fengust frá 11 körlum og 59 konum, meðalaldur = $41,8 \pm 10,5$ ár (24–63). Þátttakendurnir léttust mest fyrsta árið, $35,8 \pm 11,0$ kg en þyngdust síðan aftur um $3,24 \pm 8,04$ kg á tímabilinu 12–36 mán. Beinþéttni minnkaði marktækt fyrstu 12 mán. eftir aðgerð, um 4,2–8,5%. Frá 12–36 mán. lækkaði beinþéttni áfram marktækt um $6,20 \pm 3,59\%$ í nærrenda lærleggs, $7,02 \pm 4,72\%$ í Ward triangle, $7,01 \pm 3,86\%$ í lærleggshnútu, $6,30 \pm 3,18\%$ í heildarmjöðm og $3,79 \pm 3,48\%$ í hrygg. Frá grunnmælingu að 36 mán. hækkaði D-vítamín og var $87,8$ nmól/L hjá körlum og $102,8$ nmól/L hjá konum. Kalk hækkaði einnig og var $2,38$ mmól/L hjá körlum og $2,36$ mmól/L hjá konum við 36 mán. Við 36 mánuði greindist yfir helmingur þátttakenda með beinrýrnun á einum eða fleiri mælistað. Hreyfing var langt undir viðmiðunarmörkum árin eftir aðgerð. Langtímaáhrif magahjáveituaðgerða á beinvef eru neikvæð, þó að hagstæður D-vítamínúskapur sé tryggður. Auka þarf hreyfingu í þessum sjúklingahópi og kanna aðrar leiðir til að fyrirbyggja beintap.

Leikir í vatni – Handbók fyrir sundkennara

Bjarnfríður Magnúsdóttir, meistaranemi, MVS, HÍ, og Sigríður Lára Guðmundsdóttir, dósent í íþrótt- og heilsufræði, MVS, HÍ

Leikur er einn af grunnþáttum tilverunnar og í gegnum hann fá börn tækifæri til að vera virk á skapandi hátt. Leikir eru afar mikilvægir fyrstu árin í grunnskóla og eru ómissandi fyrir andlegan og líkamlegan þroska barna, auka ánægju og vellíðan ef vel tekst til. Í sundkennslu yngri barna hafa leikir að miklu leyti vikið fyrir tæknilegri kennslu á útfærslu sundgreina í sundkennslu sem er miður, því tilvalið er að nota þá með hefðbundinni sundkennslu. Kennslufræðilegum leik er hægt að skipta upp í tvo þætti, frjálsan leik og stýrðan. Með frjálsum leik í vatni er börnum gefið tækifæri til að athafna sig á eigin forsendum og þannig má auka vellíðan þeirra og öryggi í vatninu. Þá má nota stýrða leiki til að vinna með sértæk markmið í kennslu í sundi, svo sem flot, köfun, sundtækni og fleira. Rannsóknir hafa sýnt að notkun leikja í íþróttakennslu hvetur börn til að stunda hreyfingu síðar á lífsleiðinni. Skortur hefur verið á kennsluefni í sundi á íslensku, sérstaklega efni sem byggir fyrst og fremst á leiknum sem kennsluaðferð. Hér er brugðist við þessari vöntun með gerð handbókar um sundleiki fyrir öll stig grunnskólans. Í handbókinni eru leikir tengdir við grunnþætti menntunar en þeir eru leiðandi þættir í gegnum aðalnámskrá grunnskóla. Með þessu standa vonir til að auka ánægju og gæði sundkennslu, bæði fyrir kennara og nemendur.

Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis

Stofa K-205

9:00 – 10:30

Rannsóknarhópur sem vinnur að öndvegisverkefninu: Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis

Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson

Stafrænt sambýli íslensku og ensku: Ástir samlyndra hjóna – eða hvað?

Sigríður Sigurjónsdóttir, prófessor, HUG, HÍ, og Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor, HUG, HÍ

Markmið öndvegisverkefnisins „Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis“ er að kanna stöðu íslensku á tímum mikilla samfélags- og tæknibreytinga, með sérstöku tilliti til hugsanlegra áhrifa ensku, einkum í gegnum stafræna miðla. Í fyrsta lagi er viðhorf málnotenda kannað, bæði til íslensku og ensku. Í öðru lagi er reynt að komast að því hversu mikið mállegt ílag málnotendur fá, bæði

á íslensku og ensku. Í þriðja lagi er orðaforði þátttakenda kannaður, bæði íslenskur og enskur. Í fjórða lagi eru þátttakendur beðnir að dæma margvíslegar setningar og þannig reynt að komast að því hvort ensk setningagerð valdi hugsanlega breytingum á íslensku eða hraði breytingum sem þegar eru í gangi. Þessi atriði eru könnuð með fernu móti. Í fyrsta lagi með ítarlegri vefkönnun sem send var til 5000 manna lagskipts handahófskennds úrtaks á aldrinum 3–98 ára. Í öðru lagi með djúpvíðtölum við 400 manna sérvalið úrtak úr fyrrnefnda hópnum. Í þriðja lagi er vefkönnunin opnuð öllum sem vilja og reynt með hjálp samfélagsmiðla að fá allt að 10% landsmanna til þátttöku. Í fjórða lagi eru svo rýnihópar og viðtöl við kennara. 5000 manna vefkönnuninni er lokið og verið er að vinna úr henni. Fyrstu niðurstöður benda til þess að verulegur munur sé á aldurshópum hvað varðar alla þá meginþætti sem kannaðir voru – viðhorf, ílag, orðaforða og mat á setningum. Úrvinnslu verður haldið áfram í sumar þannig að í haust verður unnt að gera ítarlega grein fyrir ýmsum þáttum niðurstaðnanna og skoða hugsanlega fylgni milli þátta, t.d. milli ílags og viðhorfa.

Kortlagning á enskuílagi í málumhverfi íslenskra barna

Dagbjört Guðmundsdóttir, MA, HUG, HÍ, Iris Edda Nowenstein, doktorsnemi, HUG, HÍ,

Sigríður Sigurjónsdóttir, prófessor, HUG, HÍ, og Þorbjörg Þorvaldsdóttir, doktorsnemi, HUG, HÍ

Ílag (e. input) er nauðsynleg forsenda máltöku eintýngdra barna en það hefur jafnvel enn meiri áhrif á máltöku tvítýngdra (sjá t.d. Paradis og Grüter 2014). Rannsóknir sýna að mismunandi gerðir ílags hafa ólík áhrif á máltileinkun en þar skipta bæði magn og gæði ílagsins máli (sjá t.d. Pearson o.fl. 1997, Unsworth 2014 og 2016). Krashen (1982) hefur bent á að ílag þurfi að vera ákveðnum eiginleikum gætt til þess að hafa sem jákvæðust áhrif á máltileinkun annars máls, en þar nefnir hann að ílag þurfi meðal annars að vera í ákveðnu magni, vera málhafanum skiljanlegt, beinast að honum og vera honum áhugavert og gagnlegt. Þannig skipta viðhorf og áhugi barna einnig gríðarlega miklu máli þegar kemur að máltileinkun, og sérstaklega hvað varðar tileinkun annars máls. Með aukinni hnattvæðingu og tækniframförum verðum við nú vitni að auknu ílagi á ensku í gegnum stafrænt ílag (e. digital input) sem virðist vera að miklu eða öllu leyti á ensku. Það birtist nú á sífellt fleiri sviðum í þjóðfélaginu og er alltumlykjandi. Því er mikilvægt að rannsaka hvernig magn og gæði þessa stafræna ílags í málumhverfi íslenskra barna og unglunga á aldrinum 3–15 ára og athuga hvaða þættir spá best fyrir um enskuílag þeirra. Í þessum fyrirlestri verða lagðar fram niðurstöður úr rannsóknarverkefninu Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis þar sem meðal annars verður sýnt fram á að

tölvuleikjaspilun með samskiptum við aðra spilara og jákvæð viðhorf til virkrar enskunotkunar spá að hluta til fyrir um heildarenskunotkun unglínga á aldrinum 13–15 ára.

Samband ílags og orðaforða

Iris Edda Nowenstein, doktorsnemi, HUG, HÍ, Ásrún Jóhannsdóttir, doktorsnemi, HUG, HÍ, Einar Freyr Sigurðsson, post-doc, HUG, HÍ, og Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor, HUG, HÍ

Í umfangsmiklum yfirlitgreinum hefur komið fram að sú breyta sem hefur mest áhrif á tileinkun annars máls er ílagsmagn – hversu mikið málareiti viðkomandi fær á markmálinu. Því meira sem ílagið er, þeim mun líklegra er að barnið nái góðum tókum á viðkomandi máli. Þá hefur komið í ljós að orðaforði tvítýngdra barna er sambærilegur orðaforða eintýngdra barna ef bæði tungumál eru tekin til greina, en ef aðeins eitt mál er skoðað kemur í ljós að tvítýngd börn tileinka sér orðaforða hægar en eintýngd. Sambandið er þó ekki alveg beint – þegar ákveðnum þröskuldi hefur verið náð í ílaginu minnkar spágildið. Í rannsókn Elínar Þallar Þórðardóttur frá 2011 virtist nægja að börn hefðu fengið 40–60% ílags á viðkomandi máli til að ná sama árangri og eintýngdir jafnaldrar á prófum í orðaforðaskilningi. Þröskuldurinn var hærri þegar kom að tjáningu orðaforða. Markmið erindisins er að setja þessar niðurstöður úr annarsmálsfræðum í samhengi við þróun enskúilags í málumhverfi íslenskra barna. Sérstaklega er lítið til breytinga á stafrænu ílagi, sem hefur bæði orðið umfangsmeira og gagnvirkara með stafrænu byltingunni. Áhrif slíks ílags á tileinkun orðaforða hafa lítið verið rannsökuð, en sagt verður frá því hvernig sambandið er kortlagt innan verkefnisins *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis*. Kynntar verða niðurstöður vefkönnunar sem náði til m.a. 878 barna á aldrinum 3–15 ára, en af þeim má draga lærdóm um spágildi ólíkra ílagstegunda eftir aldri þegar kemur að tileinkun íslensks og ensks orðaforða.

Samskipti Íslendinga og stafrænna aðstoðarmanna

Tinna Frímann Jökulsdóttir, doktorsnemi, HUG, HÍ, og Anton Karl Ingason, lektor, HUG, HÍ

Á stafrænni öld (e. digital age) hefur hvers kyns tækni tekið stórstígum framförum og svo virðist sem hún þróist hraðar nú en nokkurn tímann áður. Ýmis tæki og tól eru orðin stór þáttur í lífi margra, þeim er í auknum mæli stjórnað með talmáli og verkefnin sem þau geta sinnt verða stöðugt fjölbreyttari og persónulegri. Með tilkomu svokallaðra stafrænna aðstoðarmanna (e. virtual assistant) má t.d. nánast hvar og hvenær sem er, með einföldum raddskipunum, fá upplýsingar um flestallt á milli himins og jarðar, halda utan um hvers kyns skipulag, fá upplýsingar um og bóka hina ýmsu þjónustu, stjórna fjölmörgum heimilistækjum, bæði heima við og að heiman, o.fl. Þar sem stafrænir aðstoðarmenn, í

Þeirri mynd sem við þekkjum þá í dag, eru nokkuð nýlegir á almennum markaði er að mörgu leyti erfitt að áætla með nákvæmni stöðu þeirra í framtíðinni. Flestar spár gera þó ráð fyrir bæði aukinni útbreiðslu og fjölbreyttari notkun en nú og hefur því m.a. verið haldið fram að árið 2021 muni fjöldi notenda ná tæpum tveimur milljörðum á heimsvísu. Börn, sum enn á máltökuskeiði, eru sístækkandi hluti þeirra notenda, og þar sem enginn stafrænn aðstoðarmaður, enn sem komið er, talar íslensku er tilefni til að velta því fyrir sér hvaða áhrif þetta hefur á málnotkun íslenskra barna og framtíð íslenskunnar. Í þessum fyrirlestri verður fjallað um samskipti Íslendinga við stafræna aðstoðarmenn, bæði nú og í framtíðinni, og þá sérstaklega litið til mögulegra vandamála, áhrifa á málnotkun barna og hættumerkja í tengslum við framtíð íslenskrar tungu.

Úrræði vegna hegðunarvanda og lestrarerfiðleika – sýn nemenda

Stofa K-205

10:45 – 12:15

Rannsóknarstofa um þroska, mál og læsi – Sérkennsla og úrræði

Guðrún Björg Ragnarsdóttir

Viltu hjálpa mér? Dreigið úr hegðunarvanda á unglिंगastigi með virknimati og stuðningsáætlun

Hildur Lilja Guðmundsdóttir, grunnskólakennari og meistaranemi, MVS, Ingunn Rán Kristinsdóttir, meistaranemi, MVS, Guðbjörg B. Guðmundsdóttir, meistaranemi, MVS, og Anna-Lind Pétursdóttir, dósent, MVS, HÍ

Í erindinu verður sagt frá niðurstöðum inngrips þar sem gert var virknimat og útbúin stuðningsáætlun fyrir nemanda á unglिंगastigi með það að markmiði að minnka truflandi hegðun nemandans í kennslustundum og auka virkni í kennslustundum. Framkvæmd var tíðnisráning á truflandi hegðun og úrtaksmæling á ástundun í kennslustund. Einnig fóru fram AHA (Aðdragandi – Hegðun – Afleiðing) skráningar svo að betur mætti greina mögulegar leiðir til styrkingar og ástæður truflandi hegðunar. Gögnum var einnig safnað með viðtölum við umsjónarkennara, foreldra og nemandann sjálfan og Mentor-skráningar skoðaðar. Niðurstöður tíðnisráningar sýndu að nemandinn truflaði að meðaltali 53 sinnum á 20 mínútum og að meðaltali var nemandinn í 37% tilfella við vinnu á þeim heildarfjölda tímapunnta sem athugaðir voru (20 tímapunntar). Útbúin var einstaklingsmiðuð stuðningsáætlun í samráði við nemandann, foreldra og kennara og tók áætlunin breytingum eftir því sem leið á tímabilið og nemandinn öðlaðist betri skilning á sér sjálfum. Eftir inngrip var tíðnisráning og úrtaksmæling á ástundun framkvæmd aftur og komu þær niðurstöður rannsakendum mjög á óvart. Nemandinn sýndi nú að meðaltali 2,7 truflanir á hverjum 20 mínútum og sýndi námsástundun í 91% af heildarfjölda

þeirra tímamarkanna sem athugaðir voru. Inngripur hafði ekki einungis áhrif innan kennslustofunnar heldur greindu foreldrar frá því að nemandinn væri farinn að sýna aukið sjálfsöruggi og taka aukna ábyrgð á eigin hegðun að mati þeirra.

„Sjáðu, ég náði öllum stjórnunum!“ Virknimat og einstaklingsmiðuð stuðningsáætlun til að vinna að bættri hegðun drengs í öðrum bekk grunnskóla

Helena Rut Sigurðardóttir, sérkennslustjóri og meistaranemi, MVS, HÍ, Irpa Sjöfn Gestsdóttir, meistaranemi, MVS, HÍ, Unnur Tómasdóttir, meistaranemi, MVS, HÍ, og Anna-Lind Pétursdóttir, dósent, MVS, HÍ

Fjallað verður um inngrip sem var skipulagt og framkvæmt í kjölfar virknimats með dreng á yngsta stigi grunnskóla. Drengurinn hafði sýnt hegðunarferðleika um nokkurt skeið, bæði heima fyrir og í skólanum. Heima fyrir átti hann stundum erfitt með að fylgja fyrirmælum og að fara að sofa, og í skólanum átti hann erfitt með einbeitingu, vinnufrið og verkefnavinnu. Hann hafði áður verið greindur með Tourette-heilkenni en því fylgja oftast, ásamt kækjum og kippum, ýmsar aðrar raskanir, til að mynda árátta og þráhyggja og athyglisbrestur með ofvirkni. Fyrir inngrip þurfti að afla meiri upplýsinga þannig að gerðar voru beinar athuganir á hegðun drengsins við raunverulegar aðstæður. Niðurstöður áhorfsmælinga fyrir inngrip sýndu 37,9% námástundun að meðaltali og mældust 27,4 tilvik truflandi hegðunar. Upplýsinga var einnig aflað með óbeinni gagnasöfnun með viðtölum við foreldra, kennara, stuðningsaðila og nemandann sjálfan, þar sem kom í ljós að drengnum þótti erfitt að sitja heila kennslustund og að honum fyndust verkefni oft of þung. Því var ákveðið að skipta kennslustundum upp í tvær lotur, gefa val um verkefni og að búa til hvatningarbók sem jafnframt gegndi hlutverki samskiptabókar. Almenn ánægja ríkti með árangur inngripsins, en eftir inngrip mældist ástundun drengsins 93,3% að meðaltali og truflandi hegðun 3%.

Sýn nemenda á breytta sérkennsluhætti: „Ég er orðin miklu betri í lestri og mér finnst miklu skemmtilegra að lesa núna“

Guðrún Björg Ragnarsdóttir, kennsluráðgjafi og doktorsnemi, MVS, HÍ

Í þessari rannsókn var markmiðið að skoða reynslu nemenda með sértæka námserfiðleika af skólagöngu sinni, upplifun af sérkennslu í aðgreindu sérými og mat þeirra á breytingum sem gerðar voru á kennsluháttum í sérkennslu. Alls 14 nemendur, sem við upphaf rannsóknar voru níu ára, í einum grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu, tóku þátt í rannsókninni. Öflun upplýsinga fór fram með hálfstöðluðum viðtölum og voru fjögur viðtöl tekin við hvern þátttakanda yfir þriggja ára tímabil.

Óháður aðili tók öll viðtöl á rannsóknartímanum. Í niðurstöðum kom fram að börnin lýstu almennt góðri reynslu af skólagöngu sinni þó að þau ættu í erfiðleikum með að skilja munnleg og skrifleg fyrirmæli. Einnig kom fram jákvæð sýn á sérkennslutíma og fæstir upplifðu sérkennslu í aðgreindu sérrými á neikvæðan hátt eða sem aðgreiningu frá öðrum nemendum. Flestum þátttakendum fannst að breytingar á kennsluháttum í sérkennslu hefðu verið til góðs, töldu verkefni skemmtileg, hjálpa sér í námi og að lestur hefði aukist í kjölfar breytinganna.

Aðferðir sem virka við að ná tökum á lestrarerfiðleikum

Stofa K-205

13:15 – 14:45

Rannsóknarstofa um þroska, mál og læsi

Steinunn Torfadóttir

Læsi í leikskólum Árborgar. Hvernig bernskulæsi í leikskólum getur undirbúið nemendur fyrir lestrarnám

Anna Hrund Helgadóttir, meistaranemi, MVS, HÍ, Steinunn Torfadóttir, lektor, MVS, HÍ, og Amalía Björnsdóttir, prófessor, MVS, HÍ

Í rannsókninni var skoðað hvort þátttaka leikskóla í Árborg í þróunarverkefninu „Árangursríkt læsi í leikskólum Árborgar“ skólaárið 2014–2015 hafi skilað hæfari nemendum í 1. bekk hvað undirbúning lestrarnáms varðar og hvernig vinnu með bernskulæsi miðar í leikskólunum, þremur árum eftir þátttöku þeirra í þróunarverkefninu. Við rannsóknina var beitt bæði megindlegum og eigindlegum rannsóknaraðferðum. Niðurstöður benda til þess að nemendur í 1. bekk nái betri árangri á lesskímunarprófi tveimur árum eftir að þróunarverkefninu lauk. Leikskólakennarar eru meðvitaðri en áður um mikilvægi bernskulæsis og kennsla sem miðar að undirbúningi læsis í leikskólunum er markvissari en áður. Sú hugmyndafræði sem starfsfólk leikskólanna tileinkaði sér í þróunarverkefninu virðist því hafa fest sig í sessi og hefur skilað sér aftur í aukinni færni nemenda til að hefja formlegt lestrarnám við upphaf grunnskólagöngu.

Lykill að lesskilningi. Verkefni sem efla mál- og lesskilning

Eygló Guðmundsdóttir, meistaranemi og grunnskólakennari, og Steinunn Torfadóttir, lektor, MVS, HÍ

Erindið fjallar um hönnun á kennsluefni sem spannar kennslu yfir 20 vikna tímabil. Markmið kennsluefnisins er að styrkja og efla lesskilning með kennsluaðferðum sem rannsóknir hafa sýnt að eru

árangursríkar við lesskilningsvanda. Kennsluefnið byggist á lestri fjölbreyttra texta þar sem lögð er áhersla á að þjálfar hugrænar aðferðir, gagnvirk samskipti í kennslustundum, ályktanir og ritun. Nemendum eru kenndar fjölbreyttar, hagnýtar aðferðir sem efla skilning á lestextum og lögð er áhersla á að þjálfar hvern þátt til hlítar með stuttum verkefnum. Markmiðið er að nemendur nái tökum á aðferðunum og geti nýtt sér þær í áframhaldandi námi. Kennsluaðferðirnar byggjast á kenningum Vygotsky um víxlverkandi áhrif máls- og félagsþroska og því beinast vinnuaðferðir að samvinnunámi, samræðum og stigskiptum stuðningi í kennslu. Hvernig til hefur tekist er ekki ljóst á þessari stundu en góðar vonir eru bundnar við kennsluverkefni þar sem efnið sem stuðst var við er þaulhugað og útfært af færustu sérfræðingum á sviði lestrar og lesskilnings. Stefnt er að því að tilraunakenna verkefnið næsta skólaár (2018–2019).

Æfingin skapar meistarann. Þjálfunarefni í lesfimi

Unnur Guðmundsdóttir, meistaraniemi, MVS, HÍ, og grunnskólakennari, Helga Sigurmundsdóttir, aðjúnt, MVS, HÍ, og Steinunn Torfadóttir, lektor, MVS, HÍ

Gömlu mínútusþjöldin sem Ríkisútgáfa námsbóka gaf út fyrir miðja síðustu öld hafa reynst mörgum kennurum vel til þjálfunar leshraða og lesfimi þar sem þau innihalda stutta texta sem lesnir eru endurtekið auk spurninga úr efninu. Því miður eru lestextar spjaldanna mörgum börnum framandi í dag. Í erindinu er sagt frá gerð nýrra lestrarspjalda til þjálfunar lesfimi nemenda á mið- og unglíngastigi. Efni textanna var valið og flokkað í nokkra fjölbreytta efnisflokkar með það í huga að það höfði til mismunandi áhugasviðs nemenda. Hægt er að nota spjöldin til að auka lesfimi og leshraða nemenda en auk þess fylgja hverju spjaldi spurningar sem reyna á lesskilning og því þjálfast sá hluti lesfiminna einnig. Spjöldin henta líka vel til upplesturs þar sem á þeim er áhugaverður fræðilegur texti sem hentar til að æfa nemendur í framsögn, að lesa skýrt og í merkingarbærum hendingum sem aftur leiðir til betri skilnings á lesefninu. Athugun var gerð á virkni lesfimisþjaldanna og sýndu niðurstöður að nemendurnir sem notuðu lesfimisþjöldin bættu sig að meðaltali meira en aðrir nemendur í sama árgangi sem tóku sama próf.

[Stýrð kennsla Engelmans og fimipjálfun í lestrarkennslu í íslenskum grunnskóla: Áhrif á frammistöðu nemenda, þjálfun kennara og viðhorf kennara og skólastjórnenda](#)

Stofa K-205

15:00 – 16:30

Zuilma Gabriela Sigurðardóttir

Stýrð kennsla Engelmans og fimipjálfun í lestrarkennslu í 1. og 2. bekk grunnskóla

Harpa Óskarsdóttir, doktorsnemi, HVS, HÍ, og Zuilma Gabriela Sigurðardóttir, prófessor, HVS, HÍ

Kennsluáferðin Stýrð kennsla Engelmans (e. direct instruction) er raunprófuð áferð sem hefur reynst áhrifarík í enskumælandi löndum í áratugi. Áferðin hefur reynst sérlega áhrifarík ef fimipjálfun (e. fluency building) er notuð samhliða henni. Hérlandis hafa verið gerðar rannsóknir með einliðasniðum þar sem könnuð hafa verið áhrif áferðanna á nám einstaklinga. Hér var gerð hópsamburðarrannsókn á áhrifum áferðanna á lestrarfærni nemenda í 1. og 2. bekk grunnskóla þar sem kennarar beittu áferðunum. Þátttakendur voru allir nemendur í einum árgangi í tveimur grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu, alls 78 nemendur. Nemendur í einum skóla voru tilraunahópur sem fékk kennslu með áferðunum og í hinum skólanum var samanburðarhópur sem fékk hefðbundna kennslu. Staða allra nemenda í námsefninu var athuguð í upphafi og lok hvers skólaárs, í átta þáttum í 1. bekk og ellefu þáttum í 2. bekk. Gerður var samanburður á milli hópa og framfarir innan hópa voru skoðaðar. Hóparnir höfðu sambærilega færni áður en kennsla hófst í 1. bekk. Í lok skólaársins sýndu báðir hópar marktækar framfarir í öllum átta þáttunum sem athugaðir voru en tilraunahópur mældist með marktækt meiri færni í fimm þáttum og sambærilega færni í hinum þremur þáttunum. Í lok 2. bekkjar sýndi tilraunahópur framfarir í öllum ellefu þáttunum sem athugaðir voru og samanburðarhópur sýndi framfarir í sjö þáttum og afturför í einum. Nemendur í tilraunahóp höfðu marktækt meiri færni en samanburðarhópur í tíu þáttum og sambærilega færni í einum. Nemendur sem fá kennslu með raunprófuðu áferðunum sýna meiri framfarir og hafa meiri færni í lestri en nemendur í samanburðarhóp að loknum 1. og 2. bekk.

Áhrif handleiðslu á meðferðartrygð – að ná tókum á stýrðri kennslu Engelmans í lestrarkennslu í 1. bekk

Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, grunnskólakennari og meistaranemi, HVS, HÍ, og Zuilma Gabriela Sigurðardóttir, prófessor, HVS, HÍ

Í rannsóknum og meðferð þar sem inngrip er beitt í þeim tilgangi að bæta velferð einstaklinga er mikilvægt að meta meðferðarheldni og meðferðartrygð. Hugtökin vísa til þess að mælingar eru gerðar á því hvernig inngrip eða meðferð er framfylgt, bæði af þeim sem þiggja hana og þeim sem veita hana. Mælingar á frammistöðu þess sem veitir meðferð eru sjaldgæfar, bæði í rannsóknum og á vettvangi, og því er lítið vitað um gæði framkvæmdarinnar. Með mælingum á meðferðartrygð fást upplýsingar um raunveruleg áhrif inngrips og slíkt eykur alhæfingargildi niðurstaðna. Auk þess eru þær

gagnlegar í praxís og stuðla að því að framkvæmdaraðilinn fari rétt að. Í rannsókninni var skoðað hvort hægt væri með reglulegri handleiðslu að hafa áhrif á meðferðartrygð þriggja kennara sem beittu aðferðum stýrðrar kennslu Engelmans (**e. direct instruction**). Þeir kenndu lestur í fyrsta bekk. Margfalt grunnskeiðssnið yfir þátttakendur (e. multiple baseline across subjects) var notað til að meta áhrif handleiðslunnar. Handleiðslan samanstóð af þremur þáttum: endurgjöf, verklegri þjálfun og sýnikennslu. Allir þættir voru notaðir á sama tíma og því ekki greint á milli áhrifa hvers og eins. Meðferðartrygð kennaranna var mæld með mælitæki sem byggðist á Corrective Reading Decoding Fidelity of Implementation Observation Checklist sem fengið var úr fyrri rannsókn Benner og féлага (2011). Allir kennararnir náðu settu viðmiði, sem var 80% árangur, og viðhéldu frammistöðu yfir tíma. Dregið var markvisst úr handleiðslu til kennara eftir að meðferðartrygð þeirra mældist yfir viðmiði þrisvar í röð án þess að það hefði komið að sök.

Áhrif handleiðslu á meðferðartrygð – að ná tókum á stýrðri kennslu Engelmans og fimipjálfun í lestrarkennslu í 2. bekk

María Arndal Elínardóttir, meistaranemi, HVS, HÍ

Hlutfall nemenda sem njóta sérkennslu eða stuðnings í grunnskólum hér á landi fer hækkandi og einnig fjölgar nemendum sem eiga erfitt með að lesa sér til gagns. Efla þarf stöðu íslenskra nemenda með úrbótum í menntakerfinu. Innleiðing raunprófaðra aðferða eins og stýrðrar kennslu Engelmans (**e. direct instruction**) og fimipjálfunar, sem hafa endurtekið sýnt fram á árangur í vel gerðum rannsóknum, er góður valkostur. Þegar kennsluáferðir eru raunprófaðar er mikilvægt að mæla meðferðartrygð, það er hversu vel og af hversu mikilli nákvæmni íhlutun er innleidd miðað við áætlun. Til að viðhalda mikilli meðferðartrygð er þjálfun starfsfólks, sýnikennsla í virkum þáttum íhlutunar og endurgjöf á frammistöðu mikilvæg. Markmið þessarar rannsóknar var að athuga hvort hægt væri að auka, eða að minnsta kosti viðhalda, meðferðartrygð kennara, sem höfðu árs reynslu í að beita stýrðri kennslu Engelmans og fimipjálfun, með áframhaldandi handleiðslu sem þó hætti þegar frammistöðuviðmiðum var náð. Handleiðslan fól í sér endurgjöf á frammistöðu og sýnikennslu, en ólíkir þættir handleiðslunnar voru notaðir fyrir hvern kennara. Lagt var mat á meðferðartrygð kennara með beinu áhorfi. Notað var margfalt grunnskeiðssnið yfir þátttakendur til að meta áhrif handleiðslu á meðferðartrygð. Meðferðartrygð jókst hjá öllum kennurunum eftir að handleiðsla hófst, bæði í stýrðri kennslu og í fimipjálfun. Eftir að handleiðslu lauk hélst meðferðartrygð allra kennaranna mikil í beitingu beggja aðferðanna. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að eftir handleiðslu í eitt skólaár viðhélst meðferðartrygð kennara nokkuð vel yfir á næsta skólaár og aðeins var þörf á viðbótarhandleiðslu og áframhaldandi meðferðartrygðarmælingum í byrjun seinna ársins.

Mat kennara og skólastjórnenda á kennsluaðferðunum stýrðri kennslu og fimipjálfun

Margrét Brynja Guðmundsdóttir, sálfræðingur

Þegar innleiddar eru nýjar kennsluaðferðir er mikilvægt að kennarar komi auga á gildi aðferðarinnar sem á að beita. Í þessari rannsókn var kannað mat kennara og skólastjórnenda á raunprófuðu kennsluaðferðunum stýrð kennsla Engelmans (e. direct instruction) og fimipjálfun (e. **fluency building**). Kennsluaðferðirnar voru innleiddar í grunnskóla á Íslandi sem hluti af þriggja ára rannsóknarverkefni. Tekin voru tíu viðtöl og var eigindlegum rannsóknaraðferðum beitt. Sex þemu sem tengjast stýrðri kennslu eru rædd: Skýr umgjörð, skilvirkni með tilliti til tíma, námskrá, kennlustundir með handriti, námsumhverfi sem hentar nemendum og aukin stjórn á hegðun nemenda. Þrjú þemu sem snerta fimipjálfun eru rædd: Mikilvægi fluglæsis (e. fluency), kennsluaðferð sem höfðar til nemenda og vandkvæði í sérkennslu. Einnig eru rædd fjögur þemu sem tengjast innleiðingu kennsluaðferðanna: Stjórnun og fyrirkomulag, mælingar á meðferðartryggð, langtímahagsmunir og áframhaldandi innleiðing. Niðurstöður rannsóknarinnar styrkja þekkingu á stýrðri kennslu og fimipjálfun sem áhrifaríkum kennsluaðferðum að mati kennara og skólastjórnenda.

Samfélag og réttlæti I

Stofa K-206

9:00 – 10:30

„Þessi venjulegu íslensku börn verða kannski hálfpartinn undir“: Um vaxandi þjóðernisbrothvarf og þyrpingar barnafjölskyldna í krefjandi aðstæðum í ákveðnum skólahverfum höfuðborgarsvæðisins
Berglind Rós Magnúsdóttir, dósent, MVS, HÍ og Auður Magnús Auðardóttir, doktorsnemi, MVS, HÍ

Ljóst er að stétta- og menningarleg aðgreining milli skólahverfa hefur aukist á höfuðborgarsvæðinu síð. Tuttugu ár en slík þróun er vel þekkt víða um lönd samfara aukinni misskiptingu í borgarsamfélögum og markaðsvæðingu skólakerfa. Markmið erindisins er að lýsa tuttugu ára þróun svæðis í höfuðborginni þar sem til hafa orðið afgerandi þyrpingar foreldra í krefjandi aðstæðum (e. disadvantage). Á svæðinu hefur hlutfall fjölskyldna sem ekki hafa fjölskyldutengsl við Ísland aukist hratt á undanförunum árum og fasteignaverð er lægra og háskólamenntun, tekjur og eignir foreldra talsvert minni en í öðrum skólahverfum höfuðborgarsvæðisins. Þessi hluti rannsóknarinnar byggist á sérgreiningum á gagnasafni frá Hagstofunni, tölum um hreyfingar nemenda milli skólahverfa og svo á eigindlegum viðtölum við foreldra. Hreyfanleiki nemenda frá hverfisskóla sínum er mestur á svæðinu

af öllum á höfuðborgarsvæðinu og sá hreyfanleiki virðist skýrast af síaukinni hreyfingu innfæddra (e. native flight) frá búsetu og skólavali í hverfi sem við kjósum að kalla Mjallarhverfi. Sjónum verður einkum beint að Mjallarskóla þar sem mestar breytingar hafa orðið á nemendasamsetningu þess skóla sl. tuttugu ár og rýnt er með eigindlegum hætti í það hvernig foreldrar á svæðinu haga hverfa- og skólavali sínu. Að lokum eru niðurstöður settar í samhengi við stjórnvaldsaðgerðir í löndum sem hafa verið að kljást við afleiðingar nýfrjálshyggju í langan tíma þar sem markmiðið hefur verið að stemma stigu við stétta- og menningarlegri aðgreiningu milli skóla og skólahverfa.

Saga, kennslufræðileg aðferð og kennsluefni sem stuðlar að aukinni félagslegri samheldni á Íslandi

David Hidalgo, framhaldsskólakennari, Fjölbrautaskóla Snæfellinga og Menntaskóla Borgarfjarðar

Lærdómsferlið, eins og við flest höfum kynnst því allt til dagsins í dag, þarf án efa að aðlagast varanlegum breytingum á samfélagi okkar. Þegar kemur að okkar starfsgrein höfum við, sem kennarar, enga aðra kosti en að taka þátt í þessum umbreytingum, byltingum eða jafnvel uppstokkun á kerfinu eins og við höfum þekkt það. Meginmarkmið þessarar greinar er að kanna þær mögulegu leiðir sem hægt er að finna á sögu sviðinu til að leysa eitt af alvarlegustu vandamálunum sem höfundur hefur orðið var við á Íslandi eftir rúmlega fimm ára reynslu af kennslu í landinu, en það er félagsleg samheldni meðal íbúanna hér. Eftirfarandi atriði verða hér til umfjöllunar: Nýjar kennsluáðferðir: saga og staða vendináms (spegluð kennsla). Sjálfvirk styrking tungumálsins: hlutverk menntunarstofnana. Framtíð nemenda og skapandi hugsunar. Að mínu mati verður áttaksvæði hinnar nýju byltingar væntanlega á menntunarsviðinu en um leið er Ísland enn að byggja upp og móta sína eigin nútíð og framtíð. Í erindinu, sem er hluti mun stærri rannsóknar sérfræðinga frá hinum ýmsu löndum, verða tekin fyrir heitustu ágreiningsmálin og spurningar og svör tengd málefnið sem bjóða þátttakendum að taka virkan þátt.

Hvernig aukum við þekkingarlegt réttlæti?

Eyja M. Brynjarsdóttir, aðjúnkt, MVS, HÍ

Það er kallað þekkingarlegt ranglæti þegar meðlimir jaðarhópa eða undirskipaðra hópa njóta ekki fulls trúverðugleika og virðingar og búa við þöggun í einhverju formi, ekki er tekið mark á þeirri þekkingu sem þeir búa yfir og þeir fá ekki sömu tækifæri og aðrir til að skapa þekkingu. Þegar nemendahópur er fjölbreyttur má búast við því að sumir tilheyri jaðarhópum sem verða fyrir þekkingarlegu ranglæti meðan aðrir tilheyra hópum sem eru ríkjandi í samfélaginu og hafa ekki vanist því að láta hina undirskipuðu hópa njóta fulls trúverðugleika. Það hlýtur því að vera mikilvægt að kennarar í slíkum

aðstæðum leiti leiða til að vinna gegn þekkingarlegu ranglæti, eins og með því að draga úr fordómum gagnvart undirskipuðum hópum. Í þeim efnum eru þeir í raun að gegna mikilvægum menntunarskyldum gagnvart öllum nemendum sínum. Nemendur sem sjálfir eru úr jaðarhópum þurfa á þeirri valdeflingu að halda sem fylgir því að dregið sé úr þekkingarlegu ranglæti sem þeir verða fyrir, þeir þurfa aukið þekkingarlegt sjálfstraust og fleira í þeim dúr. Nemendur úr ríkjandi hópum þurfa fræðslu sem dregur úr fordómum þeirra gagnvart öðrum og eykur líkurnar á því að þeir sýni öðrum manneskjum í samfélaginu sanngirni og virðingu. Í fyrirlestrinum verður því haldið fram að jafnréttisfræðsla og virðing fyrir öllum manneskjum eigi að vera leiðarljós í allri kennslu og hugmyndir reifaðar um hvernig sé hægt að koma því við.

Miðlun gilda og siðfræði skólstarfsins – Áherslur í nógildandi Aðalnámskrá

Gunnar E. Finnbogason, prófessor, MVS, HÍ

Í fyrirlestrinum verður fjallað um hinn siðfræðilega þátt kennarastarfsins. Bæði í lögum og námskrá er fjallað um hlutverk kennarans. Almenn siðfræði og siðareglur kennara eru einnig til leiðbeiningar í skólstarfinu. Í kennarastarfinu þarf kennarinn sem fagmaður að takast á við siðferðileg álitamál. Hann þarf annars vegar að geta svarað því hvaða gildi og norm hann ætlast til að nemendur tileinki sér og hins vegar hvernig hann geti best miðlað þeim í starfi sínu. Það er síðan í gegnum athafnir og viðbrögð hans sem gildi, norm og siðferði verða sýnileg. Vinnulag í skólstarfinu hefur áhrif á félagsleg mynstur og hvernig nemendur læra að umgangast hver annan, vinna og ræða saman. Því er mikilvægt að kennari átti sig á því hvernig ólíkir miðlar eða verkfæri í kennslunni miðla gildum, normum, þekkingu og færni í skólstarfinu. Í fyrirlestrinum verður varpað ljósi á þær siðfræðilegu kröfur sem lög, námskrá og siðareglur kennara gera til kennaranna. Í því sambandi skiptir máli að kennari geri þau gildi og norm sem gilda í samskiptum milli nemenda og kennara sýnileg. Tekin verða sérstaklega dæmi um þann vanda þegar kennarar þurfa að glíma við hina mikilvægu spurningu að vera réttlátir gagnvart öllum nemendum sínum.

Samfélag og réttlæti II

Stofa K-206

10:45 – 12:15

Vilji barna til að taka þátt í rannsóknum. Barnafátækt á Íslandi

Hervör Alma Árnadóttir, doktorsnemi, MVS, HÍ, og Guðrún Kristinsdóttir, prófessor, MVS, HÍ

Til að vinna að stefnumótun og bættri velferðarþjónustu við börn er lykilatriði að kanna viðhorf þeirra og reynslu, ekki síst þeirra barna sem hafa reynslu af því að þiggja slíka þjónustu. Það hefur verið gagnrýnt að börn sem þarfnast stuðnings taki síður þátt eða fái tækifæri til að taka þátt í rannsóknum en önnur börn. Ástæður fyrir þátttökuleysi eru t.d. þær að talið er að hlífa eigi börnum við því að tala um viðkvæma og erfiða lífsreynslu, það geti verið þeim skaðlegt og börn vilji síður ræða um erfiða reynslu. Barnafátækt hefur vaxið hér á landi á síðust árum og hefur verið skilgreind sem skortur á þeim efnislegu, andlegu og tilfinningalegu gæðum sem börn þurfa til þess að njóta velferðar. Í erindinu verða kynntar niðurstöður eigindlegar rannsóknar þar sem markmiðið var að skoða annars vegar reynslu barna af því að búa við fátækt og hins vegar að greina getu þeirra og vilja til að tala um reynslu sína af því að búa við fátækt. Rannsóknin fól í sér eigindleg viðtöl við 19 börn á aldrinum 7–16 ára sem áttu foreldra sem höfðu haft fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg sér til framfærslu í þrjá mánuði eða lengur. Niðurstöður benda til þess að börn geti og vilji ræða um erfiða hluti í lífi sínu séu þeim skapaðar aðstæður til þess að tjá sig í öruggu umhverfi og faglega sé að viðtalinu staðið. Í erindinu er lögð áhersla á að hlustað sé á raddir barna þegar stefna er mótuð og þjónusta þróuð í þeirra þágu.

Fræðsla ekki hræðsla – hugvekja um kynferðislegt ofbeldi

Arnrún Magnúsdóttir, leikskólakennari, Leikskólanum Brákarborg

Getur þú lesið það út úr hegðun barns hvort það hafi orðið fyrir ofbeldi af einhverju tagi? Getur þú lesið það út hvernig ofbeldið hefur verið? Veistu hvernig þú átt að bregðast við þegar barn segir þér frá ofbeldi sem það hefur orðið fyrir eða býr við? Veist þú í hvaða aðstæðum líklegast er að barn segi frá því að það hafi orðið fyrir ofbeldi? Erindinu er fyrst og fremst ætlað að sýna fram á mikilvægi þess að þeir sem vinna með og sinna börnum frá leikskólaaldri fái upplýsingar sem geri þeim kleift að sinna þeim mikilvæga hluta starfsins að geta áttað sig á kynferðislegu ofbeldi og hvernig það brýst fram hjá börnum. Ef þú ert kennari eða sinnir börnum stóran hluta dagsins og hefur svarað einhverri af þessum spurningum neitandi, þá átt þú erindi á þessa málstofu. Ábyrgðin er OKKAR ALLRA!

Á hjartað að ráða för? Ástríðan, særanleikinn og menntun

Jón Ásgeir Kalmansson, nýdoktor, MVS, HÍ

„Lát hjartað ráða för“ er algengt orðatiltæki og flest teljum við okkur vita hvað það merkir, hvort sem við erum sammála því eður ei. En hvað meinum við þegar við tölum um „hjartað“ í slíku samhengi? Er hjartað sérstök sálargáfa, og ef svo er, hvað einkennir hana og hvernig tengist hún öðrum sálargáfum, til dæmis skynsemi, vilja og ímyndunarafli? Er hjartað þess eðlis að ráðlegt sé að láta það ráða för eða

er kannski vissara að láta skynsemina um stjórnina? Í fyrirlestrinum verður leitast við að kryfja hjartað og grafast fyrir um hvers vegna við finnum okkur oft knúin til að vísa til þess í ræðu og riti. Spurt verður af hverju sjaldgæft er að klassísk heimspekirit geri hjartað að meginviðfangsefni. Færð verða rök fyrir þeirri hugmynd að hjartað sé orð yfir særanlegasta og viðkvæmasta hluta okkar sem líkamlegra, hugsandi vera, þann þátt í sálarlífi okkar sem er í senn næmastur og berskjaldaðastur fyrir veruleikanum og því sem skiptir máli. Hjartað sé það sem geri okkur kleift að verða fyrir áhrifum – verða snortin – af því sem við komumst í kynni við. Í því sambandi verður jafnframt leitast við að varpa ljósi á tengsl hjartans við ímyndunarafl, og alveg sérstaklega við hið frumspekilega ímyndunarafl, það er þann þátt í myndunaraflsins sem gefur heiminum skarpan bakgrunn, lit og dýpt. Loks verður spurt hvaða þýðingu hjartað hafi fyrir inntak menntunar.

Læsi – orð, bókmenntir og íhlutun í skólastarfi

Stofa K-206

13:15 – 14:45

Sjaldan fellur orðið langt frá blaðinu

Guðmundur Engilbertsson, lektor, Háskólanum á Akureyri

Orð af orði er hugmynda-, kennslu- og aðferðafræði sem hefur að markmiði að efla læsi og námsárangur grunnskólabarna. Lögð er áhersla á að efla málumhverfi, kenna markvissar aðferðir við að sundurgreina námsefni, orð og hugtök, greina merkingu og inntak og tengsl við annað efni, kortleggja aðalatriði og endurbirta á fjölbreyttan og heildrænan hátt. Orð af orði hefur verið útfært sem þróunarverkefni í grunnskólum allt frá 1. til 10. bekkjar. Hver skóli hefur lagað hugmyndir og aðferðir verkefnisins að starfi skólans, t.d. mismunandi námsgreinum, aldri og aðstæðum í bekk. Í verkefninu er námsefni valið út frá markmiðum aðalnámskrár og það nýtt sem efniviður í verkefnavinnunni. Þróunarverkefnið felst í fræðslu, kennsluefni, ráðgjöf og eftirfylgni og hafa margir grunnskólar á landinu tekið þátt í slíku þróunarstarfi. Á undanförunum árum hafa nokkrar rannsóknir verið gerðar á innleiðingu kennslufræðinnar, m.a. áhrifum hennar á orðaforða og lesskilning nemenda, áhrifum hennar á starfsþróun kennara, tengslum kennslufræðinnar við hugmyndafræði um skóla án aðgreiningar og áhrifum kennslufræðinnar á orðaforða nemenda af erlendum uppruna. Málstofuflytjandi mun kynna niðurstöður þessara rannsókna og gera grein fyrir frekari rannsóknum á kennslufræðinni, m.a. fyrirhugaðri doktorsrannsókn sinni.

Barnabókmenntir, Byrjendalæsi og grunnþættir menntunar

Rannveig Oddsdóttir, sérfræðingur við Miðstöð skólaþróunar, HA, Halldóra Haraldsdóttir, dósent, HA, og Jenný Gunnbjörnsdóttir, aðjúnkt, HA

Núgildandi menntastefna á Íslandi er reist á sex grunnþáttum menntunar sem er ætlað að undirstrika meginatriði í almennri menntun og stuðla að samfellu í öllu skólastarfi. Grunnþættirnir eiga að vera sýnilegir í skólastarfinu og fléttast inn í allar námsgreinar. Í kennsluaðferðinni Byrjendalæsi eru barnabækur notaðar á markvissan hátt í læsiskennslu, en jafnframt er lögð áhersla á samþættingu við aðrar námsgreinar. Barnabókmenntir geta opnað sýn inn í ólíka kima samfélags og umhverfis og gefa tækifæri til að vinna með þau atriði sem falla undir grunnþætti menntunar. Í erindinu verður fjallað um það hvernig grunnþættir menntunar birtast í vinnu út frá barnabókum í 1. og 2. bekk í skólum sem nota kennsluaðferðina Byrjendalæsi. Niðurstöðurnar byggjast á gögnum sem safnað var í vettvangsheimsóknunum í sex skóla vegna umfangsmikillar rannsóknar á Byrjendalæsi. Niðurstöðurnar sýndu að í Byrjendalæsisvinnunni gáfust fjölmörg tækifæri til að vinna með grunnþætti menntunar út frá efni bókanna. Í mörgum tilvikum nýttu kennarar þessi tækifæri vel. Unnið var með læsi á fjölbreyttan hátt út frá bókunum og efni þeirra notað sem stökkpallur inn í umræðu og vinnu með aðra grunnþætti. Í öðrum tilvikum töpuðust tækifæri sem gáfust út frá efni bókanna og umræðum nemenda til að vinna með ákveðin atriði tengd grunnþáttunum. Auk þeirra möguleika sem aðferðin gefur til að vinna á markvissan hátt með grunnþættina út frá efni og inntaki bókmenntanna er öll umgjörð Byrjendalæsis vel til þess fallin að vinna að markmiðum grunnþáttanna um lýðræðisleg vinnubrögð, samvinnu og virka þátttöku allra.

Snemmtæk íhlutun í skólastarfi – grunnþættir menntunar

Ásthildur Bj. Snorradóttir, leikskólakennari og talmeinafræðingur, Skrifstofu fræðslu- og frístundapjónustu Hafnarfjarðar, Elísabet Karlsdóttir, leikskólakennari, Alexandra Hödd Harðardóttir, leikskólakennari, Arnfríður Kristín Arnórsdóttir, þroskaþjálfari

Hér er sagt frá þróunarverkefni þar sem unnið er að því að styrkja og efla málþroska leikskólabarna með áherslu á læsi í víðum skilningi. Lögð er áhersla á grunnþætti menntunar. Sérstök áhersla er lögð á verkáætlun, gátlista, uppbyggingu málörvunarstunda, tvítýngi, sjálfstjórn, flokkun á málörvunarefni og tengingu við Lestur er lífsins leikur – Læsisstefnu Hafnarfjarðar. Einnig er fjallað um þær prófanir/skimanir sem verið er að nota í leikskólanum, hlutverk sérkennslustjóra og einstaklingsáætlanir og íhlutun við hæfi ásamt mati á árangri. Markmiðið með þróunarverkefninu er að auka samstarf á milli leik- og grunnskóla ásamt því að auka samvinnu á milli starfsfólks leikskólans með aukinni þekkingu, færni og öryggi starfsfólks í vinnu með málörvun og læsi í leikskólanum Bjarkalundi. Gefin verður út sérstök Handbók leikskólans með ítarlegri verklýsingu á

þróunarverkefninu, skilgreiningum á málþáttum, undirstöðupáttum lestrar og hagnýtum og gagnreyndum aðferðum sem stuðla að hámarksárangri allra barna í málhæfni og undirbúningi fyrir lestur. Þessi vinna skilar börnum betur undirbúningnum inn í fyrsta bekk grunnskóla, þar sem unnið er út frá heildstæðri skólustefnu, en sýnt hefur verið fram á að með snemmtækri íhlutun er hægt að draga úr námserfiðleikum. Að auki verður aukið valdefling meðal starfsfólks leikskólans.

Nýsköpunarsmiðjur í menntun ungra barna

Stofa K-206

15:00 – 16:30

Sólveig Jakobsdóttir og Svanborg R. Jónsdóttir

RANNUM og RASK

Uppeldis- og kennslufræði í nýsköpunarsmiðjum Innoent-uppfinningaskólans

Þórdís Sævarsdóttir, skólastjórnandi Uppfinningaskóla Innoent, og Svanborg R. Jónsdóttir, dósent, MVS, HÍ

Tilgangur rannsóknarinnar er að greina hvers konar uppeldis- og kennslufræði liggur til grundvallar starfi í sköpunarsmiðjum (e. makerspaces) í íslenskum skólum og tómstundastarfi. Rannsóknarspurningar voru: Hvers konar uppeldis- og kennslufræði einkennir nýsköpunarsmiðjur Innoent-uppfinningaskólans? Hvernig er umgerð starfseminnar og flokkun í félagslegum samskiptum og hvert er hlutverk tækni í smiðjunum? Gagnasöfnun fór fram í júní til júlí 2017 og lýkur sumarið 2018. Eigindlegum aðferðum var beitt við gagnaöflun og gagnagreiningu. Gögnin samanstanda af vettvangsnótum og ljósmyndum frá námskeiðum Innoent sem haldin voru fyrir börn á aldrinum 5–10 ára og viðtöl verða tekin við kennara og skólastjóra. Hugtökum Bernstein (2000) um umgerð og flokkun var beitt til að greina samskipti kennara og barna og varpa ljósi á það sem einkenndi uppeldis- og kennslufræði sköpunarsmiðjanna. Fyrstu niðurstöður sýna að eflandi kennslufræði með lausri umgerð og flokkun einkenndi aðferðir kennaranna. Kennararnir voru í hlutverki stuðningsmanna frekar en stjórnenda og börnin höfðu mikið frelsi til að ákveða sjálf að hvaða verkefnum þau unnu, staðsetningu vinnu, úr hvaða efnum og hversu lengi eða hratt þau unnu. Oft mátti sjá börnin niðursökkin í skapandi verkefni en einstaka sinnum bar á leiða eða áhugaleysi sem yfirleitt stóð ekki lengi yfir. Hlutverk tækni í smiðjunum birtist í því að börnin höfðu aðgang að ónýtum raftækjum sem þau máttu rífa í sundur og nota til að hanna og búa til nýja hluti og þau nýttu viðeigandi tól og tæki til að taka í sundur, setja saman og móta þær afurðir sem þau höfðu hannað.

Nýting sýndarveruleikaumhverfis (Minecraft) í almennu námi í stærðfræði

Gunnlaugur Smárason, grunnskólakennari, Grunnskólanum í Stykkishólmi, Skúlína Hlíf Kjartansdóttir, aðjúnt, MVS, HÍ, og Gísli Þorsteinsson, prófessor, MVS, HÍ

Rannsókn var gerð á notkun forritsins Minecraft sem sýndarveruleikasmiðju til að styðja stærðfræðináms sjö ára nemenda í Grunnskóla Stykkishólms. Aðalmarkmiðið var að skoða samhengi náms og kennslu innan skólastofunnar og í sýndarveruleikasmiðjunni. Eigindlegum rannsóknargögnum var safnað í formi myndskreiða, viðtala við nemendur og kennara og vettvangsathugana. Gögnin voru túlkuð með grundaðri kenningu. Meginúrvinnsluatriðin tengdust einkum: a) hlutverki kennarans, b) framkvæmd kennslunnar og c) áhrifunum af notkun sýndarumhverfisins á nám nemenda. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að nemendur voru áhugasamir og unnu í sýndarveruleikasmiðjunni á skapandi hátt sem hjálpaði þeim að skilja stærðfræðihugtökin og að leysa stærðfræðileg vandamál. Möguleikar smiðjunnar til að byggja kennsluna á skapandi hugsun gáfu kennaranum tækifæri til að leggja þverfagleg verkefni fyrir nemendur og byggja á samvinnu þeirra. Rannsóknin gefur til kynna að mikilvægt sé að kennarinn skipti um hlutverk á meðan á kennslunni stendur. Hann þarf bæði að setja nemendur inn í viðfangsefni, vera aðstoðarmaður þeirra og styðja sjálfstæða hugsun nemenda með viðeigandi spurningum í stað þess að gefa þeim lausnirnar. Nemendur þurfa sveigjanleika og tækifæri til að vinna saman á leikandi hátt, sem styður sjálfsákvörðunarrétt þeirra og sjálfstæði.

Frumkvöðlar og snillingar í skapandi starfi með stafræna tækni

Skúlína Hlíf Kjartansdóttir, aðjúnt, MVS, HÍ, Svava Pétursdóttir, lektor, MVS, HÍ, og Torfi Hjartarson, lektor, MVS, HÍ

Þetta rannsóknarverkefni snýst um hóp kvenna sem kallar sig VEXA og vinnur saman að þróun og eflingu snillismiðja. sköpunarsmiðja eða gervera (e. makerspaces) í íslenskum grunnskólum. Konurnar eru allar frumkvöðlar á sviði tækninotkunar í menntun barna og unglunga í mismunandi störfum innan menntageirans. Markmið þeirra er að með hjálp stafrænnar tækni og skapandi greina verði nemendur framtakssamir hönnuðir fremur en þiggjendur á tæknisviðinu. Fylgst er með samvinnu þeirra og þróunarstarfi við að efla stafrænt læsi og nýsköpun meðal nemenda. Hér er sérstaklega litið til snillismiðju á vegum einnar úr VEXA-hópnum. Þar fást valdir nemendur úr nokkrum aldurshópum við ýmsa tækni í svonefndri Snillismiðju, eru í hlutverki snillinga á því sviði, læra til verka, einkum á sviði stafrænnar tækni, og bjóða að því búnu öðrum nemendum til þátttöku í vinnustundum og menntabúðum. Í málstofunni verður sagt frá fyrstu niðurstöðum úr ýmsum athugunum á starfi í smiðjunni en þar er byggt á heimsóknum í smiðju og menntabúðir, viðtalsgögnum og upptökum á

vettvangi auk fleiri gagna. Allt bendir til þess snillingarnir í smiðjunni valdeflist við að læra á og kenna jafningjum að glíma við tæknina og kynna hana öðrum í skólasamfélaginu. Einnig verður sagt stuttlega frá athugunum á starfi VEXA-hópsins og því sem þar er ætlunin að kanna frekar.

Hvernig verður ríkisbangsinn flippaður? List- og verkgreinakennarar á þremur skólastigum segja rýnisögur úr starfendarannsókn sinni – fyrri hluti

Stofa K-207

9:00 – 10:30

Hafdís Guðjónsdóttir

Rannsóknastofa um skapandi skólastarf (RASK) og Rannsóknastofa um starfendarannsóknir

Starfendarannsókn átta list- og verkgreinakennara. Um rannsóknina RASKA 2, aðdraganda, fræðilegan bakgrunn og málstofuna

Svanborg R. Jónsdóttir, dósent, MVS, HÍ

Í málstofunni eru sagðar rýnisögur úr RASKA 2 sem hófst í desember 2016 og mun ljúka í nóvember 2018. Í henni taka þátt átta list- og verkgreinakennarar á þremur skólastigum auk stjórnanda rannsóknarinnar. Rannsóknarspurningin sem leitað er svara við í þessari rannsókn er: Hvernig vinn ég með sköpun í kennslu minni og hvaða tækifæri fá nemendur mínir til sköpunar í námi sínu? Byggt er á aðferðafræði starfendarannsókna til að varpa ljósi á þær leiðir sem list- og verkgreinakennarar á þremur skólastigum fara til að efla sköpun í kennslu sinni og námi nemenda. Niðurstöður rannsóknarinnar geta verið öðrum leiðarljós um leið og ferlið hefur jafnóðum áhrif á kennslu kennaranna sem taka þátt í rannsókninni. Helstu aðferðir við gagnaöflun eru: Skráning í dagbækur um eigin kennslu með áherslu á sérsköpun, skapandi kennsluhætti og tækifæri nemenda til sköpunar. Samstarfs- og ígrundunarfundir þátttakenda eru haldnir einu sinni í mánuði í tvo tíma í senn og eru teknir upp og afritaðir. Kennararnir hafa safnað gögnum og mátað aðferðir sínar í kennslu við aðalnámskrá síns skólastigs, kröfur um námsmat, sköpunarheftið og fræðileg líkön um skapandi kennslu og nám. Gagnagreining fer fram með aðferð frásagnarrýni (e. narrative inquiry) og niðurstöðurnar eru settar fram sem rýnisögur (e. narratives) sem sýna dæmi um viðfangsefni sem eru lýsandi fyrir það hvernig kennararnir vinna að því að efla sköpun nemenda sinna í list- og verkgreinum. Kennarinn fær „rödd“ með því að segja sögu sína og vald til að skilgreina eigið starf og er þáttur í þeirri valdeflingu sem starfendarannsóknir búa yfir.

Hugmyndavinna og ferli – skólastofan sem vinnustofa

Guðrún Halldóra Sigurðardóttir, myndlistakennari, Fjölbrautaskólanum í Breiðholti

Ég fjalla um kennslu mína í áfanganum *Hugmyndavinna og ferli* sem varð til við námskrárbreytingar vegna styttingar framhaldsskólans 2011–13. Hann leysti af hólmi áfanga í bókagerð og þykki en hugmyndin var að leggja meiri áherslu á hvers kyns hugmyndavinnu, skissubókina og að leita leiða til koma nemendum af stað í sjálfstæðri sköpun. Áfanginn er kenndur á þriðju önn þriggja ára myndlistarbrautar til stúdentsprófs. Nemendur hafa áður hlotið almennan undirbúning í teikningu, lita- og formfræði, módelteikningu og stafrænni myndvinnslu. Þeir áfangar eru allir frekar verkefnaþættir og í föstum skorðum en í hugmyndavinnuáfanganum þarf kennarinn að ná nemandanum „út úr skelinni“ og kalla fram hjá honum sjálfstæða sköpun, skissuvinnu og hugmyndavinnu sem undirbúning að fullgerðu verki. Hlutverk kennarans er fyrst og fremst að kynna fyrir nemandanum fjölbreyttar aðferðir sem opnað geti fyrir skapandi vinnu og því er mikilvægt að andrúmsloftið í skólastofunni styðji óheft flæði hugmynda og tilrauna.

Listasagan sögð

Jóhanna Jakobsdóttir, myndlistakennari, Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ

Ég mun segja frá kennslu minni í fyrsta áfanga, listasögunni frá impressjónisma (1870) til dagsins í dag. Helstu verkefnum sem tilheyra áfanganum verður lýst og hvernig ég fer að því að kveikja áhuga nemenda og sköpun í þessum áfanga. Ég kenni listasöguna út frá sögulegu innleggi, t.d. út frá því hvað er að gerast í heiminum þegar tiltekin listastefna kemur fram. Nemendur fá sýn á allar listirnar þrjár, það er að segja myndlist, músík og leiklist (kvikmyndir og leikhúsverk). Ég var mjög hugfangin af John Dewey þegar ég var að læra kennslufræðina og komst að því að þessi aðferð, að læra með því að framkvæma, er mín aðferð til náms og ég leitast við að láta þá aðferð koma fram í kennslu minni. Nemendur vinna níu verkefni sem eru þeirra túlkun á hverri stefnu fyrir sig. Hvert verkefni er þeirra sköpun og nota þau það hráefni sem þeim hugnast. Hvert verkefni gefur 10 ef því er skilað en 0 annars. Það kom mér skemmtilega á óvart hvað nemendur leggja mikla alúð og vinnu í þau verkefni sem eru algjörlega þeirra sköpun.

Áskoranir smíðakennara í grunnskóla

Sverrir Marínó Jónsson, smíðakennari, Grunnskóla Vestmannaeyja

Ég mun fjalla um þær áskoranir sem ég tekst á við í smíðastofunni. Þar sem ég er ekki menntaður smíðakennari heldur er kjörsvið mitt upplýsingatækni og miðlun, þá er það nokkur áskorun að uppfylla skyldur smíðakennarans. Ég reyni að afla mér þekkingar á netinu og í bókum sem ég kemst yfir. Stærsta áskorunin sem blasir við mér í kennslunni er hvort nemendur mínir fái réttu tækifærin til að vera skapandi. Til að ná þessu markmiði nota ég veraldarvefinn og bækur sem ég kemst yfir. Einnig hef ég uppfært smíðastofuna þannig að það er kominn tölvustýrður CNC-fræsari í stofuna. Nemendur eiga þess kost að teikna upp, bæði á blaði og í tölvu, hluti sem þeir vilja gera. Þar með eru gefnir meiri möguleikar á skapandi starfi. Ég leitast við að halda jafnvægi á milli þess að stýra nemendum og stjórna og gefa þeim frelsi til sköpunar.

Hvernig verður ríkisbangsinn flippaður? List- og verkgreinakennarar á þremur skólastigum segja rýnisögur úr starfendarannsókn sinni – seinni hluti

Stofa K-207

10:45 – 12:15

Rannsóknastofa um skapandi skólastarf (RASK) og Rannsóknastofa um starfendarannsóknir

Svanborg R Jónsdóttir

Að opna gluggann út í náttúruna: Efnisveitur og listkennsla í þágu umhverfis og náttúru

Guðrún Gísladóttir, myndlistakennari, Vogaskóla

Í kaflanum um sjónlistir í Aðalnámskrá grunnskóla er lögð áhersla á þrjá meginþætti sem grunnþætti í vinnu með nemendum. Þeir eru: að rannsaka, greina og skapa. Í mínum huga þýðir þetta að í listkennslu sé mögulegt að efla gagnrýna hugsun nemenda með þeirra eigin rannsóknum og tilraunum, að í listkennslu sé mögulegt að ýta undir tengsl nemenda við eigið umhverfi og menningu og að yfirfæra slíka vinnu í skapandi vinnuferli sem ýtir undir valdeflingu einstaklingsins og getu til að hafa áhrif á eigið umhverfi. Í erindi mínu segi ég frá þeim verkefnum í kennslu minni sem beinast að því að efla vitund nemenda um umhverfi og náttúru og fá þá til að túlka viðfangsefni út frá eigin tilfinningum og skoðunum. Listir endurspeglar samfélag okkar og börn hafa oft sterkar skoðanir á eigin umhverfi. Þessar skoðanir má túlka á skapandi hátt, meðal annars með því að bjóða upp á ríkulega efnisveitu þar sem hversdagslegir hlutir geta umbreytt í gersemar.

Hvernig eflum við sköpun, tækniþekkingu og tæknivirkni í grunnskóla?

Engilbert Imsland, nýsköpunar- og smíðakennari, Hólabrekkuskóla

Hvernig verður smíðakennsla í framtíðinni? Þurfum við að taka nýjungar inn í smíðakennslu? Ég skoða hvað leiðir ég tel vænlegar til að mæta þörfum fyrir nútímalega smíðakennslu. Ég mun, út frá reynslu minni og samstarfsfólks, fjalla um það hvað þarf til að snillismiðja (e. makerspace) virki. Kynnt verður leið Hólabrekkuskóla til að búa til snillinga og leiða skólann inn á nýjar brautir og fjallað um áskoranir og hindranir. Mitt hlutverk sem kennari í smíðakennslu og snillismiðju er fyrst og fremst að vera opinn fyrir því að prófa nýja hluti og kynna fyrir nemandanum fjölbreyttar aðferðir sem gefa tækifæri til skapandi vinnu. Með öðruvísi nálgun skapast frjálst andrúmsloft sem ýtir undir sköpun og opnar nýjar leiðir til að læra. Ég er hrifinn af hugmyndafræði John Dewey „að læra með því að framkvæma“, en sú aðferð hentar mjög vel fyrir snillismiðjuna.

Ullarkemba sem uppspretta sköpunar

Kristín Garðarsdóttir, textílkennari, Víðistaðaskóla

Í rannsóknarhópnum Raska 2 hef ég ígrundað og rannsakað kennslu mína, hvernig sköpun birtist, hvernig ég get ýtt undir sköpun hjá nemendum mínum og ekki síst hvernig ég get bætt kennslu mína. Með því að vera stöðugt að hugsa, ígrunda og gagnrýna kennsluna hef ég breytt, betrumbætt eða sleppt verkefnum hjá nemendum mínum. Á þessum tíma hef ég séð breytingu á því hvernig nemendur vinna. Fyrst reyndist erfitt að fá nemendur til að prófa, gera tilraunir og vera óhræddir við að tjá sig og hafa skoðanir. En með tímanum urðu nemendur óhræddir og ég fór að sjá meiri sköpunarkraft og gleði við að vinna að verkefnum. Eitt verkefnið sem ég hef unnið með nemendum frá 5. til 10. bekk er nálarþæfingarverkefni. Ég mun segja frá því hvernig ullarkemba verður uppspretta sköpunar. Hvernig ég segi nemendum mínum frá ullinni, hvernig hún er unnin í dag og hvernig hún var unnin. Hvernig nemendur umbreyta ullarkembu í hluti, dýr eða hvaðeina sem þeim dettur í hug. Hvernig sköpun og ímyndunarafli vinna saman, hvernig nemendur hafa áhrif hver á annan, hvernig fáir nemendur geta lyft hópnum upp og skapað aðstæður og um það þegar sköpunarkrafturinn fær að njóta sín.

Skapandi hlaðborð: Töframáttur fjölbreytts efniviðar í kennslu textílmennta

Erla Dís Arnardóttir, textílkennari, Háaleitisskóla

Rík áhersla er lögð á skapandi og gagnrýna hugsun sem æskilegt námsmarkmið í aðalnámsskrá grunnskóla og hafa ýmsir fræðimenn lagt áherslu á að slíka hugsun eigi og sé hægt að kenna. Skapandi hugsun snýst ekki bara um að sleppa tókunum heldur byggist hún einnig á þekkingu á efni og stjórn á hugmyndum. Skapandi nám og kennsla byggist á vissu jafnvægi milli þess að kenna þekkingu og færni,

jafnvægi milli fræða og framkvæmdar eða að tengja hug og hönd með það að leiðarljósi að skapa eitthvað nýtt, hvort sem um er að ræða áþreifanlega lokaafurð eða þekkingu. Listakonan Janet Echelman hefur rætt um mikilvægi þess að staldra við, opna augun og sjá fegurðina í því hversdagslega. Robinson tekur undir með Echelman og telur það afar mikilvægan og eftirsóknarverðan eiginleika að sjá hlutina frá ýmsum sjónarhornum og jafnframt að það sé eiginleiki sem komi til með að gagnast nemendum samtímans í þeirri framtíð sem bíður þeirra. Í erindi mínu mun ég segja frá verkefnum í kennslu minni þar sem fjölbreyttur efniviður kom við sögu og markvisst var unnið að eflingu skapandi- og gagnrýnnar hugsunar meðal nemenda. Nemendur voru hvattir til að skoða efniviðinn frá hinum ýmsu sjónarhornum, sjá möguleikana, gera tilraunir, mistakast og prófa. Ég fjalla um áskoranirnar sem felast í verkefnum sem þessum og glímu nemenda við að þora og leyfa hugmyndafluginu að taka völdin.

Textílgreinin í nýju ljósi

Stofa K-207

13:15 – 14:45

Textílranssóknir

Ásdís Jóelsdóttir

Tómstundir í skapandi handverki – meistaraverkefni í textíl

Kolbrún Jenný Gunnarsdóttir, grunnskólakennari, Lágafellsskóla í Mosfellsbæ

Meginmarkmiðið með rannsókninni var að skoða hvort grundvöllur væri fyrir því að setja á stofn textílnámskeið fyrir 10–13 ára börn eftir að skóla lýkur á daginn. Rannsóknarspurningin var: Hvernig gæti tómstundanámskeið í skapandi textíliðju fyrir utan hefðbundið skólastarf verið skipulagt? Spurningakönnun var lögð fyrir börn í 5.–7. bekk í tveimur skólum í Mosfellsbæ. Einnig var send könnun til foreldra sömu barna. Í fyrstu var gerð forprófun í einum skóla til að sannreyna spurningar og komu þar fram gagnlegar ábendingar. Í úrvinnslunni voru niðurstöður færðar í töflur og gerður samanburður á ólíkum textílaðferðum og samanburður á stúlkum og drengjum, börnum og foreldrum. Þær aðferðir sem börnum þóttu hvað skemmtilegastar voru þrjón, vélsaumur og þæfing. Meirihluta stúlkna sem voru spurðar fannst gaman að vinna í textíl, en alltaf eru einhverjir drengir sem sýna vilja og hafa áhuga. Af svöruninni að dæma var enginn vafi á því að börnunum fyndist yfirleitt gaman í textílvinnu

og að foreldrar þeirra væru jákvæðir fyrir því að þau tækju þátt í slíku námskeiði. Foreldrar voru spurðir út í staðsetningu námskeiðsins, hvaða dag- og tímasetning væri hentug og hversu langt námskeiðið ætti að vera, og út frá því var hægt að útbúa námskeiðslýsingu. Út frá niðurstöðum á áhugasviði nemenda var einnig hægt að ákveða kennslurými og innihald kennslunnar.

Bút fyrir bút – Saga bútaums á Íslandi frá upphafi til ársins 1980

Birna Guðmundsdóttir, grunnskólakennari, Árbæjarskóla

Viðfangsefni og tilgangur rannsóknarinnar var að leita upphafs og skrá sögu bútaumshandverks á Íslandi fram til ársins 1980. Unnið var út frá rannsóknarspurningunni: Hver er saga bútaums á Íslandi fram til ársins 1980 og hvernig hefur sú saga varðveist í verkum og heimildum? Til að svara þeirri spurningu var notuð aðferðafræði eigindlegra rannsókna við gagnaöflun, sem fólst í vettvangsathugunum, viðtölum og skoðun á rituðum heimildum. Niðurstöður sýna að saga bútaums á Íslandi nær um fimm hundruð ár aftur í tímann og fundust fleiri og fágætari verk en nokkurn gat óráð fyrir. Rúmlega sjötíu bútaumsverk með sögulegt vægi fundust, bæði á söfnum og í einkaeigu. Elsta verk sögunnar er frá því um miðja sextánda öld en næsta merka verkið er talið saumað árið 1911. Má því segja að þarna sé athyglisverð eyða í sögu bútaums á Íslandi sem áhugavert væri að skoða nánar. Rannsóknin leiðir einnig fram áhugaverð fræðileg skrif um tengsl útaumsgerða og bútaumshandverks og sýnir fram á mikilvægi ritaðra heimilda í því sambandi. Jafnframt sýna niðurstöður að saga bútaums á Íslandi hefur ekki áður verið til rannsóknar. Því er hér um fyrstu rannsókn á viðfangsefninu að ræða og eru niðurstöðurnar framlag til íslenskrar textíl- og handverkssögu.

Textílval á unglingsstigi og þörfin á náms- og kennsluefni

Sif Ólafsdóttir, meistaranemi, MVS, HÍ

Markmiðið með rannsókninni er að kanna hvort greinin nýtur skilnings og velvildar innan skólasamfélagsins. Meðal annars er kannað hvað er hægt að gera betur og með hvaða hætti og hversu mörgum kennslustundum greininni er úthlutað á unglingsstigi ásamt öðrum list- og verkgreinum. Einnig er þörf á frekara náms- og kennsluefni í textílmennt skoðuð og athugað hvort það myndi hjálpa til við þróun greinarinnar fyrir nemendur á unglingsstigi og hvort hægt er að vinna að því að gera valnámskeið markvissari. Eigindlegum rannsóknaraðferðum var beitt við gerð rannsóknarinnar. Tekin voru viðtöl við bæði stjórnendur og textílkennara í fimm ólíkum grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu. Helstu niðurstöður eru þær að enginn skóli nær að uppfylla það tímamagn sem viðmiðunarstundaskrá

Aðalnámskrár grunnskóla segir til um að list- og verkgreinar eigi að fá í 8.–10. bekk. Misjafnt er hvort skólar kenna textílmennt í unglíngadeild sem faggrein þó að boðið sé upp á greinina sem valfag. Textílkennarar telja verulegan skort vera á námsefni og vilja allir sjá úrbætur í þeim efnum. Bæði stjórnendur og kennarar voru sammála um mikilvægi list- og verkgreina og einungis einn viðmælandi talaði um tengingu greinarinnar við atvinnulífið. Niðurstöður rannsóknarinnar benda því til þess að bæta þurfi stöðu textílmenntar á unglíngastigi með hliðsjón af ákvæðum Aðalnámskrár grunnskóla.

Samhliða þróun samfélagslegra þátta og náms og atvinnulífs í textílgreininni

Ásdís Jóelsdóttir, lektor, MVS, HÍ

Erindið byggir á tveimur rannsóknum; sögu fatagerðar og fatahönnunar á Íslandi og uppruna og sögu íslensku lopapeysunnar. Í báðum rannsóknum var tekið mið af þróun samfélagslegra þátta og ýmissa áhrifavalda samhliða þróun náms og sérhæfðra starfa. Um var að ræða eigindlega rannsóknaraðferð þar sem tekin voru viðtöl við rúmlega áttatíu aðila. Auk viðtalanna var unnið með fjölbreytt rannsóknargögn eins og ritaðar heimildir úr bókum, greinar og umfjallanir úr dagblöðum og tímaritum, auglýsingar og ljósmyndir úr ýmsum áttum, sem og ýmsa safnmuni. Um er að ræða frumrannsóknir og sýna niðurstöður að saga fatagerðar hér á landi er mikilvægur hluti af atvinnu-, menntunar-, textíl- og menningarsögu þjóðarinnar. Af niðurstöðum má einnig ráða að sterk tengsl eru á milli samfélagslegra þátta og þróunar starfa og menntunar í textílgreininni sem vert er að hafa í huga við markmið og þróun greinarinnar á öllum skólastigum. Á grunnskólastigi mætti ýta meira undir þau markmið textílkennslu sem snúa að menntun og undirbúningi nemenda fyrir framhaldsnám og atvinnulíf í greininni sem og mótun nýrra starfa. Þannig ættu nemendur sem sýna áhuga á slíku sviði að fá sömu örvun og hvatningu til að auka við kunnáttu sína undir lok grunnskóla og þeir sem hneigjast til bóklegri þátta námsins.

[Sýn þriggja kennara á áhrif aðalnámskrár á listkennslu](#)

Stofa K-207

15:00 – 16:30

Meistaraverkefni frá Listaháskóla Íslands

Ásthildur Jónsdóttir

Að taka aðalnámskrá grunnskóla í sátt: viðhorf myndlistakennara til nýjunga í aðalnámskrá grunnskóla 2013

Mariella Thayer, myndlistakennari, Réttarholtsskóla

Nýjar námskrár eru samdar og innleiddar reglulega á Íslandi. Margt hefur áhrif á innleiðingu þeirra í skólastarfi. Árið 2013 gaf mennta- og menningarmálaráðuneytið út nýja Aðalnámskrá grunnskóla þar sem kynnt voru ýmis nýmæli. Breyttar áherslur í aðalnámskránni og viðhorf myndlistakennara til hennar voru meginefni þessarar rannsóknar. Meginniðurstöður rannsóknarinnar eru að nýmæli í námskránni eru grunnþættir menntunar, hæfniviðmið, lykilhæfni og matsviðmið. Þessir fjórir þættir gera ýmsar kröfur um breytta kennsluhætti og skólastarf. Niðurstöður sýna jafnframt að myndmentakennararnir sem tóku þátt í rannsókninni eru nokkuð sáttir við námskrána þó þeir hafi misgóðan skilning á lykilhugtökum sem þar eru kynnt. Hugmyndir námskrárinnar falla misvel að starfskenningum kennaranna en eiga sér góðan hljómgrunn innan námsgreinarinnar myndlistar. Helsta áskorun námskrárinnar er breytt áhersla í námsmati og er það sá þáttur sem kennurum finnst erfiðast að glíma við.

„Hvað heitir þetta þegar allir fara að kjósa“ – Myndlæsi, lýðræði og hugtakaskilningur

Magnús Dagur Sævarsson, grunnskólakennari, Garðaskóla

Myndlæsi hefur verið skilgreint sem færni í að draga merkingu eða þekkingu af myndum og geta tjáð sig myndrænt. Fyrirlesturinn fjallar um það hvað kennsla í myndlæsi hefur fram að færa og hvernig hún tengist grunnþáttum menntunar samkvæmt aðalnámskrá. Til þess að svara þessari spurningu var skoðað hvernig form, litir og tákni hafa áhrif á upplifun okkar á myndum. Einnig var skoðað hvernig myndir geta hjálpað okkur að skilja eigin samtíma og ólíka menningarheima ásamt því að gera okkur víðsýnni og gagnrýnni. Kynnt verður námsefni í myndlæsi sem hannað var með það að markmiði að auka þekkingu nemenda á tæknilegum atriðum myndlæsis og þjálfa þá í að skoða listaverk með markvissum og gagnrýnum hætti.

Það að standa ekki einn, dag eftir dag eftir dag, það bara skiptir öllu. Áhrif teymisvinnu á faglegt frumkvæði kennara við innleiðingu nýrra kennsluhátta í list- og verkgreinum

Þórhalla Laufey Guðmundsdóttir, grunnskólakennari, Lundarskóla Akureyri

Fyrirlesturinn fjallar um niðurstöður eigindlegar meistaraannsóknar höfundar þar sem skoðuð voru áhrif teymisvinnu á faglegt frumkvæði kennara. Skoðað var eitt kennarateymi sem hóf breytingar á kennsluháttum í list- og verkgreinum eftir að ný aðalnámskrá grunnskóla kom út árið 2011. Þá tók þetta kennarateymi sjálfstæða ákvörðun um að þróa kennsluskipulag list- og verkgreina í skóla sínum, upp í 10. bekk. Kennsla með þessum nýju áherslum hófst haustið 2012 með stuðningi skólastjórnenda. Í fyrirlestrinum verður fjallað um hvernig þátttakendur í teyminu valdefldust og öðluðust dýpri trú á

eigin getu í kjölfar teymisvinnunnar. Útskýrt verður hvernig sameiginleg trú þeirra á eigin getu, (e. collective teacher efficacy) hafði áhrif á faglegt frumkvæði teymisins. Í tengslum við niðurstöður rannsóknarinnar verður fjallað um þróun og stöðu list- og verkgreinakennslu á Íslandi og skoðað hver þáttur aðalnámskrár grunnskóla var í breytingum á kennsluháttum teymisins.

Tölvuleikir – leikjavæðing

Stofa K-208

9:00 – 10:30

RANNUM – Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun

Salvör Gissurardóttir

Norræn könnun 2017 um viðhorf og notkun kennara á tölvuleikjum í kennslu

Bjarki Þór Jónsson, framhaldsskólakennari, FÁ, Salvör Gissurardóttir, lektor, MVS, HÍ, og Skúlína Hlíf Kjartansdóttir, aðjúntkt, MVS, HÍ

Notkun tölvuleikja getur aukið fjölbreytni námsefnis í kennslu og áhuga nemenda á námi í ýmsum námsgreinum. Kennarar nýta nú tölvuleiki í auknum mæli. Margt er þó óljóst um þá notkun, t.d. hvaða leikir eru í notkun og hvernig þeir nýtast. Menntavísindasvið tekur þátt í Nordplus Horizontal-verkefninu „Digital Computer Games for learning in Nordic countries“, en á vegum þess var gerð könnun árið 2017 um álit norrænna kennara á notkun tölvuleikja í skólastarfi. Í þessu erindi verða kynntar helstu niðurstöður hennar, m.a. um nám kennara og aldursskiptingu nemenda, aðstæður til kennslu með tölvuleikjum, vilja kennara til að nýta tölvuleiki og þær hindranir sem kunna að verða á vegi þeirra. Þá verður fjallað um leiki og leikjunartól sem kennarar nýta til kennslu eftir námsgreinum, upplifun kennara af þeim og menntunartilgang með notkun þeirra. Að lokum verður kynntur nýr samfélagsmiðill/vefgátt sem er í þróun í þessu Nordplus-verkefni en þar verður yfirlit um norræna tölvuleiki og möguleiki fyrir kennara á Norðurlöndum á að deila reynslu sinni af notkun tölvuleikja.

Tölvuleikir í námi, kennslu og frístundastarfi í Noregi

Helga Dís Ísfold Álfheiðardóttir Sigurðardóttir, dósent, Nord Universitet, Steinkjer, Noregi

Erindið fjallar um uppeldisfræðilegt gildi tölvuleikja í ljósi uppeldisfræðikenninga og -rannsókna og byggist meðal annars á doktorsverkefni höfundar. Í takt við sífellda þróun menntunar og væntinga til skólakerfisins er stöðugt hugað að nýjum kennslunálgunum, -aðferðum og -verkfærum. Í þessu samhengi bjóða tölvuleikir upp á margvíslega möguleika. Bæði eru þeir hluti af lífi flestra nemenda að

einhverju marki – og eru, þegar vel tekst til, hannaðir þannig að þeir kenna og þjálfar þá sem þá spila í þeirri færni sem til þarf til að spila leikina. Í uppeldisfræðilegu samhengi getur kunnáttan eða færnin sem leikurinn þjálfar upp eða kennir verið hagnýtt námsmarkmið. Þegar vel heppnaðir tölvuleikir eru skipulega nýttir í kennslu reyna þeir mjög á þætti á borð við forvitni, sköpunargleði og innri áhugahvöt nemenda og eru sem slíkir dýrmæt viðbót í úrval kennslutækja og -aðferða.

Ratleikir og snjalltæki í vettvangsferð, grasagarði og safni

Salvör Gissurardóttir, lektor, MVS, HÍ

Lýst er þróunarverkefni og starfendarannsókn gerðum 2015–2018 sem snerust um gegnumgangandi leik (e. pervasive game), námsleik þar sem leikvangur er að hluta til í nettengdum snjalltækjum en einnig á vettvangi. Lýst er hönnun og sýnd frumgerð af þrenns konar leikjum, leikjum í vettvangsferð, grasagarði og á safni og reynslu af því hvers konar hönnun og verkfæri henta kennurum til að búa til eða aðlaga slíka leiki að námi og hvernig grunnskólanemendur geti tekið þátt í og búið sjálfir til leiki.

Spurningar vakna: Kahoot-leikurinn í samfélagsgreinum í framhaldsskóla

Karólína Símonardóttir, formaður Íþróttá- og tómsfundanefndar Hafnarfjarðar, og Sólveig Jakobsdóttir, dósent, MVS, HÍ

Á undanförunum árum og áratugum hefur víða í skólum verið lítið aðgengi að tölvum og nýting þeirra í námi og kennslu verið takmörkuð. Mjög kostnaðarsamt hefur verið fyrir fræðslufirvöld að tryggja tækjabúnað fyrir nemendur og starfsfólk vegna örrar tækniþróunar og úreldingar á eldri búnaði. Nú er svo komið að langflest ungmenni eiga snjallsíma sem bjóða upp á mjög fjölbreytta virkni og gætu nýst með ýmsum hætti sem þekkingar- og námstæki en ekki einvörðungu til athafna ótengdra náminu. Víða er því verið að skoða og útfæra á ýmsan hátt hugmyndir um að nemendur mæti í skólann með eigin tæki (MET) og nýti þau við námið. Í þessu erindi er sagt frá rannsókn sem gerð var haustið 2015 á snjallsímanotkun í kennslu þar sem nemendur fengu tækifæri til að nýta eigin tæki í skólastofunni. Gögnum var safnað með viðtölum við þrjá samfélagsfræðikennara og með beinum athugunum í tveimur bekkjum sem þeir kenndu í einum skóla á höfuðborgarsvæðinu. Fylgst var með nemendum í sex kennslustundum þar sem þeir notuðu spurningaleikinn Kahoot! Í erindinu er sagt frá viðbrögðum nemenda, rætt um kosti og galla þess að nýta snjallsíma sem verkfæri í námi og kennslu, greint frá viðhorfum kennara til snjallsímanotkunar í kennslustofum og hugmyndum um hvernig snjalltæki gætu nýst í félagsfræðikennslu á framhaldsskólastigi.

Mæja vélmenni – að læra að kóða í gegn um leik

Stofa K-208

10:45 – 12:15

Kristín Dýrfjörð

Í málstofunni verður fjallað um hugmyndafræði sköpunarrýma (makerspaces) í tengslum við leikskólastarf. Fjallað verður um innleiðingu kóðunar í gegnum leik. Í Aðalnámskrá leikskóla eru ákvæði um læsi í víðum skilningi, sköpun og leik.

Sköpunarrými í leikskólum – bakgrunnur

Kristín Dýrfjörð, dósent við Háskólann á Akureyri

Hugtakið sköpunarrými og vinna tengd þeirri hugmyndafræði hefur undanfarin ár rutt sér til rúms víða um heim. Hugtakið er tengt tækni, sköpun, leikfanga-hakki, leik og valdeflingu barna og fullorðinna. Í sköpunarrýmum er áherslan á óformlegt nám, að læra með því að prófa sig áfram og að allir geta verið kennarar, börn, vélar og fullorðnir. Fjallað verður um kenningarlegan bakgrunn sköpunarrýmis og hann tengdur aðalnámskrá leikskóla. Sérstaklega verður lýst tengslum við hið alþjóðlega rannsóknarverkefni *Makerspaces in the Early Years: Enhancing Digital Literacy and Creativity*, sem m.a. Háskólinn á Akureyri og Háskóli Íslands eiga aðild að. Dæmi verða gefin um hvernig sköpunarrými hafa verið innleidd í leikskólastarf og menntun leikskólakennaranema við Háskólann á Akureyri.

Leikur í ljósi fræða

Guðrún Alda Harðardóttir, pedagogista, leikskólanum Aðalþingi

Umfjöllunarefnið er rannsókn í leikskólanum Aðalþingi í Kópavogi. Þar var forritanlega vélmennið Mæja (blue bot) kynnt til sögunnar meðal elstu barnanna. Markmið rannsóknarinnar var að skoða hvernig börn nálguðust vélmennið, hvernig leikur þeirra þróaðist og það nám sem átti sér stað. Gagna var aflað með uppeldisfræðilegri skráningu í formi hreyfi- og ljósmynda. Skráningarnar voru jafnframt nýttar til að ákveða framhald verkefnisins, t.d. til að ákveða hvaða efnivið yrði bætt við. Í erindinu er lögð áhersla á að tengja saman fræði og fag, þar eru tengd saman hugtök sem tengjast m.a. hugmyndum Vygotsky um nám barna og það sem birtist í uppeldisfræðilegu skráningunni. Meðal hugtaka sem fjallað um eru jafningjanám, að setja sér markmið, vitund um eigið nám og yfirfærsla þekkingar. Erindið sjálft er í formi myndbands þar sem hugtökin eru kynnt til sögunnar og dæmi úr starfinu eru sýnd til að skýra þau.

Sköpunarrými í íslenskum leikskóla – kóðun

Anna Elísa Hreiðarsdóttir, lektor, HA

Rannsóknin er tilviksrannsókn og hluti af alþjóðlega rannsóknarverkefninu *Makerspaces in the Early Years: Enhancing Digital Literacy and Creativity*. Í rannsókninni tóku níu fimm ára börn þátt í sex vinnusmiðjum undir stjórn leikskólakennara síns þar sem hugmyndafræði og aðferðir sköpunarrýma (e. makerspace) voru nýttar til að skapa námsumhverfi þar sem börnin unnu með stafræna tækni og grundvallaratriði forritunar í gegnum leik og sögugerð. Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvernig börn á leikskólaaldri nýta stafræna tækni til að læra. Gagna var aflað með hreyfi- og ljósmyndum sem bæði börn og rannsakendur stjórnðu. Upptökuvél var beint að vinnu barna en rannsakendur tóku einnig upp á færanlega vél. Börnin áttu kost á því að festa á sig mínivél (GoPro) í bringufestingu. Rannsakendur skráðu vettvangsnótur og tekin voru viðtöl við kennarana og börnin. Einnig fylltu börnin út matsblað í lok hverjar smiðju og kennari ræddi við þau einslega um mat þeirra og upplifun af smiðjunum. Í erindinu er rýnt í tvær hliðar á niðurstöðum, annars vegar samskipti, bæði samskipti barna innbyrðis en einnig við tæknina. Hins vegar er skoðað hvernig börnin nálguðust kóðun í gegnum sköpun og leik. Niðurstöður sýna að börnin kusu að vinna saman með fjölbreyttum hætti en einnig að vinna ein og sér. Sum börn voru órög við að prófa sig áfram og gera mistök meðan önnur horfðu á og lærðu af hinum áður en þau snertu tæknina.

Að vinna að rannsókn með kennurum – sjónarmið meistaranema

Herdís Ólöf Pálsdóttir, meistaranemi, HA

Í erindinu er fjallað um eigin reynslu meistaranema sem samrannsakanda í tilviksrannsókn sem er hluti af alþjóðlega rannsóknarverkefninu *Makerspaces in the Early Years: Enhancing Digital Literacy and Creativity*. Fimm ára börn í leikskóla á Akureyri tóku þátt í sex skapandi smiðjum í anda *makerspace*-hugmyndafræðinnar og lærðu grundvallaratriði forritunar í gegnum vinnu með vélmenni þar sem skapandi starf og leikur voru lykilhugtök. Meistaraneminn var starfsmaður rannsóknarinnar, bæði við framkvæmd hennar og úrvinnslu. Hann tók virkan þátt í vinnusmiðjum og tók hópviðtöl við börnin. Meðal hlutverka var að taka virkan þátt í innleiðingu á efniviði. Fjallað er um það hvernig reynslan hefur þegar nýst viðkomandi, m.a. á vettvangi. Meðal helstu niðurstaðna er að hlutverk aðstoðarmanns getur verið bæði opið og skapandi ferli og trú á getu barna hefur eflst. Aðstoðarmaður þarf að íhuga hvar hann staðsetur sig í rýminu og hversu mikill þátttakandi hann er. Hann þarf að læra að gæta jafnvægis milli þess að vera afskiptalaus og stýrandi, að læra að hlusta, bíða og gefa börnum

svigrúm og leyfa flæðinu að stjórna. Önnur niðurstaða er að þátttaka í verkinu hefur leitt til meira öryggis á vettvangi.

Kennsluaðferðir í fjölbreyttu ljósi

Stofa K-208

13:15 – 14:45

„Maður hélt í hjarta sínu að það væri mikil þörf ... það er held ég meiri þörf.“ Foreldrafræðsla á Íslandi: Hugmyndir nemenda á námsleiðinni Foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf

Sóley Kjerúlf Svansdóttir, meistaranemi, MVS, HÍ, og Hrund Þórarins Ingudóttir, lektor, MVS, HÍ

Foreldrafræðsla getur verið mikilvæg til að aðstoða foreldra og leiðbeina þeim í hlutverki sínu. Námsleiðin Foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf við Menntavísindasvið hefur verið í boði frá haustinu 2015. Markmið rannsóknarinnar var að kanna hugmyndir og upplifun nemenda sem eru í hópi þeirra fyrstu til að útskrifast af námsleiðinni um foreldrafræðslu og hlutverk foreldrafræðara. Einnig var markmiðið að skoða hvernig nemendur telja að þróa megi foreldrafræðslu á Íslandi út frá upplifun sinni af Early Childhood Family Education (ECFE) í Minnesota í Bandaríkjunum. Þátttakendur í rannsókninni voru sjö nemendur á námsleiðinni sem fóru til Minnesota í maí 2017. Eigindlegar rannsóknaraðferðir voru notaðar. Gögnin eru byggð á daglegum dagbókarfærslum þátttakenda og þremur rýnihópaviðtölum sem tekin voru í ferðinni. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að ECFE sé góð fyrirmynd til að byggja foreldrafræðslu á Íslandi á. Við þróun foreldrafræðslu á Íslandi telja þátttakendur mikilvægt að fara hægt en örugglega af stað og leggja áherslu á lögverndun starfsheitis og stofnun félags foreldrafræðara. Þátttakendur sjá fyrir sér fjölbreytta möguleika á foreldrafræðslu á Íslandi. Þegar þátttakendur lýsa hlutverki foreldrafræðara nefna þeir að hann sé fundarstjóri sem leiði umræðuna, hvetji foreldra til þátttöku og styðji þá. Þátttakendur telja að foreldrafræðsla sé fyrir alla foreldra, feli í sér nám þar sem virk þátttaka í foreldrafræðslu þroski foreldra í hlutverki sínu og auki færni þeirra. Niðurstöður rannsóknarinnar ættu að hafa gildi við stefnumótun foreldrafræðslu á Íslandi. Einnig ættu niðurstöðurnar að styðja nýja starfsstétt foreldrafræðara og uppeldisráðgjafa í starfi og þar með nýtast foreldrum, börnum og samfélaginu öllu.

Nám í hlutverki – reynsla kennara af notkun kennsluaðferðarinnar: „Sérfræðingskápan“

Hákon Sæberg, grunnskólakennari, Árbæjarskóla, Margrét Sæberg, grunnskólakennari, Árbæjarskóla, og Helga Guðjónsdóttir, grunnskólakennari, Árbæjarskóla

Færa má rök fyrir því að samfélag manna taki hraðari breytingum nú á dögum en nokkru sinni fyrr. Þessar hröðu breytingar hafa kallað á breytta starfshætti í nútímamenntun með aukinni áherslu á að efla sköpun, gagnrýna hugsun, samskipti og samvinnu hjá nemendum til að undirbúa þá fyrir óvæntar áskoranir framtíðarinnar. Til þess að þetta megi verða þarf að beita kennsluaðferðum þar sem nemandinn er hvattur til þess að láta reyna á ofangreinda þætti. Nemandinn þarf að glíma við viðfangsefni þar sem hann beitir gagnrýninni hugsun og leitar skapandi lausna í nánu samstarfi við aðra. Í þessu erindi segja þrír kennarar 4. bekkjar Árbæjarskóla frá reynslu sinni af notkun kennsluaðferðarinnar Sérfræðingskápunnar þar sem nám nemenda fer fram í hlutverki innan ímyndunarheims. Aðferðin byggist á þeirri kenningu að leikur sé náttúruleg leið barna til náms og þroska. Bæði innlendar og erlendar rannsóknir benda til þess að notkun Sérfræðingskápunnar í kennslu sé vel til þess fallin að hvetja nemendur til samvinnu og auki samskipti þeirra á milli ásamt því að efla sköpun og gagnrýna hugsun í námi. Kennararnir hafa notað aðferðina í kennslu sinni s.l. þrjú ár og hefur notkun hennar mælst vel fyrir hjá nemendum, foreldrum og skólastjórnendum. Hér gefst áheyrendum tækifæri til að kynnast rannsóknastuddri kennsluaðferð sem lítið hefur verið notuð hérlandis en sýnt hefur verið fram á að geti haft jákvæð áhrif á nám nemenda og upplifun þeirra af skólalastarfi.

„Þetta opnar huga manns fyrir annarri menningu.“ Samþætting listgreina í tengslum við fjölmenningu

Jóna Guðrún Jónsdóttir, leiklistarkennari í Háteigsskóla og meistaranemi, MVS, HÍ, Ása Helga Ragnarsdóttir, aðjúnkt, MVS, HÍ, Rannveig Björk Þorkelsdóttir, aðjúnkt, MVS, HÍ, Hanna Ólafsdóttir, lektor, MVS, HÍ, og Helga Rut Guðmundsdóttir, dósent, MVS, HÍ

Síðastliðin þrjú ár hefur verið boðið upp á valnámskeið á öðru misseri fyrir grunnskólakennaranema á Menntavísindasviði HÍ. Námskeiðið ber heitið: „Að leika og skapa: leiklist, myndlist og tónlist“ Í námskeiðinu kynnast nemendur þýðingu lista í námi barna og unglunga. Unnið er með eitt þema í gegnum listgreinarnar með áherslu á fjölmenningu þar sem viðfangsefnin eru þróuð í gegnum fjölbreyttar smiðjur sem byggjast á mismunandi kveikjum og margvíslegri úrvinnslu. Í lok námskeiðsins semja nemendur atriði þar sem unnið er með allar listgreinarnar og þeir sýna áhorfendum. Að námskeiði loknu var gerð rafræn könnun meðal nemenda til að kanna áhrif námskeiðsins á nemendur. Meðal annars voru nemendur spurðir hvort þeir sæju möguleika á að nota listgreinar í skólalastarfi. Jafnframt voru tekin viðtöl við nemendurna í hópum. Niðurstöður bentu til þess að nemendum litist vel á að nota listgreinar sem aðferð í kennslu. Einnig bentu nemendur á möguleika á samþættingu

listgreina, þeir töluðu um að þeim fyndist gott að kynnast skapandi greinum og að námskeiðið hvetti þá til að fara út fyrir þægindarammann. Auk þess kom fram í svörum nemenda að gott væri að geta nýtt listræna verkefnaúrvinnslu í bóklegum greinum. Könnunin gefur tilefni til að rannsaka enn frekar áhrif skapandi námskeiða í kennaranámi á viðhorf og færni kennaraefna til að samþætta námsgreinar grunnskólans í gegnum listir.

Veggspjöld

Skáli

9:00 – 16:30

12:15 – 12:45 Höfundar standa við veggspjöld sín og kynna efni þeirra fyrir áhugasömum

Er munur á söngþroska þriggja ára drengja og stúlkna?

Ásdís Björg Gestsdóttir, meistaranemi, MVS, HÍ, og Helga Rut Guðmundsdóttir, dósent, MVS, HÍ

Í rannsóknum hefur komið fram kynjamunur á söngfærni barna allt frá þriggja ára aldri, þá sérstaklega í tónnákvæmni og raddsviði. Þegar mælanlegur munur finnst er hann oftast stúlkum í vil, þ.e. þær sýna meiri nákvæmni. Þó eru nokkrar rannsóknir sem hafa sýnt að drengir standi sig betur en stúlkur hvað varðar tónnákvæmni, en ekki er vitað hvað veldur slíkum mun. Fræðimenn á sviði söngþroska hafa bent á að munur á söngfærni megi að einhverju leyti rekja til félagslegrar mótunar þar sem slíkur munur sé síður til staðar í samfélögum þar sem sterk hefð sé fyrir söngþátttöku drengja. Í breskri rannsókn á áhrifum söngþjálfunar á grunnskólabörn kom í ljós að stúlkur sýndu almennt meiri söngfærni en drengir ef engin þjálfun átti sér stað. Við þjálfun fór drengjum hins vegar fram og í lok rannsóknar voru söngþjálfaðir drengir jafnfætis kvenkyns jafnöldrum sínum sem ekki höfðu fengið söngþjálfun. Það er því áhugavert að skoða hvort inngrip með söngþjálfun þriggja ára barna í leikskóla hafi sömu áhrif á söngfærni drengja og stúlkna. Í þessari rannsókn var skoðað sérstaklega hvort kyn hefði áhrif á söngfærni þeirra fyrir og eftir söngþjálfun í leikskóla. Börnin fengu markvissa örvun í söngfærni sem hæfði aldri þeirra inni á sinni deild undir leiðsögn söngkennara með sérþekkingu á tónlistarþroska barna. Til samanburðar var hópur sem aðeins fékk tónlistarþjálfun án söngs á annarri starfsstöð sama leikskóla. Gerð verður grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar á veggspjaldinu með skýringarmyndum og súluritum.

Uppruni, kyn og val á námsgrein í háskóla

Ásrún Matthíasdóttir, lektor, HR, Arnar Gíslason, verkefnisstjóri, HÍ, Sveinn Guðmundsson, jafnréttisfulltrúi, HÍ, og Ásrún Á. Jónsdóttir, meistaranemi, HR

Ekki liggja fyrir tölur um fjölda háskólanema af erlendum uppruna á Íslandi, en hins vegar eru vísbendingar um að meðal háskólanema af erlendum uppruna séu hlutfallslega færri sem sækja sér háskólamenntun en meðal annarra ungmenna, ekki síst meðal karla. Markmiðið með þessu verkefni er að greina stöðu kynmenningar við val á námsgrein í háskólum og tækifæri og hindranir í háskólanámi á Íslandi með hliðsjón af uppruna og kyni. Frumathugun á gögnum frá Hagstofu Íslands hefur verið gerð. Verkefnið er styrkt af Framkvæmdasjóði jafnréttismála og Þróunarsjóði innflytjendamála. Á fyrsta áratug aldarinnar óx háskólakerfið á Íslandi hratt og nemendafjöldinn tvöfaldaðist á milli árunna 2000 og 2010. Frá árinu 2011 hefur hins skipt um og hefur nemendum fækkað á milli ára síðustu árin. Árið 2015 voru háskólanemar hér á landi tæplega 19.400 talsins, konur voru rúmlega 12 þúsund eða um 63% og karlar 37%. Konur eru fjölmennari í flestum greinum háskólanáms, en þó má sjá að námsval nemenda er kynbundið, þar sem konur sækja meira í umönnunargreinar en karlar meira í tækni- og raungreinar. Konum hefur fjölgað í greinum eins og læknisfræði og líffræði en minna í tölvunarfræði, þar sem þær voru 21% árið 1997 og árið 2014. Við samanburð á fjölda nýnema í háskólum frá árinu 1997 til ársins 2010 kemur í ljós að bæði þeim sem hafa íslenskt og erlent ríkisfang hefur fjölgað á tímabilinu en fjölgunin er mun reglulegri hjá þeim sem eru með erlent ríkisfang. Einnig kemur fram að konum hefur fjölgað mun meira í þessum hópum en körlum.

Nutritional profile and physical fitness in 14-17 year old students

Pablo Galan Lopez, doktorsnemi, MVS, HÍ, og Þórdís Lilja Gísladóttir, lektor, MVS, HÍ

Physical fitness in the adolescent population is of vital importance for health. Moreover, physical fitness values are related to participants' nutritional behaviours. Poor nutrition may lower physical and physiological immunity, raise vulnerability to disease and alter physical and mental development. Overweight and obesity among adolescents is an increasing health problem in the world. The aim of this study was to examine adolescent physical fitness and nutritional behaviors. The sample consisted of 194 boy's age 14–17 years. The sample was divided into four subsamples by age: subsample 1 (14 years old, n=37), subsample 2 (15 years old, n=47), subsample 3 (16 years old, n=72) and subsample 4 (17 years old, n=38). To measure participant's fitness the standardized Alpha-Fitness Test battery was administered and dietary habits were collected from a self-reported questionnaire. The study showed that variables related to good physical health changed with increasing age. Changes in food intake patterns were also observed.

Framhaldsskólaval á Íslandi

Berglind Rós Magnúsdóttir, dósent, MVS, HÍ

Á síðustu árum hafa norræn menntakerfi þróast hratt í átt að nýfrjálshyggju þar sem litið er svo á að einstaklingur beri alfarið ábyrgð á möguleikum sínum og árangri á menntavettvangi. Á opnum menntamarkaði verður skólinn gjarnan eins og hvert annað vörumerki sem gefur nemandanum ákveðna ímynd og er/verður liður í menningarlegri aðgreiningu milli hópa. Markmið rannsóknarinnar er að skoða áhrif þessara menntastrauma sl. 20 ár. Rýnt er í val nemenda á bóknámsbrautum í framhaldsskóla og hvernig námslegir og félagslegir þættir móta það eða þvinga. Gagnasöfnun er úr ýmsum áttum, m.a. úr menntamálaráðuneyti, fjölmiðlum og viðtölum við embættismenn, skólafólk og nemendur. Nemendaviðtöl eru stærsti þátturinn í gagnaöfluninni. Rannsóknin er hönnuð út frá hugtakalíkani Bourdieu og rannsóknum innan félagsfræði skólavals. Spurt er a) hvernig aukin samkeppni meðal framhalds- og háskóla á höfuðborgarsvæðinu hefur mótað sjálfsmyndir, aðgreiningu og stigveldi milli nemendahópa og skólastofnana, b) hvernig menningarlegir, félagslegir og námslegir þættir móta eða þvinga val og framtíðaráætlanir og c) Hvernig sjálfsmyndir nemenda og hugmyndir þeirra um aðra unglunga mótast í gegnum veru í tilteknum skóla. Vinsældir framhaldsskóla má lesa í gegnum höfnunarhlutfall við inntöku og þeir skólar sem mælast meðal þeirra sem hafa lægst/hæst höfnunarhlutfall eru valdir til þátttöku. Tekin eru eigindleg hálf-opin viðtöl við skólafólk og nemendur úr hverjum þátttökuskóla.

Inclusive family, school, and community practices in Icelandic comprehensive schools – mixed classes and pedagogical solutions in diverse environments

Elizabeth B. Lay, doktorsnemi, MVS, HÍ, og Berglind Rós Magnúsdóttir, dósent, MVS, HÍ

This qualitative study analyzes the classroom-level application of inclusive education, using an ethnographic approach in schools in Reykjavík, Iceland. European cities, including Reykjavík, are experiencing pressure towards differentiation and educational choice, creating challenges of increasing exclusion in schools, and affecting their urban context. Current data analysis of conditions in the capital city area demonstrates divisions of student populations and a growing school-based segregation by social and ethnic backgrounds. This study aims to unpack the traditional concept of inclusive education with regard to the increasing diversity of the student population, and understand how socially, ethnically, and educationally mixed pupils interact in a diverse learning environment. Bourdieu's theories of social and cultural reproduction serve as a theoretical framework to intersect social, ethnic, gendered, and educational segregation. Data is collected over the course of one

school year, including observations of first and seventh grade classrooms in Reykjavík, online surveys for parents, and interviews with pupils, parents, teachers and school administrators. This study is part of the Nordforsk three-year comparative project, *Mixed classes and Pedagogical Solutions (MAPS)*. Results from the three participating countries, Iceland, Finland, and the Netherlands, will culminate in a unified analysis of inclusive education with an intersectional perspective.

„Að þreifa sig áfram í myrkrinu“: Ríkjandi stefnur og straumar um ungt flóttafólk í íslensku grunn- og framhaldsskólakerfi

Eva Harðardóttir, doktorsnemi, MVS, HÍ, og Berglind Rós Magnúsdóttir, dósent, MVS, HÍ

Þrátt fyrir að Ísland taki ekki á móti flóttafólki í jafn ríkum mæli og aðrar Evrópuþjóðir fer ungu flóttafólki hérlandis engu að síður fjölgandi í kjölfar stríðsátaka og ofsókna. Rannsóknir er varða nemendur af erlendum uppruna eða félagslegt réttlæti í anda skóla án aðgreiningar hérlandis hafa þó ekki beinst sérstaklega að stöðu ungs flóttafólks hingað til. Markmiðið með þessari rannsókn er að kanna hvers konar menntastefna er við lýði um ungt flóttafólk á Íslandi og hvernig hún markast af ríkjandi orðræðum nýfrjálshyggju og jafnréttis annars vegar og viðteknum hugmyndum um fjölmenningu og borgaravitund hins vegar. Í anda gagnrýnna menntastefnufræða greindum við opinber stefnuskiöl er snúa að aðlögun og þjónustu við flóttafólk samhliða orðræðu úr fimm rýnihópaviðtölum við fjórtán grunn- og framhaldsskólakennara. Niðurstöður benda til að þess að lögð sé áhersla á jöfn tækifæri og aðgengi flóttafólks að námi en minna fari fyrir orðræðu um sértækar aðgerðir og tryggingu námsgæða. Þá má einnig greina ríkjandi orðræðu um val og ábyrgð einstaklinga með áherslu á íslenskufærni umfram heildræna og samfélagslega nálgun. Flestir kennaranna töldu sig vinna undir miklu álagi þar sem þeir “þreifa sig áfram í myrkrinu” með litla eða enga stefnumótun sér til stuðnings sem gerir þeim erfitt fyrir að taka siðferðislega faglegar ákvarðanir í nýjum og krefjandi starfsaðstæðum.

Kynlífsvæðing barna

Annadís G. Rúdólfsdóttir, lektor, MVS, HÍ, Þórdís Þórðardóttir, dósent, MVS, HÍ, Brynja E. Halldórsdóttir, lektor, MVS, HÍ, Jón Ingvar Kjaran, lektor, MVS, HÍ, Kristín Karlsdóttir, lektor, MVS, HÍ, Þórður Kristinsson, framhaldsskólakennari, Kvennaskólanum í Reykjavík, og Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, verkefnisstýra Jafnréttismála, Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar

Veggspjaldið kynnir verkefni sem fékk styrk frá Jafnréttissjóð Íslands í vor. Markmið þessa verkefnis er tvíþætt. Annars vegar felst það í rannsókn á kynjaðri menningu í leik-, grunn- og gagnfræðaskólum

(5-9 ára og 12-15 ára) og á netinu (12-15 ára). Þar verða skoðuð þau tækifæri og takmarkanir sem börnum og unglingum eru sett við að birta og móta kyngevri sitt. Hins vegar að hanna gagnvirka heimasíðu fyrir börn og kennara, sem veitir uppbyggilega leiðsögn til að takast á við málefni sem börnin sjálf telja brýn og snerta kynjuð samskipti og kynjaðan reynsluheim þeirra. Rannsóknin gengur út frá þeim forsendum að börn séu virk í að skilgreina og skapa kyngevri sitt. Jafnframt er gert ráð fyrir því að kyngevri taki mið af þroska barna og félagslegri stöðu þeirra. Rannsóknin hefst haustið 2018.